

Fjárlaganefnd Alþingis
B.t. nefndarmanna fjárlaganefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Umsögn InDefence hópsins vegna frumvarps til laga um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.

Þskj. nr. 546, 388. mál

INDEFENCE

Reykjavík, 10. janúar 2011

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Forsaga	4
1.1 Engin lögmæt greiðsluskylda	4
1.2 Brussel viðmiðin og pólitísk lausn	5
1.3 Árangur af baráttu þjóðarinnar - kostnaðarmunur eldri og yngri samninga	5
1.4 Vinnubrögð stjórnvalda stórlega ámælisverð	6
1.5 Óháðrar og ítarlegrar rannsóknar er þörf	8
2. Jákvæðar breytingar frá eldri samningum	8
2.1 Vextir mun lægri en í fyrri samningum	8
2.2 Hámark á endurgreiðslur	9
2.3 Meðferð ágreiningsmála í eðlilegri farveg	9
2.4 Vanefndaúrræði nokkuð bætt og friðhelgisréttindi staðfest	9
2.5 Vextir á endurgreiðslutímabili betri en áður	9
3. Fjárhagslegir áhættuþættir	10
3.1 Grunnforsendur	10
3.1.1 Frávíksdæmi til samræmis við greinargerð með frumvarpinu	11
3.2 Áhættuþættir	11
3.2.1 Gjaldmiðlaáhætta	12
3.2.2 Virði eigna Lí	15
3.2.3 Hraði innborgana á höfuðstól Icesave kröfunnar	16
4. Athugasemdir vegna greinargerðar með frumvarpi	19
4.1 Gengissveiflur	19
4.2 Starfshópur fjárlaganefndar til að meta áhrif af dómsmáli EFTA dómsstólsins.	19
4.3 Áhrif dómstólaleiðar	20
5. Innstæðutryggingakerfið	21
5.1 Íslenski innstæðutryggingasjóðurinn (TIF) á engan hátt frábrugðinn öðrum sjóðum í Evrópu	21
6. Umræða um jafnstöðurétt samningsaðila (Pari Passu)	22
6.1 Pari Passu samningar í andstöðu við gildandi lög og Evróputilskipun	22

6.2 Fjárhagsleg áhrif jafnstöðuákvæðis (Pari Passu) í samanburði við „Ragnar Hall ákvæðið“	23
6.2.1 Eftirstöðvar höfuðstóls.....	24
6.2.2 Gengisáhætta í ISK	24
6.2.3 Fjárhagsleg áhrif jafnstöðusamnings (Pari Passu)	25
6.2.4 Áhrif jafnstöðusamnings á útistandandi áhættu og vaxtagreiðslur	26
6.3 Fall Capinordic bankans og samanburður við Icesave málið	27
7. Niðurstöður.....	28
Viðauki I: Innstæðutryggingakerfi í löndum ESB o.fl.	31
Viðauki II: Áhrif Pari-Passu í samanburði við Ragnar Hall ákvæðið – nánari skýringar	40
Viðauki III: Möguleg áhrif dómsmáls fyrir EFTA dómstólnum	46
Viðauki IV: Icesave og erlend fjárfesting.....	51
Viðauki V: Greinar sem birtust í blöðum sumarið 2009 um forgangsrétt í eignir Lí við gjaldþrotameðferð hans.	53

Inngangur

Með bréfi, dags. 20. desember 2010, óskaði fjárlaganefnd Alþingis eftir umsögn InDefence hópsins. Hér á eftir fer umsögn hópsins um frumvarpið en meginumfjöllunin snýr að nýjum Icesave samningum enda felst í frumvarpinu beiðni um að löggjafarvaldið veiti fjármálaráðherra heimild til að staðfesta samningana. Eftir því sem InDefence hópurinn kemst næst fela “Icesave samningarnir” í núverandi mynd í raun í sér eftirfarandi samninga:

1. Útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamning milli Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og Íslands og umboðsmanna breska fjármálaráðuneytisins.
2. Útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamning milli Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og Íslands og umboðsmanna hollenska ríkisins.
3. Jafnstöðusamning (Pari Passu Agreement) milli sömu aðila og í nr. 2.
4. Amended Settlement Agreement milli sömu aðila og í nr. 1 frá október 2009, með áorðnum breytingum skv. Settlement Agreement Side Letter frá desember 2010.
5. Framsalssamning (Assignment Agreement) milli sömu aðila og í nr. 2.

Verður í umsögn þessari vísað til ofangreindra löggerna eftir því sem röksemdafærslan kallar á hverju sinni.

1. Forsaga

1.1 Engin lögmæt greiðsluskylda

Frá upphafi Icesave deilunnar hefur það verið bæði staðföst og rökstudd skoðun InDefence hópsins að engin lögmæt greiðsluskylda hvíli að baki þeirri kröfu breskra og hollenskra stjórnvalda að íslenskir skattgreiðendur gangist í ábyrgð fyrir þær skuldbindingar sem einkafyrirtækið Landsbanki Íslands hf. stofnaði til með „Icesave“ innlánsreikningum. Þessi skoðun er studd veigamiklum rökum bæði innlendra og erlendra lögfræðinga sem farið hafa yfir málið.

Íslendingar hafa ekki viðurkennt lagalega skyldu til að veita ríkisábyrgð á lágmarkstryggingu vegna Icesave reikninga Landsbanka Íslands. Hvergi kemur fram í umþrætttri innstæðutílskipun Evrópusambandsins 94/19/EB að gert sé ráð fyrir því að ríkisábyrgð gildi um lágmarkstryggingar. Þetta hefur m.a. Michel Barnier fulltrúi í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ítrekað staðfest. Þá er einnig ljóst að tílskipun ESB um innstæðutryggingar var aldrei ætlað að gilda um kerfishrun eins og varð á Íslandi í október 2008. Þennan skilning hafa m.a. innlendir og erlendir lögfræðingar staðfest, þingmenn á Evrópuþinginu sem tóku þátt í að semja tílskipunina hafa tekið undir þennan skilning¹, auk þess sem finna má beinar fullyrðingar um þetta í skýrslu bankanefndar fyrir franska seðlabankann um innstæðutryggingakerfi ESB frá árinu 2000 en

¹ M.a. Alain Lipietz, Silfur Egils 10 janúar 2010.

skýrsla þessi var unnin af nefnd undir forsæti Jean-Claude Trichet, núverandi seðlabankastjóra evrópska seðlabankans.

1.2 Brussel viðmiðin og pólitísk lausn

Þrátt fyrir þetta, og undir miklum þrýstingi frá Bretlandi, Hollandi og öðrum ríkjum Evrópusambandsins ákváðu íslensk stjórnvöld að gefa pólitíska yfirlýsingu um að Ísland myndi taka á sig að greiða lágmarkstryggingu vegna Icesave reikninganna, 20.887 evrur á hvern innstæðueiganda. Þessi yfirlýsing var gefin 14. nóvember 2008 á fundi í Brussel, þar sem hin svokölluðu Brussel viðmið voru samþykkt og undirrituð af öllum aðilum samkomulagsins, Íslandi Bretlandi, Hollandi og fulltrúum Evrópusambandsins. Brussel viðmiðin eru grundvöllur pólitískrar lausnar Icesave málsins og fela m.a. í sér að fullt tillit skuli tekið til hinna fordæmislausu aðstæðna Íslands og að tryggt sé að Íslendingar geti endurreist fjármála og efnahagskerfi sitt. Þá fela Brussel viðmiðin það í sér að Evrópusambandið skuli vera aðili að lausn málsins. Sambandið hefur hins vegar aldrei komið að borðinu í öllu samningsferlinu.

1.3 Árangur af baráttu þjóðarinnar - kostnaðarmunur eldri og yngri samninga

Barátta íslensku þjóðarinnar gegn fyrri Icesave samningum hefur skilað ótvíræðum árangri. Í frumvarpi því sem fjármálaráðherra hefur lagt fram og er nú til umfjöllunar fyrir fjárlaganefnd kemur fram á bls. 12, að miðað við þær forsendur sem reiknað er út frá í frumvarpinu sé munur á fyrri og síðari samningum um 162 milljarðar króna og að áætlaður kostnaður ríkissjóðs hafi minnkað um 71%. Forsendur sem hér virðast lagðar til grundvallar eru miðaðar við frumvarp fjármálaráðherra eins og það liggur fyrir nú. Með góðum rökum má álykta að kostnaður ríkissjóðs sé mun minni og með réttu má segja að kostnaðarmunur milli fyrri samnings og hins síðari geti legið einhvers staðar á bilinu 162-450 milljarðar króna. Til samanburðar má nefna að endanlegur byggingakostnaður Kárahnjúkavirkjunar í heild var um 118 milljarðar króna. Við skulum hafa það í huga að íslenska þjóðin hefur nú þegar þurft að bera talsverðan kostnað af málinu öllu, m.a. vegna beitingar Breta á hryðjuverkalögum gegn Íslandi sem olli íslenska ríkinu, íslenskum heimilum, fyrirtækjum og öðrum íslenskum hagsmunum stórskaða.

Af framangreindu er það sláandi að íslensk stjórnvöld reyndu eftir fremsta megni að festa í sessi mörg hundruð milljarða skuld á almenna skattborgara landsins. Atburðarás þessa máls kallar á þá réttmætu spurningu: “Af hverju voru þjóðarhagsmunir ekki settir í forgrunn í þessari deilu?”

Árangurinn og ástæður þess að við stöndum nú þar sem við stöndum er þjóðinni að þakka. Í fyrsta skipti í lýðveldissögunni fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Þar hafnaði íslenska þjóðin vinnubrögðum framkvæmdavaldsins í Icesave málinu með afgerandi hætti. Það er fyrst og fremst samstöðu þjóðarinnar, þjóðaratkvæðagreiðslunni og þrotlausri vinnu grasrótahópa að þakka að aðstæður sköpuðust til að ná hagstæðari niðurstöðu í málinu en áður þekktist.

1.4 Vinnubrögð stjórnvalda stórlega ámælisverð

Án þess að í umsögn þessari eigi að dvelja of lengi við fortíðina telur InDefence hópurinn mjög mikilvægt á þessum tímapunkti í málinu að haldið sé til haga nokkrum mikilvægum atriðum. Lee Buchheit, aðalsamningamaður Íslands hefur sagt opinberlega að mjög erfitt hafi verið að semja við Breta og Hollendinga upp á nýtt vegna þess að samninganefndir þeirra mættu einfaldlega í viðræðurnar með gömlu Icesave samningana og stóðu svo fast á hverju einasta atriði þeirra. Hvert smáatriði gömlu samninganna þurfti að semja niður sérstaklega með mikilli fyrirhöfn. Að mati InDefence hópsins er megin ástæða þeirra galla sem enn eru á Icesave 3 samningnum, megin ástæða þess að ekki liggur fyrir annars konar og betri lausn á þessu erfiða máli og megin ástæða þess að lausn Icesave málsins hefur tafist í tvö ár sú að sá farvegur sem málinu var markaður með undirritun Icesave 1, þrátt fyrir skýr lagaleg rök og sterkan málsstað Íslendinga, gerði það að verkum að ómældur tími og vinna hefur farið í að leiðrétta þau samningsmistök að því marki sem mögulegt hefur verið. Stjórnvöld, ríkisstjórnir Íslands frá október 2008, hafa ítrekað gert sig sek um allt frá gáleysi til vanrækslu í hagsmunagæslu íslensku þjóðarinnar í þessu máli. Verða hér stuttlega rakin nokkur atriði til stuðnings þessu mati InDefence-hópsins.

1.4.1 Megin ástæða tafa á Icesave málinu

Staðan sem Ísland er í nú í Icesave málinu er til komin vegna þess að illa var unnið í málinu frá upphafi. Gallar Icesave 3 samningsins sem nú er á borðinu eru þar vegna þess að illa var haldið á hagsmunum Íslands frá upphafi.

1.4.2 Greiningarvinnu ábótavant

Greiningarvinnu Seðlabankans varðandi greiðslugetu Íslands hefur verið mjög ábótavant. M.a. lá engin greiðsluáætlun til 15 ára fyrir þegar samninganefnd Íslands og fjármálaráðherra undirrituðu Icesave 1 í júní 2009. InDefence hópurinn kallaði eftir slíkri greiðsluáætlun 10 dögum eftir að samningurinn var gerður, en hún hefur aldrei verið birt. Greiningar Seðlabankans sem birtar hafa verið í þessu samhengi hafa að því er virðist mun fremur tekið mið af og verið látnar falla að samningum um Icesave eftir á frekar en á hinn veginn. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði m.a. alvarlegar athugasemdir við forsendur greiningar Seðlabankans vegna Icesave samninganna. Við árslok 2009 kom svo berlega í ljós að spáin var ekki í takti við raunveruleikann enda komu þá fram hagtölur sem voru talsvert aðrar en forsendur spár Seðlabankans byggðu á.

1.4.3 Ekki sýnt fram á lögbundna greiðsluskyldu í upphafi

Íslensk stjórnvöld lögðu af stað í samningagerð um kröfu Breta og Hollendinga án þess að fyrst væri skýrt sýnt fram á lögbundna greiðsluskyldu að baki kröfunni. Hér skal bent á að nægur tími var til stefnu þar sem frestur TIF til að greiða út til innstæðueigenda rann ekki út fyrr en í október 2009, sbr. heimildarákvæði laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

1.4.4 Lagarök Íslands hafa ekki verið sett fram

Hvergi í þessari deilu hafa lagarök Íslands í Icesave málinu verið lögð fram fyrir dómi eða verið birt af Íslenskum stjórnvöldum á heildstæðan hátt. Þetta þykir InDefence hópnum

óskiljanlegt. Barátta smáþjóðar gegn stórþjóðum hlýtur að byggjast fyrst og fremst á lagalegum rökum.

1.4.5 Of mikill flýti og fljótfærni hefur einkennt allt Icesave málið

Öll saga Icesave málsins hefur einkennst af of miklum asa og flýti. Málið hefur verið keyrt áfram af stjórnvöldum á hraða sem bæði hefur verið ónauðsynlegur og beinlínis skaðlegur fyrir hagsmuni Íslands. Alþingi hefur ekki fengið nægilegan tíma til að fjalla um málið, samningum hefur verið lokið í flýti án þess að afleiðingar þeirra hafi verið nægilega vel metnar og skautað hefur verið yfir mikilvæga þætti samninganna í kynningum að því er virðist til að flýta fyrir meðferð málsins á Alþingi. Eru þá ótaldar hótanir og þvinganir gagnvart einstökum Alþingismönnum og ráðherrum í nafni samstöðu og flýtimeðferðar.

1.4.6 Aldrei látið reyna á lögmæti aðgerða breska ríkisins fyrir dómstólum

InDefence hópurinn beitti sér sérstaklega fyrir því, í samvinnu við Alþingi, að látið væri reyna á réttmæti beitingar breska ríkisins á hryðjuverkalögum gegn íslenskum hagsmunum. Frestur til að höfða mál vegna þessarar stjórnvaldsaðgerðar breska ríkisins rann út ónýttur í janúar 2009 þar sem íslensk stjórnvöld túlkuðu erlend lögfræðialit á þann hátt að óvíst væri hvort slíkt mál ynnist. Þessi lögfræðialit hafa aldrei verið birt, sem er sérstaklega athyglivert í ljósi þess að beinar heimildir InDefence hópsins innan viðkomandi lögfræðistofu benda ótvírætt til þess að í álitinu hefði verið komist að öndverðri niðurstöðu. InDefence hópurinn telur það sérstaklega ámælisvert að ekki hafi verið látið reyna á lögmæti hryðjuverkalaganna óháð mati stjórnvalda á væntri niðurstöðu. Slíkt dómsmál hefði bæði vakið athygli alþjóðasamfélagsins á málstað Íslands og fordæmalausum aðgerðum Breta gegn öðru aðildarríki NATO. Með ákvörðun sinni brugðust stjórnvöld þeirri grunnskyldu að verja lagalega hagsmuni Íslands á allan þann máta sem mögulegur var.

1.4.7 Kynningu á málstað Íslands var kastað fyrir róða

Íslensk stjórnvöld hafa á þessu sviði sýnt af sér áhugaleysi og vanrækslu allt frá bankahruni. Engri aðgerðaáætlun í kynningarmálum hefur verið fylgt, tillögum að slíkri áætlun frá sérfræðingum á sviði almannatengsla hefur ítrekað verið hafnað eða ekki svarað af stjórnvöldum, sú litla framsetning á gögnum og málsástæðum sem þó hefur komið frá stjórnvöldum hefur verið sundurlaus og vanmátta, engin heildræn yfirstjórn hefur verið á kynningu á málstað Íslands í Icesave málinu, blaðamannafundir ríkisstjórnarinnar hafa á tíðum verið vanhugsaðir og upplýsingar sem þar hafa verið gefnar jafnvel til þess fallnar að skaða íslenska hagsmuni. Svona mætti því miður lengi telja áfram. Í stuttu máli hefur kynning stjórnvalda á málstað Íslands þessi tvö ár sem liðin eru verið í algerum molum.

1.4.8 Upplýsingaleynd og hagræðing sannleikans

Þann 3. júní 2009 fullyrti fjálmálaráðherra í ræðu á Alþingi að samningaviðræður um Icesave væru enn skammt á veg komnar, aðeins væru í gangi “óformlegar þreifingar” milli aðila. Tveim dögum síðar eða þann 5. júní var skrifað undir fyrsta Icesave samninginn. Í kjölfarið var samningunum sjálfum leynt fyrir þingi og þjóð á sama tíma og

lög sem heimiluðu ábyrgðatöku ríkissjóðs voru lögð fram á þinginu. Samningarnir sjálfir voru ekki birtir fyrr en þeim hafði verið lekið til InDefence hópsins og fjölmiðla. Jafnvel nú, í þriðju lotu þessa máls, fylgir hluti samninganna ekki þýddur með frumvarpinu þ.e. Pari Passu Agreement, Assignment Agreement, Settlement Agreement og Settlement Agreement Side Letter.

1.4.9 Icesave 1 samþykktur óséður af ríkisstjórn

Það er fáheyrt í lýðræðisríkjum að lánaskuldbindingar með ríkisábyrgð sem nema hálfri þjóðarframleiðslu séu samþykktar af ríkisstjórn án þess að viðkomandi ríkisstjórn hafi séð lánasamningana eða fengið tækifæri til að meta efni þeirra og afleiðingar. Þetta gerði ríkisstjórn Íslands samt sem áður í byrjun júní 2009. Í kjölfarið ætlaðist ríkisstjórn Íslands til þess að Alþingismenn gerðu slíkt hið sama.

1.5 Óháðrar og ítarlegrar rannsóknar er þörf

Með hliðsjón af framangreindri umfjöllun spyr InDefence hópurinn hvort enginn beri ábyrgð á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið í Icesave málinu? Er því virkilega svo fyrir komið að stjórnvöld í lýðræðisríki geti leynt upplýsingum, sett fram tölur með afar frjálsegum hætti sem standast ekki skoðun, samþykkt gífurbyrðar á skattborgara óséðar, vanrækt að kynna og reka málstað lands og þjóðar erlendis, stungið mikilvægum lagarökum undir stól og lagt fremur áherslu á flýti en fagleg vinnubrögð í einu mikilvægasta máli lýðveldissögunnar án þess að nokkur maður innan stjórnkerfisins beri á því pólitíska eða faglega ábyrgð? Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis gekkst enginn við ábyrgð og hver vísaði á annan. Hið sama virðist gilda um Icesave málið.

Af framangreindu er það ályktun InDefence hópsins að það sé fullt tilefni til að láta fara fram óháða og ítarlega rannsókn á tilurð Icesave málsins og vinnubrögðum stjórnvalda í málinu. Það er réttur Íslendinga, sem taka á sig miklar ábyrgðir og bera áhættuna af verðmæti þeirra eigna sem á móti koma ef umrædd frumvarp verður að lögum, að fá fulla vitneskju um það sem er sannleikanum samkvæmt í Icesave málinu.

2. Jákvæðar breytingar frá eldri samningum

Í drögum að nýjum Icesave samningi hafa átt sér stað ýmsar jákvæðar breytingar frá þeim samningi sem meirihluti Alþingis staðfesti með lögum nr. 1/2010, um breytingu á lögum nr. 96/2009. Meðal þeirra jákvæðu breytinga sem InDefence hópurinn vill nefna sérstaklega eru:

2.1 Vextir mun lægri en í fyrri samningum

Það er vitaskuld mikilvægasta breytingin á samningunum frá þeim fyrri að vextir á tímabilinu 1. október 2009 til 30. júní 2016 verða mun lægri, enda hafa samninganefndir Bretlands og Hollands loksins sýnt því skilning að á þessari milliríkjadeilu á enginn að græða. InDefence hópurinn gerði þetta að meginatriði í allri fjölmiðlakynningu sinni á erlendri grundu og á fundum með erlendum stjórnámálamönnum, diplómötum, fjárlaganefnd hollenska þingsins og

við hver önnur tilefni sem gáfust. Með þeirri staðfestu sem þjóðin sýndi með því hafna fyrri Icesave samningum í þjóðaratkvæðagreiðslu ávannst loks nauðsynleg virðing til að á málstað Íslendinga var hlustað að þessu leyti. Er það vel. Í þessu samhengi vill InDefence hópurinn hins vegar benda á að 9 mánaða vaxtahléi á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2009 er ekki hægt að lýsa sem sérstökum ávinningi úr sjálfum samningaviðræðunum nú. Staðreyndin er sú að samkvæmt 9. gr. laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, var íslenskum stjórnvöldum heimilt að fresta greiðsluskyldu tryggingasjóðs innstæðueigenda eftir fall Landsbankans um allt að níu mánuði þar sem nær allt fjármálakerfi landsins hrundi í október 2008. Þessum lagaheimildum beittu íslensk stjórnvöld og leiðir af lögum að greiðsluskyldan stofnaðist þar með ekki fyrr en 1. október 2009. Af því leiðir að engir vextir ættu undir neinum kringumstæðum að falla á Ísland fyrir þann tíma og allt tal um „umsamið vaxtahlé“ fram að þeim tíma er því á villigötum.

2.2 Hámark á endurgreiðslur

Inn í núverandi samninga hefur verið sett hámark á endurgreiðslur íslenska ríkisins á endurgreiðslutímabili samningsins. Með því að tengja þetta hámark við samtals 5% af tekjum ríkissjóðs m.v. árið áður eða 1,3% af vergri landsframleiðslu eftir því hvor talan er hærri er tryggður ákveðinn öryggisventill gagnvart íslenskum skattgreiðendum og því að endurgreiðslubyrðin reynist ríkissjóði Íslands ofviða.

2.3 Meðferð ágreiningsmála í eðlilegri farveg

Þá er Icesave samningurinn ekki lengur skuldabréf með skilmálum eins og fyrri samningar heldur eiga samningarnir nú meira skylt við milliríkjasamninga. Dómslögsaga samninganna er ekki lengur í ríki gangaðila í málinu heldur verður unnt að leggja úrlausn ágreinings fyrir hlutlausan aðila, þar sem fyrirbyggjandi drög kveða á um að leggja beri úrlausn ágreiningsmála í gerð Alþjóðdagerðardómstólsins í Haag. Með þessu öðlast fullveldisréttur þjóðarinnar fulla viðurkenningu sem ekki var tilfellið í eldri samningi eins og InDefence hópurinn gagnrýndi harðlega árið 2009.

2.4 Vanefndaúrræði nokkuð bætt og friðhelgisréttindi staðfest

Þá hafa vanefndaúrræði samningsins verið bætt til hins betra eins og rakið er ágætlega á bls 18 og 19 í frumvarpinu. Meðal atriða sem hér mætti nefna er að íslenska ríkið má nú vanefna greiðslur vegna annarra samninga að fjárhæð allt að 50 milljónir punda í stað 10 milljóna punda áður svo gjaldfellingarheimild samninganna verði virk. Í núverandi samningum er frestur vegna vanefnda 20 virkir dagar í stað 5 áður. Ekki er heimilt að grípa til vanefndaúrræða ef bætt hefur verið úr vanefnd. Þá eru ákvæði í samningunum um friðhelgisréttindi eins og tiltekið var í lögum 96/2009 sem Alþingi samþykkti í ágúst 2009.

2.5 Vextir á endurgreiðslutímabili betri en áður

Líkt og í fyrri samningum munu CIRR vextir gilda á endurgreiðslutímabili samninganna. Í núverandi drögum virðist hinni faglegu samninganefnd hafa tekist að fá föstu vaxtaálagi ofan á CIRR vexti hnekkt en þetta vaxtaálag skv. gömlu samningunum var 125 punktar út endurgreiðslutímabilið sem gat reyndar varað ótímabundið með stöðugum framlengingum en getur nú að hámarki staðið til 2046.

3. Fjárhagslegir áhættuþættir

Þrátt fyrir að framangreind atriði séu til bóta í drögum að nýjum Icesave samningum er það mat InDefence hópsins að stærsti galli núverandi samninga liggja í þeirri áhættu og þeim áhættuþáttum sem felast í samningunum. Áhættan hvílir nær eingöngu á íslenska ríkinu og áhættuþættirnir er nær óbreyttir frá eldri samningum. Til glöggvunar fer hér á eftir stutt umfjöllun um helstu áhættuþætti núverandi Icesave samninga. Áhætta og þær byrðar sem fylgdu Icesave 1 voru ítarlega raktar í umsögn InDefence hópsins til Fjárlaganefndar Alþingis, dags. 10. júlí 2009. Sérstaklega er vert að hafa í huga að þá áhættu sem felst í núverandi Icesave samningi má rekja nánast alla beint til Icesave 1 samningsins frá 5. júní 2009. Hins vegar er fjárhagsleg áhætta vegna núverandi samningsdraga minni sökum þess að vextir eru lægri.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir gjaldmiðlaáhættu, áhættu vegna eignasafns Lí og tímasetningu endurgreiðslna. Einnig er áhættan greind þannig að betur sé hægt að átta sig á eðli skuldbindingarinnar. Í lok kaflans er að finna töflur en í kaflanum sjálfum er farið yfir grunddæmi og fráviksdæmi þar sem gengi krónu veikist.

Í aðferðafræði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um áfallsgreiningu vegna sjálfbærni skuldastöðu þjóðarbúsins miðast fráviksdæmi um gengisþróun krónunnar við 30% veikingu nú þegar. Á undanförunum tveimur árum hefur gengi krónunnar sveiflast umtalsvert. Í fyrsta lagi veiktist krónan um ca. 30%. Þá tók við styrkingarfasi þar sem krónan styrktist um ca. 20%. Í fráviksdæmum hér á eftir er miðað við 20% veikingu krónunnar sem er alls ekki óraunhæft með hliðsjón af sögulegum sveiflum í gengi krónunnar og er töluvert minni en aðferðafræði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gerir ráð fyrir.

Lagt er til að Seðlabanka Íslands verði falið að athuga gerð skiptasamninga til að verja áhættu vegna innbyrðis hreyfinga erlendra gjaldmiðla.

3.1 Grunnforsendur

Í því augnamiði að meta áhættu af þeim samningsdrögum sem nú liggja fyrir hefur verið sett upp reiknilíkan. Grunnforsendur eru eftirfarandi:

- Í útreikningum er stuðst við gengi Seðlabanka Íslands m.v. 30.9.2010 enda eru nýjustu upplýsingar um fjárhag Lí byggðar á þessu gengi. Gert ráð fyrir óbreyttu gengi þar til skuldbindingin hefur verið gerð upp að fullu. Frekar en að spá fyrir um gengi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum, með líkönum sem byggja á flóknum forsendum, eru gerð fráviksdæmi sem meta áhættu af gengisbreytingum.
- Stuðst er við upplýsingar skilaneftar Lí um fjárhag þrotabúsins, sér í lagi varðandi tímasetningu endurheimta. Nýjustu upplýsingar eru frá 30.9.2010.
- Gert er ráð fyrir því að heildarlánsfjárhæðir standi óbreyttar miðað við samning þ.e. 1.329 milljónir evra og 2.350 milljón sterlingspund enda tekur Alþingi afstöðu til þess að ábyrgjast þessar fjárhæðir.

- Væntar vaxtagreiðslur vegna skuldabréfs milli NBI og LÍ eru taldar sérstaklega og þar með gert ráð fyrir því að þær fjárhæðir séu til viðbótar metnum endurheimtum skilaneftndar LÍ.
- TIF á 20 Ma króna sem fara upp í skuldbindinguna strax.
- Hlutfall endurgreiðslna úr þrotabúi LÍ sem rennur til Íslands er rúmlega 51% og er fast á grundvelli jafnstöðusamnings [Pari Passu] sem samningsaðilar sömdu sérstaklega um.
- Við endurstillingu vaxta árið 2016 er gert ráð fyrir sömu vöxtum og í upphafi, að meðaltali 3,20%. Miðað við vaxtaferla í dag má áætla að þetta sé vanmat á framtíðarvaxtakostnaði.
- Gert er ráð fyrir því að fyrsta greiðsla úr þrotabúi LÍ til kröfuhafa eigi sér stað 1. október 2011 og síðan greiði þrotabúið út allt reiðufé til kröfuhafa á þriggja mánaða fresti frá þeim degi eftir því sem fjárhagur þrotabúsins leyfir. Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að útgreiðslur hefjist 1. júlí 2011 en telja má að það sé bjartsýnt mat í ljósi þess að fyrir liggja mörg dómsmál sem varða réttshæð krafna. Þessi dómsmál þarf að útkljá áður en kemur til útgreiðslna.
- Upphæðir eru ekki núvirtar til að auðvelda samanburð við upplýsingar í greinargerðinni með frumvarpinu.

Miðað við ofangreindar grunnforsendur er metin skuldbinding ríkissjóðs 71 milljarður króna. Munurinn á þessari upphæð og þeirri upphæð sem fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu skýrist fyrst og fremst af því að hér er gert ráð fyrir óbreyttu gengi krónunnar en ekki styrkingu hennar auk þess sem gert er ráð fyrir að heildarskuldbinding standi óbreytt miðað við samningsdrögin.

Tafla 1 Skipting eignasafns LÍ og heildarskuldbindinga TIF eftir gjaldmiðlum

	ISK	USD	EUR	GBP	annað	Samtals
Skipting endurheimta úr LÍ, hlutur TIF	49	109	239	190	31	618
Heildarskuldbinding TIF (með vöxtum)	0	0	225	464	0	689
Mismunur þess sem TIF fær og greiðir	49	109	13	-274	31	-71

3.1.1 Frávíksdæmi til samræmis við greinargerð með frumvarpinu

Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildarskuldbinding TIF verði lægri en hún getur hæst orðið samkvæmt samningsdrögunum, sem nemur um 70 milljón sterlingspundum, vegna væntinga um að færri kröfur verði framseldar til TIF. Gangi það eftir verður heildarskuldbinding TIF og ríkissjóðs 55 milljarðar króna miðað við að aðrar forsendur séu óbreyttar frá grunndæmi. Fyrirliggjandi samningsdrög gera hins vegar ráð fyrir að ríkissjóður ábyrgist heildarskuldbindinguna og því felst áhættan í heildarskuldbindingunni.

3.2 Áhættuþættir

Hér á eftir verður farið yfir helstu áhættuþætti. Þeir eru gjaldmiðlaáhætta, virði eignasafns LÍ og tímasetning endurgreiðslna úr þrotabúi LÍ.


3.2.1 Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta skapast vegna misræmis í skiptingu eigna þrotabús Lí og skuldbindinga TIF eftir gjaldmiðlum auk þess sem krafa TIF á Lí er skráð í krónum. Tafla 1 sýnir hlutfallslega skiptingu eigna þrotabús Lí annars vegar og TIF hins vegar eftir gjaldmiðlum.

Hér verður áhættan flokkuð í tvennt eftir uppruna, annars vegar áhætta sem tengist íslenskum krónum og hins vegar áhætta sem tengist innbyrðis hreyfingum erlendra gjaldmiðla.

Áhætta tengd íslenskum krónum

Krafa TIF í þrotabú Lí hefur verið fest í krónum miðað við gengi Seðlabankans 22. apríl 2009 í samræmi við íslensk lög. Skuldbinding TIF og ríkissjóðs er hins vegar í evrum og sterlingspundum sbr. fyrirbyggjandi samningsdrög vegna Icesave. Þetta leiðir til gjaldmiðlaáhattu vegna gengis íslensku krónunnar. Hafa ber í huga að þó eignir Lí séu að mestu leyti erlendar er áhættan eftir sem áður til staðar. Áhættan er sérstaklega mikil ef krónan veikist umfram 17% frá gengi hennar 30. september 2010 (þ.e. ef gengi evru verður 181 eða herra) þar sem búast má við að TIF fái þá fullar endurheimtur í krónum talið á kröfu sína í þrotabú Lí en skuldbindingin gagnvart Bretum og Hollendingum hækkar.



Mynd 1: Skuldbinding ríkissjóðs og tvenns konar endurheimtuhlutföll sem föll af gengishliðrun

Á mynd 1 er sýnt hvernig skuldbinding ríkissjóðs breytist við það að gengi krónu hliðrist nú þegar. Þá má sjá þróun tveggja hlutfalla sem fall af gengishliðrun krónu. Annars vegar er það sk. lagalegt endurheimtuhlutfall en það er hve hátt hlutfall af forgangskröfum Lí verða greiddar út í krónum. Hins vegar er um að ræða sk. efnahagslegt endurheimtuhlutfall sem er hlutfall af skuldbindingu TIF sem fæst greitt með endurgreiðslum úr þrotabúi Lí. Veikist gengi krónu þannig að lagalegt endurheimtuhlutfall verði 100% þýðir það að skuldbinding hækkar og efnahagslegt endurheimtuhlutfall, þ.e. hve stór hluti af heildarskuldbindingunni vegna Icesave fæst greiddur með eignum Lí, lækkar.

Til að skýra þetta nánar út er sýnt einfalt dæmi.

Dæmi

Kröfuhafi átti 100 evra innstæðu í Icesave. Þeirri innstæðu er breytt í kröfu m.v. gengi 22. apríl 2009 og kröfuhafinn á kröfu í þrotabúið upp á kr. 16,923. Nokkru síðar hefjast endurgreiðslur úr þrotabúinu og hefur þá gengi evru gagnvart íslenskri krónu veikst um 20% frá núverandi gildi og er 183,80. Kröfuhafi fær þá alla kröfu sína greidda í krónum talið en einungis um 92 evrur. Endurheimtuhlutfallið er þannig 100% í krónum (lagalegar endurheimtur) talið en um 92% í evrum (efnahagslegar endurheimtur).


	Upphæð í evrum	Gengi evru	Upphæð í krónum
Krafa	100,00	169,23	16.923
Endurheimtur	92,07	183,80	16.923
Endurheimtuhlutfall	92,07%		100,00%

Gengi krónunnar verður að haldast stöðugt

Mynd 2 sýnir skuldbindingu ríkissjóðs miðað við 20% einskiptishliðrun til veikingar á gengi íslensku krónunnar samanborið við grunndæmi sem fall af því hvenær hliðrun á gengi á sér stað. Nánari upplýsingar má sjá í töflu 2. Þessi greining er mjög næm fyrir því hvenær endurgreiðslur hefjast. Bæði í grunndæminu og þessu fráviksdæmi er gert ráð fyrir því að endurgreiðslur hefjist 1. október 2011 og því lækkar heildarskuldbindingin og þar með skuldbinding ríkissjóðs hraðar eftir þann tíma. Það hefur í för með sér að gengisbreytingar hafa minni áhrif í krónum talið á skuldbindingu ríkissjóðs eftir að endurgreiðsluferlið hefst. Í þessu endurspeglast sú staðreynd að allar endurheimtur frá falli Lí hafa safnast upp og ekki verið greiddar út. Um er að ræða umtalsverða fjárhæð. Hér er því samspil á milli gjaldmiðlabreytinga og endurgreiðsluferils. Um endurgreiðsluferlið og áhættu tengda því er vikið í kafla 3.2.3.

Tafla 2 sýnir kostnað ríkissjóðs sem fall af gengisbreytingum (jákvæð tala er veiking en neikvæð styrking) og því hvenær gengið breytist

	2011 01	2011 07	2012 01	2012 07	2013 01	2013 07	2014 01	2014 07	2015 01
-20%	41	47	55	57	58	59	60	62	63
0%	71	71	71	71	71	71	71	71	71
20%	157	151	102	94	86	82	81	80	79
30%	233	224	148	136	122	113	106	97	85



Mynd 2: Skuldbinding ríkissjóðs m.v tímasetningu gengisveikingar.

Það skiptir sköpum að gengi krónunnar verði stöðugt þar til endurgreiðslur hefjast úr þrotabúi LÍ og þorri endurheimta hefur verið greiddur út til kröfuhafa. Sér í lagi leiðir þetta hugann að því hvort gjaldeyrishöft séu með samningi um lcesave fest í sessi næstu árin.

Erlendir gjaldeyriskrossar

Í töflu 1 hér að framan sést hvernig ójafnvægi er milli einstakra mynta hvað varðar skuldbindingu TIF annars vegar og endurheimtur úr þrotabúi LÍ hins vegar. Stærsta áhættan er tengd breytingum á gengi sterlingspunds. Mest er áhættan á móti gengi krónu, 49 milljarðar vegna eigna þrotabús LÍ og 71 milljarður vegna skuldbindingar sbr. grunddæmi, samtals 120 milljarðar. Þá áhættu er ekki unnt að verja sökum efnahagsástandsins á Íslandi. Því næst er áhætta gagnvart bandaríkjadal, 109 milljarðar króna og gagnvart öðrum erlendum myntum samtals 44 milljarðar króna. Það versta sem gæti gerst væri veiking krónu gagnvart helstu gjaldmiðlum samhliða styrkingu sterlingspunds gagnvart bandaríkjadal og evru.

Innbyrðis áhættu milli erlendra gjaldmiðla má verja með stýringu gjaldeyrisvaraforðans eða með gerð skiptasamninga við þriðja aðila. Fela ætti Seðlabankanum nánari útfærslu á þessu.

3.2.2 Virði eigna Lí

Á móti skuldbindingu ríkissjóðs og TIF vegna Icesave er eign, þ.e. krafa í þrotabú Landsbankans. Miklu máli skiptir hvers virði krafan er. Á bakvið kröfuna eru eignir Lí af margvíslegu tagi t.d. lánasöfn, hlutabréf, skuldabréf. Ekki er vitað hvaða eignir þetta eru nákvæmlega en vitað er um nokkrar stórar eignir.

NBI

Lí fjármagnar NBI með þrennum hætti. Í fyrsta lagi með því að leggja NBI til hlutafé, í öðru lagi með skuldabréfi í þremur erlendum myntum og í þriðja lagi með afleiðutengdu skuldabréfi (e. contingent claim). Skuldabréf NBI til Lí var stillt af m.v. 9. september 2008 þannig að höfuðstóllinn næmi sem samsvarar 260 Ma króna m.v. gengi Seðlabanka Íslands þann dag. Skiptist skuldabréfið eftir myntum þannig að það er 50% í evrum, 30% í bandaríkjadöllum og 20% í sterlingspundum. Miðað er við sk. LIBOR vexti eftir myntum út lánstímann sem er tíu ár. Fyrstu fimm árin skulu einungis greiddir vextir af höfuðstólnum og álag á grunnvexti er 175 punktar (1,75%). Næstu fimm árin eftir það skal höfuðstóllinn greiddur til baka og álag á grunnvexti er þá 290 punktar (2,90%)².

Virði þessara eigna er metið á nafnverði í efnahagsreikningi Lí. Setning laga nr. 67/2010 hefur það í för með sér að skuldabréf NBI til Lí hefur forgang umfram innstæður en innstæður njóta forgangs umfram almennar kröfur á grundvelli neyðarlaganna. Þetta er staðfest í umsögn TIF til fjárlaganefndar dags. 20. maí 2010³. Með hliðsjón af lögum nr. 67/2010 verður að teljast ljóst að Lí fái skuld NBI greidda að fullu. Hlutaféð getur hins vegar tapast að einhverju eða öllu leyti. Sér í lagi skal bent á að enn liggur ekki fyrir hvaða áhrif gengistryggingardómur Hæstaréttar hefur á NBI og þar með á virði hlutafjárins.

Ríkissjóður ber í raun alla fjárhagslega áhættu af NBI, fyrir utan hlutafjáreign Lí í NBI, með hliðsjón af því loforði sem gefið var að ríkissjóður myndi ábyrgjast innstæður og m.t.t. laga nr. 67/2010 um veðsetningu eigna. Hins vegar er ekki ljóst hvort hagsmunir ríkissjóðs fari saman við hagsmuni Lí í málefnum NBI auk þess sem skuldabréf NBI gagnvart Lí sem er í erlendum myntum leiðir til þess að gjaldeyris fer úr landi í stað þess að styðja íslenska hagkerfið.

Iceland Foods

Önnur stór eign Lí er Iceland verslanakeðjan í Bretlandi. Það skiptir mjög miklu máli að salan á hlutafénu í Iceland takist vel þannig að hún eigi sér stað fyrr en síðar og að ásættanlegt verð fái greitt. Fréttir hafa borist af því að Lí hafi borist tilboð í hlutinn en nánari upplýsingar vantar, sér í lagi hvernig greiðslur fari fram og hvenær, og hvort að raunverulegt virði hlutarins endurspeglar í bókfærðu virði.

² Sjá uppgjör NBI m.v. 30.9.2010, skýringu 15

http://www.landsbanki.is/Uploads/documents/ArsskyrslurOgUppgjor/arshlutareikningur_samstaedu_30092010.pdf

³ <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=517&dbnr=2499&nefnd=v>

Samantekt

Um helmingur allra eigna Lí rennur til TIF vegna greiðslu Icesave skuldbindingarinnar. Minnsta frávík frá verðmati hefur því bein áhrif á ríkissjóð. Ytri aðstæður s.s. efnahagsaðstæður erlendis hafa mikil áhrif en einnig hvernig NBI reiðir af.

Verðmat á eignasafni Lí hefur verið framkvæmt af skilanevnd bankans eingöngu, væntanlega í samvinnu við utanaðkomandi sérfræðinga að einhverju leyti. Aðrir hafa engar upplýsingar um eignir bankans umfram opinberar upplýsingar frá skilanevndinni. Þess vegna er ekki unnt að leggja mat á virði endurheimta sem og tímasetningu þeirra en bæði atriði skipta miklu máli fyrir hugsanlega ábyrgð ríkissjóðs vegna Icesave. Þessi áhætta er meiri en ella vegna jafnstöðusamnings um skiptingu endurheimta.

3.2.3 Hraði innborgana á höfuðstól Icesave kröfunnar

Dómsmál vegna réttindaraðar krafna tefja innborganir

Árangur og forsendur útreikninga samninganefndar ríkisins sem fram koma í frumvarpinu byggja mjög á því að sem fyrst takist að hefja greiðslur úr þrotabúi Lí upp í höfuðstól kröfunnar. Margir þættir geta komið í veg fyrir það. Nú þegar eru í meðferð fyrir dómstólum mörg dómsmál þar sem reynir á réttindaröð krafna við slitameðferð Lí. Ljóst má vera að slitastjórn greiðir ekki út verðmæti í þrotabúi áður en fyrir liggur endanlega réttindaröð krafna, a.m.k. ekki í tilviki kröfu TIF á hendur Landsbankanum þar sem um mjög stóra kröfu er að ræða. Slitastjórn kann að bera persónulega ábyrgð á því ef greitt er út úr þrotabúinu áður en fyrir liggur hver réttindaröð krafna er. Í frumvarpi því sem liggur fyrir fjárlaganefnd kemur fram að áætlanir slitastjórnar geri ráð fyrir að útgreiðslur geti hafist um mitt ár 2011. Í frumvarpinu kemur hins vegar ekkert fram um það hvaða forsendur liggja að baki þessu mati. Bent skal á að fjöldi mála sem bíður úrlausna, bæði hjá héraðsdómi Reykjavíkur og Hæstarétti Íslands er orðinn mjög mikill og fer enn vaxandi. Því verður að teljast ólíklegt að öllum ágreiningsmálum (svokölluðum x-málum) um réttindaröð krafna verði lokið um mitt ár 2011 fyrir báðum dómstigum svo að innborganir á höfuðstól Icesave kröfunnar geti hafist.

Kröfuhafar Lí munu láta reyna á eignaskiptingu skv. Icesave samningum

InDefence hópurinn telur afar líklegt að verði núverandi samningsdrög staðfest muni kröfuhafar í Lí láta á það reyna fyrir dómstólum hvort Bretar og Hollendingar geti með samningi fengið aðgang að 47% eigna þrotabús Lí til þess að greiða fjárhæðir sem þessi ríki greiddu einhliða umfram 20.887 evru lágmarkið sem tilgreint er í innstæðutílskipun ESB. Í staðfestingu á Icesave 3 samningunum felst að ríkin Ísland, Bretland og Holland semja sín á milli að gildandi lagareglur gildi ekki um skiptingu á eignum þrotabús Lí. Slíkar málshöfðanir verða að líkindum einnig ágreiningsmál (svokölluð x-mál). Allt að einu getur niðurstaða þessara mála haft áhrif á réttindaröð krafna í þrotabúi Lí. Ljóst er að þessi mál geta tafið innborganir á höfuðstól Icesave kröfunnar enn frekar.

Ekki verður greitt út fyrir en réttindaröð krafna liggur fyrir

Slitastjórn mun ekki greiða einstökum kröfuhöfum fyrir en réttindaröð krafna liggur fyrir. Þessu hefur slitastjórn lýst yfir opinberlega. Í þessu samhengi verður þó að nefna sérstaklega að við meðferð viðskiptanefndar á breytingalögum nr. 75/2010 lagði meirihluti viðskiptanefndar til að í lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki kæmi inn eftirfarandi ákvæði:

Við 6. mgr. 102. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Nú neytir slitastjórn heimildar samkvæmt framansögðu til að greiða kröfur að hluta eða fullu en ekki hefur verið til lykta leiddur ágreiningur um viðurkenningu kröfu, sem þeim gæti staðið jafnfætis í réttindaröð, og skal þá slitastjórn leggja á sérstakan geymslureikning fjárhæð sem svarar til greiðslu á þeirri kröfu eða upp í hana eins og sú greiðsla gæti hæst orðið samkvæmt kröfugerð hlutaðeigandi kröfuhafa. Þegar endanleg niðurstaða hefur fengist um ágreininginn skal innstæða geymslureikningsins ásamt áföllnum vöxtum greidd kröfuhafanum að því leyti sem krafa hans hefur verið viðurkennd, en fé sem eftir kann að standa á reikningnum skal renna aftur til fjármálafyrirtækisins.

Hér er á ferðinni heimild til handa slitastjórnnum til að geymslugreiða umdeildar kröfur í því skyni að flýta fyrir greiðslu annarra krafna í þröta fjármálafyrirtækis. Efast má um að heimildinni verði mikið beitt enda gerir þetta slitastjórnir ekki skaðlausar gagnvart kröfuhöfum sem síðar fá staðfest betri rétt. Hins vegar liggur fyrir að hér er komin heimild í lög sem getur nýst til að flýta endurgreiðslu, fallist slitastjórn á slíkt.


Hraði innborgana á höfuðstól lykilatriði varðandi áhættu skattgreiðenda

Af þessu dæmi, sem miðast alfarið við forsendur frumvarpsins, sést glögglega að hraði og upphaf á innborgunum á Icesave kröfuna er lykilforsenda í ályktunum um hvað falli mikið á skattagreiðendur í máli þessu m.v. núverandi samningsdrög. Þegar litið er til fjölda og eðlis málaferla sem tafið geta innborganir á höfuðstól telur InDefence hópurinn forsendur samninganefndarinnar um upphaf og hraða innborgana heldur bjartsýnar.

Þar sem skuldbinding ríkissjóðs ber vexti skiptir mestu máli að greiðslur frá Lí hefjist sem fyrst og taki sem skemmstan tíma. Þannig verða vaxtagreiðslur lágmarkaðar. Vegna gjaldmiðlaáhættu (sbr. grein 3.2.1) skiptir miklu máli að endurgreiðslur hefjist sem fyrst og taki sem stystan tíma. Röð krafna verður að liggja fyrir í megindráttum áður en greiðslur til kröfuhafa hefjast. Deilur um röð krafna geta þannig tafið útgreiðslur. Þessi áhætta leiðir til aukins vaxtakostnaðar.

Mynd 3 sýnir skuldbindingu ríkissjóðs (lóðréttur ás) annars vegar í grunndæmi þar sem útgreiðslur tefjast (láréttur ás) og hins vegar fráviksdæmi þar sem gengi krónunnar veikist um 20% eftir eitt ár. Brotalínan sýnir hvenær gengi krónunnar hliðrast.

Hér sést vel mikilvægi þess að krónan haldist stöðug þar til útgreiðslur úr þrotabúi Lí hefjast auk þess að útgreiðslur hefjist sem fyrst til að lágmarka áhættu.



Mynd 3: Skuldbinding ríkissjóðs m.v. tímasetningu fyrstu útgreiðslu LÍ

Í töflu 3 í hér að neðan má sjá nánar hvernig skuldbinding breytist með breytingum á gengi krónu og því hvenær útgreiðslur hefjast.

Tafla 3: Kostnaður ríkissjóðs í milljörðum króna sem fall af gengisbreytingum og hvenær útgreiðslur frá LÍ hefjast


	2011 10	2012 01	2012 07	2013 01	2013 07	2014 01	2014 07	2015 01	2015 07
-20%	41	43	46	50	54	58	63	68	74
0%	71	73	77	81	86	92	98	104	111
20%	157	159	164	169	175	182	188	196	204
30%	233	235	240	246	252	259	267	275	284

Sér í lagi sýnir tafla 3 kostnað ríkissjóðs vegna tafa á því hvenær útgreiðslur hefjast. Miðað við grunndæmi þá verður kostnaður ríkissjóðs 92 milljarðar ef útgreiðslur hefjast í janúar 2014 í stað október 2010. Þetta er aukakostnaður upp á 21 milljarð króna.

4. Athugasemdir vegna greinargerðar með frumvarpi

4.1 Gengissveiflur

Á mynd 4 má sjá gengi evru móti krónu. Miklar sveiflur hafa orðið á gengi krónunnar á þessu tveggja ára tímabili sem myndin sýnir, þrátt fyrir höft og gjaldeyrisinngrip Seðlabanka Íslands. Þess vegna þykir óraunhæft að búast við 3% árlegri breytingu á gengi krónunnar á ári.



Mynd 4: Gengissveiflur evru á móti krónu frá 2. janúar 2009 til 2. janúar 2011

Þá má benda á gengi erlendra gjaldmiðla, s.s. evru móti bandaríkjadal árið 2010 og telja mætti upp fleiri dæmi. Spár um þróun gjaldmiðla til miðlungslangs tíma standast sjaldnast og því er rík ástæða til þess að greina gjaldmiðlaáhættu í þaula.

4.2 Starfshópur fjárlaganefndar til að meta áhrif af dómsmáli EFTA dómstólsins.

Samkvæmt upplýsingum InDefence-hópsins mun starfshópur lögfræðinganna Stefáns Más Stefánssonar, lagaprófessors, Dóru Guðmundsdóttur, sérfræðings í Evrópurétti, Benedikts Bogasonar, héraðsdómara og Stefáns Geirs Þórissonar, hæstaréttarlögmanns, skila álit til fjárlaganefndar, nokkurs konar áhættumati vegna mögulegs dómsmáls ESA á hendur Íslandi vegna hinnar meintu röngu innleiðingar tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/14/EB um innstæðutryggingar.

Að mati InDefence-hópsins er hér um lykilvinnu að ræða við mat á Icesave 3 samningum og því hvernig málið verði meðhöndlað í framhaldinu af Alþingi Íslendinga. Ljóst er að álit þetta og vinna starfshópsins verður að taka til ýmissa álitaefna. Meðal þess sem afar æskilegt er að starfshópurinn skoði sérstaklega að mati InDefence hópsins er:

1. Mun dómsúrlausn EFTA dómstólsins fela í sér aðfararhæfan dóm fyrir kröfum breska og hollenska ríkisins ?

2. Getur ESA lagt fram dómkröfu fyrir EFTA dómstólnum sem tekur til annarra þátta en fram koma í áminningabréfi því sem ESA sendi íslenskum stjórnvöldum í maí 2010 og íslensk stjórnvöld hafa enn ekki svarað þrátt fyrir að svarfrestur sé útrunninn?
3. Getur dómur EFTA dómstólsins tekið til umfjöllunar svokölluð mismunarrök á grundvelli neyðarlaganna og byggt dóm sinn á því þrátt fyrir að kröfugerð ESA til dómstólsins sé aðeins um grundvallarspurningar tengdar innstæðutilskipuninni svo sem ríkisábyrgðar?
4. Geta íslensk stjórnvöld gert gagnkröfur fyrir EFTA dómstólnum í slíku máli ?
5. Geta íslensk stjórnvöld gert kröfur og fengið dóm í sama máli sem sker úr um það með bindandi hætti hvort „Ragnar Hall”- fyrirvarinn eigi að gilda eða ekki ?
6. Tapist slíkt dómsmál fyrir EFTA dómstólnum, getur þá EFTA dómstólinn dæmt Ísland til greiða eftir öðrum skilmálum en felast í Icesave III samningum, sérstaklega þegar litið er til greinar 5.3. í aðalsamningunum “Full and final Settlement” ?


Í ljósi þess að álit þetta liggur ekki fyrir við gerð umsagnar þessarar gerir InDefence hópurinn sérstakan fyrirvara um álit starfshópsins og áskilur sér rétt til að koma til fjárlaganefndar áliti sínu á álit starfshópsins, telji hópurinn ástæðu til.

4.3 Áhrif dómstólaleiðar

Í greinargerð með fyrirbyggjandi frumvarpi er engar upplýsingar að finna um áhrif þess að Íslendingar láti reyna á greiðsluskyldu sína í dómsmáli. Að mati InDefence getur niðurstaða dómsmála verið eftirfarandi:

- a) Ísland vinnur öll dómsmál og þarf ekki að borga neitt
- b) Ísland tapar dómsmáli um ríkisábyrgð á €20.887 og verður að taka ábyrgð á þeirri upphæð fyrir sérhvern innlánsreikning.
- c) Ísland tapar dómsmáli um mismunun innlánseigenda með stofnun nýju bankanna og verður að taka ábyrgð á öllum Icesave innlánnum.

Í heild eru því möguleikarnir um lyktir Icesave málsins eftirfarandi að mati InDefence:



Í ljósi skorts á upplýsingum um forsendur og mögulegar niðurstöður slíkra dómsmála hefur InDefence hópurinn tekið saman eigin forsendur sem gætu mögulega orðið niðurstöður slíkra

dómsmála og gert útreikninga um fjárhagsleg áhrif mismunandi dómsniðurstaðna. Forsendur þessar eru fyrst og fremst byggðar á rökfræðilegum grunni en ekki lagalegum og eru settar fram sem mögulegarsviðsmyndir í umræðuna.

Niðurstöður þessarar vinnu er að finna í Viðauka III.

5. Innstæðutryggingakerfið

InDefence hópurinn hefur lagt í talsverða rannsókn á þeim 27 innstæðutryggingasjóðum sem starfa innan Evrópusambandsins. Í þeirri vinnu höfum við viðað að okkur skýrslum og m.a. farið yfir rannsókn framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á öllum innstæðutryggingasjóðum sambandsins sem framkvæmd var árið 2008. Við höfum jafnframt kynnt okkur meðhöndlun nokkurra sjóða á kröfum sem að sjóðunum hefur verið beint. Vinna þessi hefur m.a. miðað að því að rannsaka hvort og þá að hvaða marki uppsetning/innleiðing annarra innstæðutryggingasjóða hefur verið frábrugðin uppsetningu íslenska tryggingasjóðsins (TIF).

5.1 Íslenski innstæðutryggingasjóðurinn (TIF) á engan hátt frábrugðinn öðrum sjóðum í Evrópu.

Samanburður á innstæðutryggingakerfum EU-27 ríkjanna staðfestir að íslenski sjóðurinn var á engan hátt frábrugðinn öðrum innstæðutryggingasjóðum í Evrópu. Í þessu endurspeglast ítrekuð afstaða InDefence hópsins til Icesavemálsins, þ.e. að hagsmunir þessa máls og ágreiningur snýst í raun ekki um það hvort íslenska ríkið og þar með skattgreiðendur þess beri greiðsluskyldu og þar með ábyrgð á þeim skuldbindingum sem einkabanki stofnaði með Icesave innlánsreikningum í Bretlandi og Hollandi. Eins og lesa má af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 94/19/EB um innstæðutryggingakerfi og staðfest hefur verið í opinberum fræðigreinum fjölda erlendra og innlendra fræðimanna frá því að Icesave deilan hófst og fram til þessa dags, er engin lagaskylda á íslenska ríkinu til að leggja ábyrgð og greiðsluskyldu á þegna þess ríkis vegna skuldbindinga Landsbankans í Bretlandi og Hollandi.

Fyrir liggur að innleiðing Íslands á fyrrnefndri innstæðutilskipun Evrópusambandsins var á Íslandi framkvæmd með nákvæmlega sama hætti og annars staðar. Engar athugasemdir bárust frá ESA við innleiðingu tilskipunarinnar sem lutu á nokkurn hátt að ríkisábyrgð eða því sem nefnt er „*obligation of result*“ í áminningabréfi ESA til íslenskra stjórnvalda. Áminningabréfi sem ritað er tíu árum eftir að innleiðing tilskipunarinnar hefur staðið í íslenskum rétti án nokkurra athugasemda. Hinir raunverulegu hagsmunir þessa máls felast miklu frekar í þeirri kröfu gangaðilanna Bretlands og Hollands að viðhaldið sé hinu „falska öryggi“ sem innstæðutryggingakerfi Evrópusambandslandanna fela í sér. Af þessum ástæðum sé fyrst og fremst mikilvægt að Ísland fái ekki fyrir dómi viðurkenningu fyrir lagarökum sínum í málinu heldur sýni með beinum samningi að það muni ábyrgjast að skattgreiðendur beri ábyrgð þegar fjármálafyrirtæki í eigu einkaaðila verður gjaldþrota án þess að á grundvallarspurningar verði látið reyna fyrir dómi. Slík fordæmi megi ekki skapa.

Í Viðauka I með þessari umsögn er að finna yfirlitsumfjöllun InDefence hópsins um ofangreindar athuganir á innstæðutryggingakerfi Evrópusambandsins og jafnframt umfjöllun um framkvæmd og aðgerðir einstakra ríkja í þeirri bankakreppu sem nú ríkir og ekki sér fyrir endann á.

6. Umræða um jafnstöðurétt samningsaðila (Pari Passu)

6.1 Pari Passu samningar í andstöðu við gildandi lög og Evróputilskipun

Til hliðar við fyrirliggjandi drög að Icesave samningum er ráðgert að gera svokallaða jafnstöðusamninga (Pari Passu Agreement) milli aðila Icesavesamninga. Er um að ræða svipaða hliðarsamninga og íslensk stjórnvöld kusu að halda leyndum við þingi og þjóð langt í nærfellt tvo mánuði eftir að fyrstu Icesave samningar voru kynntir í byrjun júní 2009.

Hér er um sjálfstæða samninga að ræða milli sömu aðila og eru aðilar skv. aðalsamningunum tveimur. Megininntak þessra hliðasamninga felur í sér skiptingu milli samningsaðila á verðmætum þeirra eigna sem þeir eiga kröfu til og koma munu fram við slitameðferð Landsbanka Íslands. Með þeim er ætlunin að skipta eignum þrotabús LÍ á milli samningsaðila þannig að af hverri kröfu sem greitt er af fá íslenski TIF um 51% af kröfunni og breski og hollenski TIF skipti með sér pro rata um 48% af hverri kröfu sem fæst greidd. Jafnstöðusamningarnir fela í sér að aðilar semja sig frá gildandi lögum. Hér koma til skoðunar eftirfarandi lagaákvæði.

Ákvæði 3. mgr. 10. gr. laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta er svohljóðandi:

Komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann kröfu kröfuhafa á hendur hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki eða þrotabúi. [Krafa sjóðsins nýtur réttthæðar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. við gjaldþrotaskipti, en ella er hún aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.]

Ákvæði 11 gr. tilskipunar nr. 94/19/EB um innstæðutryggingar hljóðar eftirfarandi:

Við greiðslur samkvæmt tryggingakerfinu hefur tryggingakerfið rétt til að ganga inn í kröfuréttindi innstæðueiganda við skiptameðferð sem svarar til fjárhæðarinnar sem greidd er, án þess að þetta hafi að öðru leyti áhrif á þau réttindi sem kerfið kann að hafa samkvæmt landslögum.

Ákvæði 115. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti er eftirfarandi:

Við framsal eða önnur aðilaskipti að kröfu fylgja réttindi á hendur þrotabúi skv. 109.–114.gr.

Nú greiðir samskuldari þrotabús kröfu, og fer þá um framkröfu hans á hendur þrotabúinu með sama hætti og kröfuna sem var greidd, en þó rýrir það ekki sjálfstæð tryggingarréttindi sem samskuldarinn kann að eiga.

Í ákvæði 11. gr. innstæðutílskipunarinnar felst skýr réttur til að ganga inn í kröfuréttindi innstæðueiganda þegar greitt er og um svokallaðan subrogation-rétt (forgangsrétt) að ræða en ekki pari passu – rétt (jafnstöðurétt) að ræða. Ákvæði 3. mgr. 10. gr. laga nr. 98/1998 felur í sér innleiðingu á ákvæði tílskipunarinnar inn í íslenskan landsrétt og hún staðfestir þau kröfuréttindi sem felast í 11. gr. innstæðutílskipunarinnar. Til að loka þessu endanlega er kveðið skýrt á í almennum lögum um íslensk gjaldþrotaskipti að aðili (TIF) sem eignast kröfu með greiðslu eignast hana alla en ekki hluta hennar.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum er óskiljanlegt að gagnaðilar okkar í samningsferlinu þráast enn við að viðurkenna ekki þessi lögbundnu réttindi. Með Pari Passu samningunum eru málsaðilar því að semja sig frá gildandi íslenskum lögum auk gildandi reglna í Evróputílskipuninni sem allt málið byggir á. Það gengur þvert á íslenska hagsmuni, færir möguleika ríkissjóðs til að lágmarka greiðslur með eignum þrotabús Lí til verri vegar og eykur áhættu skattgreiðenda verulega.

Á undanförunum tveimur árum hafa ýmsir virtir fræðimenn og lögmenn bent á að sú skipting sem Pari Passu samningarnir fela í sér sé beinlínis í andstöðu við íslenskan gjaldþrotarétt, lögin um íslenska innstæðutryggingasjóðinn og ákvæði 11. gr. tílskipunar um innstæðutryggingakerfi nr. 94/19/EB. Meðal greina sem rétt er benda á í þessu samhengi má nefna:

1. Grein Ragnars Hall og Harðar Felix Harðarsonar, hæstaréttarlögmanna, Morgunblaðið 22. Júlí 2009, bls. 17.
2. Grein Eiríks Tómassonar, lagaprófessors, morgunblaðið 22. Júlí 2009, bls. 19.
3. Viðtal við Ragnar Hall, hæstaréttarlögmann og Eirík Tómasson, lagaprófessor, morgunblaðið 20. júlí 2009, bls. 11.
4. Grein Ragnars Hall, hæstaréttarlögmans „Réttarreglur hér og erlendis- álitamál sem tengjast Icesavesamningnum, Morgunblaðinu, júlí 2009.
5. Grein Eiríks Tómassonar, lagaprófessors, fréttablaðið 22. júlí 2009.
6. Grein Stefáns M. Stefánssonar, lagaprófessors og Lárusar Blöndals, hæstaréttarlögmans, morgunablaðið, 6.7.2009.
7. Grein Stefáns M. Stefánssonar, lagaprófessors og Lárusar Blöndals, hæstaréttarlögmans, „Icesave-samningarnir“, Morgunablaðið, júlí 2009.

Fylgja ofangreindar greinar með umsögn þessari sem Viðauki V.

6.2 Fjárhagsleg áhrif jafnstöðuákvæðis (Pari Passu) í samanburði við „Ragnar Hall ákvæðið“


Eins og komið hefur fram felst áhættan í því að hversu miklu leiti eignir Lí duga fyrir greiðslum TIF, og hvenar greiðslur úr Lí berast til TIF.

Almennt lágmarka innstæðutryggingarsjóðir þessar áhættur með því að tryggja sér svokallað „Ragnar Hall ákvæði“. Hér verður gerð grein fyrir því hvernig það flýtir fyrir því að Bretum og Hollendingum verði greitt að fullu í samræmi við Evróputílskipunina og hvernig áhætta vegna

gengis krónunar minnkar umtalsvert miðað við þá miklu gjaldeyrisáhættu sem felst í samningsdrögunum.

6.2.1 Eftirstöðvar höfuðstóls

Miðað við ofangreint myndi „Ragnar Hall ákvæðið“ tryggja að fyrst yrði greidd til TIF sú upphæð sem TIF tryggði áður en greitt væri til þeirra aðila sem tryggðu umfram TIF. Þó væri einnig greitt til þeirra forgangskröfuhafa sem ekki nutu trygginga (heildsöluinnlán). Þannig myndi höfuðstóll skuldar TIF greiðast mun hraðar niður en ef kæmi til jafnstöðuskiptingar (Pari Passu). Þessu er lýst myndrænt á mynd 4:



Mynd 5: Eftirstöðvar höfuðstóls Icesave m.v. aukinn forgang krafna („Ragnar Hall“) annars vegar og jafnstöðusamning (Pari Passu) hins vegar

Ef kröfur TIF nyttu aukins forgangs sbr. „Ragnar Hall ákvæðið“ myndi skuldbinding ríkissjóðs nema 50 milljörðum. Það er 21 milljarði lægra en m.v. jafnstöðusamning (grunndæmi).


6.2.2 Gengisáhætta í ISK

Að höfuðstóllinn lækkar hraðar veldur því að ekki aðeins verður vaxtakostnaður minni, heldur dregur úr áhættu vegna gengisþróunar krónunar við ofangreindar forsendur. Þannig verður áhættan sem lýst er í kafla 3.2.1. hverfandi miðað við jafnstöðuskiptingu (Pari Passu). Þessu er lýst myndrænt á mynd 5. Einnig er bent á töflu 4 sem sýnir skuldbindingu ríkissjóðs í milljörðum króna miðað við breytingar á gengi krónunnar

(neikvæð % breyting á gengi þýðir styrkingu krónu en jákvæð % breyting tákna veikingu hennar) fyrir óbreyttan samning annars vegar og ef krafa TIF nyti aukins forgangs.

Tafla 4 skuldbinding ríkissjóðs miðað við jafnstöðusamning og aukinn forgang sem fall af breytingum á gengi krónu (neikvæð % breyting merkir styrkingu krónu en jákvæð % breyting tákna veikingu krónu).

Breyting á gengi krónu	-20%	-10%	0%	10%	20%	30%	40%	50%
Skuldbinding m.v. jafnstöðusamning	41	56	71	86	157	233	312	399
Skuldbinding m.v. aukinn forgang	29	39	50	61	107	155	204	257



Mynd 6: Munur á gengisáhrættu í ISK m.v. Ragnar Hall annars vegar og Pari Passu hins vegar

6.2.3 Fjárhagsleg áhrif jafnstöðusamnings (Pari Passu)


Einu upplýsingarnar þar sem hægt er að sjá einhverja skiptingu Icesave innlána miðað við upphæð innlána koma fram í erindi nr. Þ137/681 til Alþingis frá 13. júlí 2009 og miðast eftirfarandi umfjöllun við það.

Til þess að átta sig fjárhagslegum áhrifum jafnstöðusamningsins er einfaldlega hægt að skoða fjölda þeirra innlána sem voru yfir €22.630 og margfalda með mun á heimtum ef íslensk lög giltu. Heimtur annarra innlána breytast ekki.

Miðað við væntingar skilanevndar Landsbankans þýðir þetta að væntar heimtur Icesave kröfunnar á innlán yfir €22.630 hækkar úr 92,4% samkvæmt jafnstöðusamningnum upp í 100% ef íslensk lög gilda. Heimtur þessara innlána verða því 7,6 prósentustigum betri fyrir sérhvert innlán. Heimturnar aukast því um €1.600, eða 25.000kr, sérhvert innlán yfir €22.630.

InDefence hópnun er ekki kunnugt um að upplýsingar um fjölda innlána umfram €22.630 liggja fyrir opinberlega en ofangreint erindi gefur þó upplýsingar um fjöld innlána umfram €20.887. Í heild eru þetta 113.349 innlán. Í heild munar því um 28ma.kr. miðað við 92,4% heimtur.

Munurinn fer hins vegar vaxtandi eftir því sem heimtur lækka eins og sjá má á meðfylgjandi myndum (með fyrirvara um ósamræmanleg gögn):



Eins sjá má á mynd 7 hér að ofan þýðir afnám jafnstöðusamningsins umtalsvert minni áhættu fyrir heimtur upp í Icesave kröfunnar. Græna línan á myndinni hér fyrir ofan sýnir að við 40% heimtur fá Icesave kröfunnar 80% af eignasafninu og þannig verða heimturnar 60% jafnvel þó eignasafnið í heild sé einungis með 40% heimtum. Eftir því sem heimtur eignasafnsins aukast minnkar hlutfall Icesave kröfunnar í eignasafninu er þó ávallt hærri en heimtur eignasafnsins í heild. Þannig verða endurheimtur Icesave kröfunnar t.d. 84% þegar eignasafnið í heild nær 70% heimtum. Þetta er mesti akkurinn af því að afnema jafnstöðusamninginn.

Um forsendur þeirra útreikninga sem kafli 6.2.3 byggir á er nánar fjallað í Viðauka II.

6.2.4 Áhrif jafnstöðusamnings á útstandandi áhættu og vaxtagreiðslur

Eins og minnst er á í kaflanum um útstandandi áhættu, liggur á hætta Icesave m.a. í heildar heimtum eignasafns Landsbankans og hvenær þær heimtur koma inn.

Nú hafa þegar komið fram í fjölmiðlum upplýsingar um tilboð í Iceland Foods sem ef af verður gefur skilanevnd Landsbankans 180ma.kr. í lausafé. Ef Iceland Food yrði selt á næstu vikum myndi laust fé Landsbankans strax hækka úr 346ma.kr. nú um áramótin í 526ma.kr. Þetta er 43% af allri Icesave skuldinni eins og hún stendur nú (áætlað). Útistandandi krafa er þá 57% eða sem nemur 361ma.kr. ef jafnstöðusamningurinn gildir. Ef Íslensk lög gilda verður útistandandi krafa 79ma.kr. lægri eða 284ma.kr. Þessi upphæð er sú upphæð sem vextir á Icesave kröfuna reiknast út frá.

Þessu til viðbótar verður að telja skuld nýja Landsbankans við þann gamla sem örugga.

Ef gert er ráð fyrir því að allar aðrar kröfur Landsbankans séu í einhverjum skilningi útstandandi áhætta gefur samanburður á kröfumeðhöndlun samkvæmt jafnstöðusamning og íslenskum lögum eftirfarandi niðurstöðu:

Samkomulag	Með jafnstöðusamningi				Samkvæmt íslenskum lögum		
	Upphæð	Heimtur	Útistandandi	Vextir 2011	Heimtur	Útistandandi	Vextir 2011
Þegar innheimt (með Iceland)	526	43%	361	11,5	55%	284	9,1
Þegar tryggt (með LBI skuld)	833	68%	204		82%	113	
Útistandandi af höfuðstól í lokin		92%	49		97%	22	

Af ofangreindri töflu má sjá að sé miðað við íslensk lög lækkar útstandandi áhætta Íslands um nánast helming, úr 204ma.kr. í 113ma.kr. Vaxtagreiðslur lækka um 2,4ma.kr. fyrir árið 2011 (miðað við að Landsbanki selji Iceland strax og greiði allt út).

Vaxtagreiðslur munu síðan lækka mun hraðar en ef jafnstöðusamningurinn er í gildi. Samhliða þessu aukast heimturnar úr 92% í 97% sem leiðir til þess að eftirstöðvar Icesave höfuðstólsins, þegar allt þrotabúið hefur verið gert upp, verður 22ma.kr. í stað 49ma.kr. Munurinn er 27ma.kr. eða svipuð upphæð og allur niðurskurður í fjármálum ríkisins fyrir árið 2011 nam.

Um forsendu þeirra útreikninga sem kafli 6.2.4 byggir á er nánar fjallað í Viðauka II.

6.3 Fall Capinordic bankans og samanburður við Icesave málið

Í þessu sambandi er afar athyglivert að skoða hvernig Danir meðhöndluðu Capinordic bankans þegar hann varð gjaldþrota í febrúar 2010. Innstæður voru greiddar þar af danska innstæðutryggingasjóðnum (www.gii.dk) og Finansiel Stabilitet (FS) að fullu. Danski sjóðurinn greiddi upp að 50.000 evrum, en FS greiddi allt umfram það (upp í topp) að því er varðaði innstæðueigendur í danska bankanum.

Það sem vekur eftirtekt er að viðskiptavinir bankans í útibúi í Svíþjóð fengu aðeins greitt upp að 50.000 evrum frá danska og/eða sænska innstæðutryggingasjóðunum, en móðurfélag Capinordic Bank (sem átti fleiri viðskiptahagsmuni að verja í Svíþjóð) greiddi innstæðueigendum í Svíþjóð, sem áttu meira en 50 þús., upp í topp á eigin kostnað, að því er virðist. Í Danmörku er að finna sama lagaákvæði í 17. gr. dönsku innstæðutryggingalaganna og finna má í ákvæði 10.

gr. íslensku laganna um sama efni, þess efnis að tryggingasjóðurinn fær réttarstöðu innstæðueigandans að því marki sem hann leysi til sín kröfu viðkomandi innstæðueiganda. Í CapiNor greiðir danski sjóðurinn 50.000 evru lágmarkið skv. gildandi innstæðutílskipun en Danmörk er eitt ESB ríkjanna og öðlaðist við það forgang í eignir úr þrotabúi bankans.

Eftir því sem InDefence hópurinn hefur komist næst virðist danski innstæðutryggingasjóðurinn nú þegar hafa fengið greitt á undan kröfuhafanum sem greiddi sænsku innstæðueigendunum upp í topp. Er þessi niðurstaða alfarið í samræmi við ákvæði laga og innstæðutílskipunarinnar. Hér er á ferðinni nánast sama aðstaða og er uppi í Icesave málinu sem hefur fordæmisgildi í Icesave málinu enda er um að ræða uppgjör innan þjóðríkja sem háð eru sams konar leikreglum og gilda hér á landi.

Með hliðsjón af framangreindu og fordæminu sem fram hefur komið á árinu 2010 er það beinlínis óeðlilegt að svokallaður Ragnar Hall fyrirvari gildi ekki verði gengið til samninga í Icesave deilumálinu.

7. Niðurstöður

Allt frá því að þjóðin hafnaði með afdráttarlausum hætti fyrri Icesave samningunum þann 6. mars 2010 hefur málflytningur InDefence hópsins verið óbreyttur. Hagsmunir allra samningsaðila í Icesave deilunni kunna að fela það í sér að samningur um lausn málsins sé eðlilegri niðurstaða en að hafa umrædda milliríkjadéilu óleysta. Grundvallaratriði sé hins vegar að slíkur samningur endurspegli þá þrjú meginatriði:

1. Að ekki sé lögbundin greiðsluskylda að baki kröfum Breta og Hollendinga.
2. Að samningar feli í sér skipta ábyrgð allra samningsaðila.
3. Að samningar feli í sér skipta áhættu allra samningsaðila.

Að mati InDefence hópsins endurspeglar núverandi samningar ekki þessa þætti með fullnægjandi hætti. Hins vegar telur InDefence hópurinn að núverandi samningar feli í sér ýmsar úrbætur frá fyrri samningi. Helstu áhættu- og óvissuþættir eru enn til staðar frá fyrri samningum að mati InDefence hópsins. Einnig verður að hafa í huga að lögmæt greiðsluskylda að baki kröfunum er ekki til staðar.

Helstu áhættuþættirnir lúta að gengisáhættu og áhættu á matsverði eigna þrotabús Landsbanka Íslands, þótt óvissa um virði eigna Lí sé minni en áður. Auk þeirrar áhættu veit enginn raunverulega á þessu stigi hve langt er í að greiðslur inn á höfuðstól skuldarinnar hefjist. Hve langt verður tímabilið sem vextir safnast á Icesave skuldbindingu þjóðarinnar án þess að nokkuð greiðist á höfuðstól lánsins? Forsendur samninganefndarinnar um að greiðslur inn á höfuðstól úr þrotabúi Lí geti hafist innan skamms tíma verða að teljast í bjartsýnara lagi.

InDefence hópurinn hvetur stjórnvöld til þess að birta opinberlega allt mat sem gert var á lagalegri stöðu Íslands á meðan á samningaviðræðunum stóð. Einungis þannig geta íslensk

stjórnvöld sýnt þegnum sínum að þau hafi samið þannig að niðurstaðan sé betri en útkoman úr hugsanlegum málaferlum. Ekkert slíkt mat hefur enn verið birt og því er enn ekki hægt að taka afstöðu til mikilvægra þátta málsins.

Við meðferð fjárlaganefndar á fyrirleggjandi frumvarpi er algjört grundvallaratriði að farið verði ítarlega ofan í álit starfshóps fjárlaganefndar undir forystu Stefáns Más Stefánssonar lagaprófessors. Komi í ljós að áhættan sé ásættanleg við að láta reyna á það grundvallaratriði þessa máls hvort greiðsluskylda íslenskra skattgreiðenda á tugum milljarða sé yfirleitt fyrir hendi áður en sú greiðsluskylda er samþykkt með samningi, á það að vera fyrsti kostur íslenskra stjórnvalda að láta reyna á lögmæti krafanna.

Sé það mat starfshópsins að áhætta af dómsmáli sé mikil og feli í sér verulega skerðingu á hagsmunum þjóðarinnar, bendir InDefence hópurinn á eftirfarandi:

Að mati InDefence hópsins má mæta stærstu áhættubáttum samningsins með einni breytingu á núverandi samningsdrögum, enda fælist í þeirri breytingu að kostnaður og áhætta íslenskra skattgreiðenda myndi minnka verulega.

Sú breyting felur í sér að í stað þess að núverandi samningar kveði á um heimild Íslands til að leita til dómstóla með þá kröfu hvort íslenskur gjaldþrotaréttur eigi að gilda og íslenski tryggingasjóðurinn njóti forgangs til eigna þrotabús Landsbankans við greiðslur lágmarkstryggingarinnar, þ.e. 20.887 evra, endurspegli samningurinn einfaldlega réttindi sjóðsins að íslenskum lögum og ákvæðum umræddrar tilskipunar og kveði beinlínis á um forgangsrétt íslenska innstæðutryggingasjóðsins til eigna úr þrotabúi Landsbankans.

Í þessari breytingu felst að samningarnir eru færðir að gildandi íslenskum gjaldþrotalögum, ákvæðum innstæðutilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/19/EB og ákvæðum laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Jafnstöðusamningar milli aðila verði þannig felldir úr gildi.

Hér er um að ræða réttmæta og eðlilega breytingu á fyrirleggjandi samningsdrögum, sem felur ekkert annað í sér en að samningaðilar fari að gildandi lögum og skráðum leikreglum evrópsku innstæðutilskipunarinnar sem allt ísve málið byggir á. Þetta á að vera krafa íslenskra stjórnvalda ef gera á samning án þess að skorið sé úr um lögmæti greiðsluskyldunnar.

Einnig leggur InDefence hópurinn á það ríka áherslu að áður en núverandi samningsdrög verða afgreidd af Alþingi verði þau borin undir lánsmatshæfisfyrirtækin, til að full vissa fáiast um það fyrirfram að lánshæfismat Íslands muni ekki falla verði samningsdrögin staðfest.

Auk þessa minnir hópurinn á að gjaldmiðlaáhætta skapast, verði samningsdrögin samþykkt í núverandi mynd, vegna misræmis í skiptingu eigna þrotabús LÍ og skuldbindinga TIF eftir gjaldmiðlum auk þess sem krafa TIF á LÍ er skráð í krónum. Lagt er til að Seðlabanka Íslands verði falið að athuga gerð skiptasamninga til að verja áhættu vegna innbyrðis hreyfinga erlendra gjaldmiðla.

InDefence hópurinn mun fylgjast grannt með meðferð málsins fyrir Alþingi og móta aðgerðir í ljósi þeirra upplýsinga sem þar koma fram. Hópurinn óskar eftir fundi með fjárlaganefnd til að gera frekari grein fyrir umsögn þessari og viðaukum hennar.

Virðingarfyllt
F.h. InDefence hópsins

Agnar Sturla Helgason

Kristján Gíslason

Ragnar F. Ólafsson

Davíð Blöndal

Magnús Árni Skúlason

Sigurður Hannesson

Eiríkur S. Svavarsson

Ólafur Elíasson

Viðaukar

Viðauki I: Innstæðutryggingakerfi í löndum ESB o.fl.

InDefence hópurinn lítur svo á að ein helsta ástæðan fyrir þessari milliríkjadeilu séu gallar í tilskipun Evrópusambandsins um innstæðutryggingar. Samtök innstæðutryggingarsjóða í Evrópu (EFDI) lýstu áhyggjum af þessum göllum 2006⁴ þar sem kemur fram innstæðutryggingakerfi ESB myndi örugglega (e. definitely) ekki geta staðist kerfishrun, eins og það sem átti sér stað á Íslandi í október 2008. Ef fyrirkomulag innstæðutrygginga væri með viðunandi hætti í Evrópu hefðu bankar víða um Evrópu getað fallið án afskipta stjórnvalda. Við teljum lykilatriði, að innstæðutryggingakerfi EES og ESB sé endurbætt frá grunni. Vegna þess að innstæðutryggingakerfið á rætur að rekja til Evrópusambandsins, hefði einnig verið eðlilegt að Evrópusambandið kæmi að samningsgerðinni með beinum hætti og gengist þar með við ábyrgð sinni. Samkvæmt Brussel viðmiðnum var og gert ráð fyrir því að Evrópusambandið tæki þátt í samningunum.

Þess í stað liggur vandamálið þó enn hjá þeim þremur þjóðum, sem hér urðu fyrir barðinu á gölluðu innstæðukerfi. Aðal sökudólgurinn, Evrópusambandið sjálft, leggur ekkert til lausnarinnar. Alvarlegra er þó að ekki er í sjónmáli að gerðar verði nægjanlegar breytingar á hönnun innstæðutryggingakerfis Evrópulandanna svo starfsemi banka verði sjálfbær. Nýtt frumvarp um innstæðutryggingakerfi, sem liggur fyrir Alþingi nú bendir heldur ekki til þess að Íslendingar hafi lært af biturri reynslu Icesave deilunnar, heldur raunar þvert á móti. Í ljósi þessa verður enn þungbærara fyrir íslenska skattgreiðendur að taka á sig byrðar vegna Icesave.

Hér að neðan verður fjallað um fimm meginþætti:

- Farið verður yfir helstu galla innstæðutryggingakerfisins eins og þeir birtast á Íslandi og í tryggingakerfum annarra Evrópulanda.
- Færð verða rök fyrir því að íslensk stjórnvöld hafi ekki átt annars kost en að flytja innlendar innstæður í nýja banka en jafnframt ekki átt möguleika á að flytja Icesave innstæður í Bretlandi og Hollandi vegna skorts á erlendu lausafé. Slíkur flutningur á innlendum innstæðum er í samræmi við það sem önnur lönd gera, t.d. Danmörk. Ef allar innstæður hefðu verið fluttar jafnt hefði Icesave innstæður verið fastar á bak við gjaldeyrishöft líkt og innlendir innstæðueignedur eru nú.
- Vikið verður að lausnum Írlands og fleiri landa við bankakreppunni og viðbrögðum ESB við þeim lausnum, sem þó virðast fela í sér bæði mismunun og einnig margvíslegan skaða fyrir Breta.
- Fjallað er um fjármögnun innstæðutryggingakerfa og vísað í nokkur dæmi um lönd þar sem framkvæmd innstæðutryggingakerfisins felur í sér forgangsrétt

⁴ European Forum og Deposit Insurers, *Deposit Guarantee Systems: EFDI's First Report 2006*

innstæðutryggingasjóða, samanber Ragnar Hall ákvæði, í samræmi við 11. grein evróputilskipunnar.

- Nefndar eru ýmsar hugmyndir um hvernig megi endurbæta innstæðutryggingakerfi hér á landi, í ljósi þess að nýtt frumvarp um innstæðutryggingar tekur ekki á rót vandans.

Gallar innstæðutryggingakerfisins

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins stóð fyrir ítarlegri rannsókn á innstæðutryggingasjóðum ESB ríkjanna árið 2008. Þar er geta sjóða aðildarlandanna til þess að greiða út tryggðar innstæður vegna bankagjaldþrota borin saman milli landa. Miðað er við forsendur ársins 2004.⁵

Skýrsluhöfundar settu upp þrjá ólíka möguleika (bls. 3):

- **Lítið áfall** ("Low impact"), sem gerir ráð fyrir að tryggingasjóður þurfi að greiða út 0,035% innstæðna ("eligible deposits in a Member State") í kjölfar bankagjaldþrots í viðkomandi landi.
- **Miðlungs áfall** ("Medium impact") sem nær til 0,81% innstæðna í landinu.
- **Stórt áfall** ("High impact") sem nær til 3,24% innstæðna.

Hafa skal í huga að hér á landi lentu um 85% innstæðna í uppnámi.

Niðurstöður þessa "þolprófs" sýna að eignir innlánstryggingasjóða árið 2004 dugðu einungis fyrir 0,7% af tryggðum innlánnum að meðaltali. Sérstaklega athyglivert er að skýrsluhöfundar settu upp sérstakt þolpróf þar sem gert var ráð fyrir að fjármálastofnun með útibú í öðru ESB ríki yrði gjaldþrota. Þetta dæmi er því að grunnforsendu sambærilegt við Icesave málið. Niðurstaða skýrsluhöfunda úr þessu prófi var að tryggingasjóðir ESB ríkjanna gátu staðist „lítið áfall“ og einhverjir þeirra gátu staðist „miðlungs áfall“. Enginn innstæðutryggingasjóði ESB ríkjanna stóðst hins vegar þolpróf um „stórt áfall“ (3,24% innstæðna). Einnig kom skýrt í ljós að álagsprófið um banka með útibú í öðru ESB ríki stóðst enginn innstæðutryggingasjóður í ríkjum sambandsins og að í slíku tilfelli hefðu viðkomandi sjóðir þurft að afla allt að 44 sinnum þess fjármagns sem í þeim var á þeim tíma til að geta greitt út skv. þolprófinu.

Uppsetning innlánstryggingakerfa ESB ríkja er þannig svipuð og þess íslenska og fjarri því að geta ráðið við 85% hrún eins og varð á Íslandi. Ekki verður því annað skilið af rökum ESA gegn íslenska kerfinu en að öll innlánstryggingakerfi Evrópu séu rangt uppbyggð.

⁵http://ec.europa.eu/internal_market/bank/guarantee/index_en.htm#dep

Víða í Evrópu eru mjög fáar fjármálastofnanir aðilar að hverjum tryggingasjóði. Þetta á ekki einungis við um Ísland. Samkvæmt skýrslu EFDI frá 2006⁶ eru t.d. aðeins sex fjármálastofnanir aðilar að Eistneska tryggingasjóðnum. Á Möltu er 7 aðilar að sjóðnum. Í ýmsum öðrum löndum er þetta litlu betra: Í Slóvakíu 18; Slóveníu 22, Grikklandi 41, Tékklandi 27, á Kýpur 33 og í Búlgaríu 32. Samkvæmt sömu skýrslu er fjöldinn 42 á Íslandi, 49 á Írlandi og 50 í Portúgal. Í Hollandi voru 120 fjármálastofnanir aðilar að kerfinu. Þetta leiðir til þess að víða gætu sjóðir ekki staðið við skuldbindingar sínar jafnvel þótt aðeins einn banki félli. Iðgjöld frá starfandi bönkum myndu víða ekki duga til þess að greiða útgjöld vegna falls eins banka. Tryggingakerfi með svo fáum iðgjaldsgreiðendum (hvort sem um er að ræða bíla, húseignir eða banka) virkar ekki nema á meðan enginn verður fyrir tjóni.

Einnig eru bankar víða mjög misstórir og einstakir bankar svo stórir að þeir myndu ríða viðkomandi innstæðutryggingasjóði að fullu ef þeir yrðu gjaldþrota. Þessir bankar eru “of stórir til að falla” og njóta þess vegna ríkisaðstoðar og fyrirgreiðslu vegna þess að öllum er ljóst að fall þeirra yrði of þungt fyrir efnahgakerfi viðkomandi lands. Þessi lýsing á t.d. við um einstaka banka í löndum beggja viðsemjenda okkar. Írland er auk þess annað dæmi um þetta. Þar verður að teljast raunveruleg hættu að reyni á innstæðutryggingakerfið með afdrifaríkum hætti.

Innstæðutryggingasjóðir geta aðeins náð tilætluðum árangri, ef bankar eru hæfilega stórir og hæfilega margir í hverju kerfi. Slíkt á alls ekki við – og getur aldrei átt við – í litlu ríki eins og Íslandi. Því þarf að endurskoða fyrirkomulag innstæðutrygginga hér á landi og víðast hvar í Evrópu frá grunni.

Evrópusambandið samábyrgt

Innstæðutryggingakerfi þar sem hver sjóður takmarkast við landamæri þess ríkis sem viðkomandi banki er með höfuðstöðvar í, getur hvenær sem er átt á hættu að fall einstaks banka ríði honum að fullu. Eins og kom fram að ofan, þá þarf ekki kerfishrun - eins og hér varð - til þess að leiða þá galla í ljós. Þessu þarf Evrópusambandið að bregðast við með sannfærandi hætti, í stað þess að kenna fórnarlömbum þess um, og færa skuldina yfir á skattgreiðendur viðkomandi lands.

Af þessum ástæðum verður ekki við það unað, að hönnuðir þessa kerfis, Evrópusambandið, komist undan því að axla hluta ábyrgðarinnar. Í stað þess að horfast í augu við galla þessa kerfis, og koma til móts við fórnarlömb þess með uppbyggilegum hætti, hefur ESA (Eftirlitsstofnun Evrópu) sakað Íslendinga um að hafa innleitt þetta kerfi með röngum hætti. Þau rök hafa þó verið hrakin af innlendum og erlendum sérfræðingum. Í þeim hópi er Peter Örebeck, þjóðréttarfræðingur við háskólann í Tromsö, en hann benti á að í tilskipuninni sé gert ráð fyrir því að það taki langan tíma að safna nægjanlegu fé í sjóðinn til þess að hann sé fær um að takast á við áföll, og því óeðlilegt að krefjast þess að hann geti staðið undir útgreiðslum frá fyrsta degi. Hvergi sé tekið fram hvernig bregðast eigi við, ef áföll verða *áður* en sjóðurinn er orðinn nægjanlega sterkur til þess að greiða út viðkomandi innstæður. Það er einmitt rétt

⁶Deposit Guarantee Systems: EFDI's First Report. (2006) Interbank Deposit Protection Fund. Research and Data Analysis Department. Róm, Ítalía.

innleiðing þess hér á landi, sem hefur leitt til þeirrar stöðu sem nú er komin upp.

Því hefur verið haldið fram að mistök í eftirliti og rekstri bankanna hafi orsakað hrunið – ekki innstæðutryggingakerfið. Það má vel vera að mistök hafi verið gerð, en tryggingakerfi eru einmitt til þess gerð, að bæta skaða þegar mistök verða. Forvarnaraðgerðir, þótt nauðsynlegar séu, geta aldrei verið lausnin á gölluðu tryggingakerfi. Tryggingakerfin verða að standa undir þeim væntingum sem almenningur hefur til þeirra, og ESB hefur vakið hjá íbúum evrópulanda. Innstæðutryggingakerfi verður að virka á krepputímum – þegar mistök eru gerð – en ekki einungis á uppgangstímum, þegar ekkert reynir á það. Sem stendur eru innstæðutryggingakerfi víðast hvar í Evrópu blekking ein. Þau geta ekki staðið undir skuldbindingum sínum óstudd.

Gagnrýni ESA/ESB á viðbrögð Íslands í hruninu: Neyðarlög og mismunur.

ESA hefur fallist á að neyðarlögin hafi verið nauðsyn hér á landi í kjölfar hrunsins. Það er viðurkennt að þau hafi verið óhjákvæmileg til þess að viðhalda hér á landi grundvallarþjónustu á sviði fjármála. En ESA og Evrópusambandið þyrftu einnig að viðurkenna nauðsynina á þeirri ólíku meðferð sem innstæðueigendur hér á landi hlutu annars vegar og innstæðueigendur í Bretlandi og Hollandi hins vegar.

Íslendingar hefðu aldrei getað veitt Icesave reikningunum samskonar vernd og innlendum reikningum, þeas að halda greiðslumiðlun með innlendum innstæðum gangandi. Það er vegna þess að íslensk yfirvöld hafa aðeins vald yfir íslenska gjaldmiðlinum, krónunni, þ.á m. til þess að prenta krónur⁷. Íslensk yfirvöld gátu ekki gripið til aðgerða sem tryggðu greiðslumiðlun með innstæður í gjaldeyri, sem var til af skornum skammti hér á landi og óaðgengilegur á alþjóðlegum mörkuðum. Ekki hefði tekist að forða áhlaupi á slíka reikninga, ef þeir hefðu líka verið fluttir yfir í nýjan banka með heimild til úttektar í gjaldeyri. Ríkisábyrgð á Icesave reikningunum í erlendri mynt hefði aldrei verið trúverðug því þá var almennt vitað að íslenska ríkið hafði ekki aðgang að þeim gjaldeyri, sem þurft hefði til þess að mæta úttektum af Icesave reikningum. Trygging á þessum reikningum hefði ekki komið í veg fyrir áhlaup. Slíkt áhlaup hefði óhjákvæmilega gert þá nýju banka sem við slíkum reikningum hefðu tekið gjaldþrota á skömmum tíma.

Í því samhengi er vert að benda á, að ríkistryggingar á innstæðum eru almennt veittar til þess að koma í veg fyrir áhlaup á banka, en ekki til þess að fjármagna þau. Írland er gott dæmi um þetta.⁸ Stórfelldar ríkistryggingar írsku ríkisstjórnarinnar á kerfislega mikilvægum bönkum í landinu voru veittar til þess að *koma í veg* fyrir að innstæður þeirra yður teknar út, en ekki til þess að greiða reikningseigendum út innstæðurnar í reiðufé. Slík útgjöld hefðu orðið írsku ríkinu ofviða. Enda varð það rauninn. Þegar Írar lýstu yfir ríkisábyrgð flæddi fjármagn inn í írsku banka en þegar trúverðugleiki írsku ríkisábyrgðarinnar fór að dvína flæddi fjármagnið aftur út, og meira til, sem leiddi til neyðaraðkomu ESB og AGS. Íslendingar tryggðu íslensku reikningana vegna þess að þeir gátu það, en trygging erlendu reikninganna hefði aldrei tekist. Bankarnir hefðu fallið öðru sinni.

⁷ Við útborgun Icesave reikninga í Bretlandi prentaði til dæmis Bank of England pund til útgreiðslu.

⁸ <http://www.independent.ie/business/irish/state-guarantee-to-banks-second-highest-in-eu-at-euro723bn-2444750.html>

Hugsanlegt er að Íslendingar hefðu getað veitt breskum og hollenskum innstæðueigendum úrlausn, sem ekki hefði leitt til ásakana um mismunun. Slík lausn var þó úr sögunni eftir að þessi lönd tryggðu innstæður að fullu. Ella hefði verið möguleiki að veita Bretum samskonar innstæðutryggingu og Íslendingum, þ.e. í íslenskum krónum. Íslenskir gjaldeyrisreikningar voru háðir þeim takmörkunum, að einungis var hægt að taka út af þeim í krónum og enn eru gjaldeyrishöft á innlendum innstæðum. Slíkt hefði getað staðið Bretum og Hollendingum til boða, og gera má ráð fyrir að slíkt hefði ekki talist mismunun skv ESA/ESB, enda væru þá gjaldeyrisreikningar, hvar í landi sem þeir væru, meðhöndlaðir á sama hátt.

Spilað af fingrum fram

Í yfirstandandi fjármálakreppu hafa ríkisstjórnir aðkrepptra landa leikið af fingrum fram og fundið skapandi lausnir á innstæðutryggingavandanum. ESB hefur gjarnan verið skrefi á eftir, og veitt samþykki sitt fyrir ólíkum lausnum, oft með ákveðnum skilyrðum.

Dæmi um þetta er ríkistrygging írska bankakerfisins, sem vikið var að ofar. Írar ríkistryggðu upp í topp ákveðinn fjölda kerfislega mikilvægra banka, en létu nægja að tryggja innstæður í öðrum írskum bönkum upp að 100.000 evrum - og erlendir bankar á Írlandi fengu enga viðbótartryggingu.⁹

Annað dæmi lýtur að uppgjöri innstæðna vegna falls Capinordic Bank í Danmörku. Sá banki hafði útibú í Svíþjóð, en danski innstæðutryggingasjóðurinn og Finansiel Stabilitet, tryggðu einungis að fullu innstæður í Danmörku. Sænskar innstæður voru aðeins tryggðar upp að 50.000 evrum. Móðurfélag bankans tók svo að sér að greiða upp í topp innstæður þeirra viðskiptavina sænska útibúsins, sem áttu innstæður umfram 50.000. Indefence er að skoða nánar tilfelli Capinordic bankans. Ljóst er að Danir tryggðu danskar innstæður upp í topp, svipað og gert var á Íslandi, og að danski innstæðutryggingasjóðurinn nýtur forgangs fram yfir “upp í topp” tryggingu móðurfélagsins, en móðurfélagið gegnir svipaðri stöðu og bretar og hollendingar í Icesave málinu.¹⁰

Ljóst er að ríkistrygging írsku bankanna hafði í för með sér margvíslegan skaða fyrir Breta, þegar innstæðueigendur í Bretlandi fluttu innstæður sínar yfir í örugga skjólið í ríkistryggðu bönkunum á Írlandi. Fyrir breska banka var mjög óheppilegt að missa innstæður yfir til Írlands á tímum þegar alla banka skorti lausafé. Ríkisábyrgð Íra var tilkynnt 29. september 2008 en þann 3. október 2008 var innstæðuflótti úr Icesave svo mikill að FSA frysti eignir Landsbankans í Englandi og gaf frest fram á mánudag til að auka lausafjárstöðu Landsbankans í Englandi. Líklegt er að stór hluti innstæðna Icesave hafi einmitt farið til Írlands.

Evrópusambandið samþykkti þó þessa ráðstöfun Íra. Ýmis önnur lönd léku sama leikinn í framhaldinu. Við höldum því ekki fram, að það hafi verið rangt af ESB. Ljóst var að grípa þurfti til róttækra ráðstafana. Engu að síður stríðir þetta gegn veigamiklum grundvallarsjónarmiðum

⁹<http://www.irishlinks.co.uk/savings-interest-ireland.htm>

¹⁰<http://www.finansielstabilitet.dk/Images/PDFer/Engelsk/Capinordic/Coverage%20of%20deposits%20in%20Capinordic%20Bank%2010%20feb2010.pdf>

Evrópusambandsins, t.d. um bann við ríkisstuðningi og um jafna samkeppnisstöðu. ESB hefur vafalaust talið nauðsynlegt og réttlætanlegt að freista þess að koma í veg fyrir kerfishrun á Írlandi, sem hefði breiðst út til annarra landa, þ. á m. Bretlands.

Við teljum fullvíst að Evrópusambandið hefði líka samþykkt samsvarandi aðgerðir og Ísland greip til, ef annað land hefði átt í hlut, þ.e.a.s. land sem hefði jafnmikla kerfislega þýðingu fyrir Evrópusambandið og Írland. Þess í stað hefur ESA kvartað yfir “rangri innleiðingu” innstæðutryggingakerfisins á Íslandi og “óréttmætri mismunun”.

Fjármögnun innstæðutryggingarkerfi Evrópu.

Þar sem innstæðutryggingarkerfið er innleitt til að tryggja stöðugleika í viðkomandi bankakerfi er kostnaði vegna tryggingarkerfisins varpað á bankana sem verið er að tryggja innstæður hjá. Þessari kerfi eru bæði for-fjármögnuð eða eftirá-fjármögnuð. Við kerfishrun er augljóslega ekki hægt að eftirá-fjármagna og ekki er heldur hægt að for-fjármagna kerfi þannig að það standist kerfishrun. Því er innstæðutryggingarkerfum ómögulegt að standa undir kerfishruni, enda er það niðurstaða Samtaka innstæðutryggingarsjóða í Evrópu (EFDI) í skýrslu sinni frá 2006¹¹. Flestir sjóðir í evrópu tryggja sér því fjármögnun útúr þrotabúi hins fallna banka með því að eignast forgangsrétt í endurheimtur þess innstæðueiganda sem nýttur tryggingar. Forgangurinn er heimilaður í tilskipuninni um innstæðutryggingar í 11. grein og framkvæma sjóðirnir þennan forgang annarsvegar með samningi við innstæðueigandann eða með lögum. Hér eru nokkur dæmi þar sem forgangurinn er tryggður með lögum:

Land	Forgangsréttarákvæði
Danmörk ¹²	The Fund shall, to the extent of the amount of compensation paid by it, be <i>subrogated</i> to the claim of the depositor against the institution which is subject to suspension of payments or gone into compulsory winding-up proceedings
Noregur ¹³	Where the Fund has covered a loss under the guarantee ... the Fund is subrogated to the rights of the depositor to the extent of the amount disbursed.
Svíþjóð ¹⁴	When a foreign guarantee system has compensated due to the bankruptcy of a Swedish institution the foreign guarantee system enters into the depositor's rights against the institution with a <i>priority</i> over the depositor, for the outstanding amount.

¹¹ European Forum og Deposit Insurers, *Deposit Guarantee Systems: EFDI's First Report 2006*

¹²<http://www.finanstilsynet.dk/upload/Finanstilsynet/Mediafiles/newdoc/Oversaettelser/Guarantee-depositors-070802.doc>

¹³http://www.finanstilsynet.no/Global/English/Laws_and_regulations/Laws/Guarantee_Schemes_Act.pdf

¹⁴[http://62.95.69.15/cgi-](http://62.95.69.15/cgi-bin/thw?${HTML}=sfst_1st&${OOHTML}=sfst_dok&${SNHTML}=sfst_err&${BASE}=SFST&${TRIPSHOW}=format%3DTHW&BET=1995:1571$)

[bin/thw?\\${HTML}=sfst_1st&\\${OOHTML}=sfst_dok&\\${SNHTML}=sfst_err&\\${BASE}=SFST&\\${TRIPSHOW}=format%3DTHW&BET=1995:1571\\$](http://62.95.69.15/cgi-bin/thw?${HTML}=sfst_1st&${OOHTML}=sfst_dok&${SNHTML}=sfst_err&${BASE}=SFST&${TRIPSHOW}=format%3DTHW&BET=1995:1571$)

- Frakkland¹⁵ The deposit guarantee fund is *subrogated* in the rights of the beneficiaries up to the amounts paid in compensation.
- Lúxemborg¹⁶ Pursuant to the law, the Association, which makes payments under the Guarantee, shall be subrogated up to an amount equivalent to its payment for the guaranteed rights. The Association takes priority for reimbursement over these clients and entitled beneficiaries of clients and entitled beneficiaries who have obtained the payment.
- Malta¹⁷ Where the Scheme has made a payment to a claimant, the Scheme shall be *subrogated* to the rights and remedies of that claimant against the credit institution

Skýrt er kveðið á um að EES tilskipunin um innstæðutryggingar megi ekki leiða til þess að aðildarríki beri kostnað af tryggingarkerfinu (e. may not result in the Member States' ... being made liable) þar sem slík kerfi hafa verið innleidd. Eins og farið hefur verið í, er það kerfishrun sem olli því að innleitt kerfi dugðu ekki, en það hefur verið þekktur vandi lengi vel.

Rót vandans

Evrópusambandið þarf að viðurkenna, að kerfishrun eru ekki aðeins möguleg. Þau eru byggð inni innstæðutryggingakerfið, nema endurtekin ríkisaðstoð við kerfið fari fram. Slíkt stríðir gegn grundvallahugmyndum ESB, getur ekki talist ástættanlegt til frambúðar fyrir sambandið og er blekking við almenning í Evrópu, sem gerir ráð fyrir að innstæðutryggingakerfi standi undir nafni án þess að skuldbindingum þeirra sé velt yfir á skattgreiðendur. Þetta þarf einnig að hafa sérstaklega í huga við breytingar á íslensku innstæðutryggingalöggjöfinni sem nú tekur inntak sitt beint úr tilskipunum Evrópusambandsins. Ef ekki er brugðist við þeim göllum sem Icesave málið hefur sýnt skýrt fram á er ljóst að áfram verður hætta á að erfiðar aðstæður skapist vegna gjaldþrots bankastofnana sem kerfið ræður ekki við.

Nýtt frumvarp um innstæðutryggingasjóð.

Það er að sönnu erfitt að kyngja því, að íslenskur almenningur taki á sig byrðar sem eiga sér ekki lagastoð, þegar ljóst er að ekki á að taka á þeim göllum innstæðutryggingakerfisins, sem nefndir voru hér að ofan.

Í þessu sambandi er vert að fara nokkrum orðum frumvarp um innstæðutryggingasjóði sem liggur nú fyrir Alþingi.¹⁸ Eins og þingmönnum er kunnugt er þar lagt til að hækka skuli tryggðar innstæður úr rúmum 20.000 evrum í 100.000 evrur. InDefence hópinn rekur í rokastans við þessi tíðindi, í ljósi þess að ómögulegt hefur reynst að tryggja 20.000 evrur án þess að stórfelld aðkoma ríkisins komi til. Það vekur undrun ef á að innleiða að nýju innstæðutryggingakerfi, þar

¹⁵http://www.garantiedesdepots.fr/spip/spip.php?article69#L312_6

¹⁶http://www.agdl.lu/pdf/AGDL_Statuts_EN_180209.pdf

¹⁷<http://www.justiceservices.gov.mt/DownloadDocument.aspx?app=lom&itemid=10424&l=1>

¹⁸<http://www.althingi.is/altext/139/s/0268.html>

sem ekki er tekið á þeim göllum sem raktir voru að ofan.

Við fall bankanna 2008 varð öllum ljóst að innstæðutryggingasjóðurinn gat ekki staðið undir 20.000 evru tryggingunni. Hvernig í ósköpunum á hann þá núna að standa undir 100.000 evru tryggingu? Hverjum dettur í hug að lögbinda slíkt með fordæmi Icesave málsins svo nærtækt?

Eins og til þess að sefa almenning er tekið skýrt fram í frumvarpinu að ekki sé ríkisábyrgð á skuldbindingum innstæðutryggingasjóðs. En í næstu setningu kemur svo fram að án ríkisábyrgðar sé sjóðurinn lítilsmegnugur. Enda segir þar "Hins vegar má telja að þær kringumstæður geti skapast að lántaka sjóðsins verði erfiðleikum bundin án bakábyrgðar ríkissjóðs eða annarrar aðkomu hans að lántökunni." Án aðkomu ríkissjóðs er með öðrum orðum, vonlítið að standa undir skuldbindingum sjóðsins skv. nýju frumvarpi.

Í kjölfar Icesave hefur almenningur fengið sig fullsaddan á "aðkomu ríkissjóðs" að rústabjörgun vegna starfsemi einkabanka. Sjóðurinn mun á mörgum árum safna fáeinum milljörðum og verða fullkomlega vanmáttugur þegar að falli banka kemur.

Annars konar innstæðutryggingar?

Nær væri að setja í lög fyrirkomulag í anda neyðarlaganna, sem veitti innstæðum einskonafríðhelgi, eða algeran forgang í þrotabú. Með því móti ganga innstæður fyrir, en aðrar kröfur í bankann mæta afgangi. Þannig taka eigendur bankanna og lánveitendur þeirra skellinn, þegar bankinn, fyrirtækið sem þeir ráku, fer á hausinn. Ríkissjóði er þannig haldið utan við dæmið. Þetta er í samræmi við yfirlýsingar Michel Barnier, Internal Market Commissioner í framkvæmdastjórn ESB. Barnier segir: "The aim is to ensure that cost of the difficulties are borne by shareholders and unsecured creditors, and **not taxpayers**, while ensuring financial stability and continuity of services to users" (Barnier, 19 mars, 2010).¹⁹

Í stað þess að hnykkja á því að ríkið skuli bera ábyrgð, tekur hann fram að skattgreiðendur eigi ekki að bera skaðann, heldur skuli kostnaðurinn falla á hluthafa og ótryggða kröfuhafa (e. unsecured creditors). Barnier fer þannig furðu nærri þeirri lausn sem íslensk stjórnvöld hafa farið við lausn þessa máls.

Ljóst er að bankar verða í framtíðinni að verða sér úti um traust með öðrum hætti en með lítt dulinni ríkisábyrgð. Ein leið gæti falist í því að bankar birtu lánabækur sínar, a.m.k. fyrir stærri lánþega. Almenningur ætti að geta séð, hvort bankinn sem hann treystir fyrir innstæðum sínum, er traustsins verður. Er bankinn að lána tengdum aðilum? Fá sömu aðilar meginþorra útlána? Útlánastefna bankanna á ekki að vera leyndarmál, enda vandséð hvers vegna almenningur, sem á spariféð, fær ekkert að vita um hvernig það er ávaxtað.

Í þriðja lagi er hægt að hugsa sér að innstæðutryggingasjóðir Evrópu myndi sameiginlegan sjóð og baktryggi þar með hver annan. Í fjórða lagi mætti hugsa sér að innstæðutryggingasjóðir

¹⁹<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=SPEECH/10/112&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>

störfuðu þvert á landamæri. Þá myndi kerfishrun í tilteknu landi dreifast á fleiri sjóði. Í fimmta lagi kæmi til greina, að innstæðueigendur væru skyldaðir til þess að dreifa innstæðum sínum á fleiri banka. Þá myndi skaðinn af falli eins þeirra (og biðin eftir útgreiðslu úr þrotabúi) ekki vera jafnþungbær. Í sjötta lagi væri ekki úr vegi, að innstæðueigendur tryggðu sjálfir sínar innstæður með því að kaupa sér tryggingu hjá öðrum banka, helst í öðru landi, sem væri með starfsemi algerlega óháða þeim banka, sem varðveitir innstæðurnar. Enda gildir það um flestar aðrar eignir (t.d. húsnæði, bíla), að eigandinn er ábyrgur fyrir tryggingunum.

Auk þessara vandamála við innstæðutrygginakerfi mjög margra evrópulanda, þá eru sérstök vandmál tengd því að tryggja samskonar þjónustu (og komast hjá því að mismuna) þegar ólíkir gjaldmiðlar eru í notkun í einstökum útibúum viðkomandi banka. Á þessum vandamálum þarf að finna lausn ef frjálst flæði fjármagns á enn að viðgangast innan EES milli svæða með ólíkan gjaldmiðil. Jafnframt er tryggð almenningis við starfsemi í þeirra heimalandi meiri en tryggð og traust til starfsemi erlendra banka. Því er eðlilegt að til mismunandi aðgerða sé gripið þegar reynt er að koma í veg fyrir áhlaup við þessar ólíku aðstæður.

En dulin ríkisábyrgð á öllum þeim vandræðum, sem bönkum er gert kleift að koma sér í, t.d. með frjálsum flæði fjármagns samkvæmt Evróputilskipun, er ekki lengur boðleg almenningi, sem vill byggja ákvarðanir sínar á upplýsingum.

Öll raunhæf tryggingarkerfi eru þeim takmörkunum háð að geta ekki tryggt meiriháttar atburði. Hugmyndafræði tryggingarkerfa byggist á þeirri aðferðafræði að þær tryggingar sem þarf að greiða séu lægri en iðgjöld sem greidd eru fyrir trygginguna. Þannig eru þeir sem þurfa bætur vegna ferðatrygginga yfirleitt töluvert færri en sjá heildar fjöldi sem tryggir sig vegna ferðalaga sinna. Hinsvegar, við náttúruhamfarir, getur fjöldi bótaþega verið umfram það sem kerfið þolir. Tryggingar eru því iðulega með svokallað *Force majeure* ákvæði þar sem kveðið er á um atvik þar sem tjón er ekki bætt. Þessháttar ákvæði grefur þó undan trúverðugleika tryggingarinnar hjá almenningi. Hinsvegar er það óhjákvæmilegt að öll tryggingarkerfi eru háð þeim takmörkunum að til eru aðstæður þar sem sá tryggði getur ekki fengið fullar bætur. Því er það einnig ótrúverðugt að hafa ekki slíkt ákvæði og búa til þá talsýn að trygginginn virki alltaf. Aðferðin sem trygginarfélög nota við að verjast þessari áhættu er að endurtryggja sig hjá stærri tryggingaraðilum. Þannig dreifist stórt áfall í litlu kerfi á mun stærra kerfi þar sem áfallið verður viðráðanlegt. Slík dreifing á kerfislegum áföllum er til staða í bílatryggingum, ferðatryggingum, líftryggingum og fjölda annara tryggingakerfa. Hinsvegar er ekkert slíkt stoðnet þegar kemur að innstæðutryggingum einstakra landa í Evrópu en það hefði getað stórlega dregið úr þeirri kerfislegu höggbylgju sem gekk um bankakerfi Evrópu haustið 2008.

Viðauki II: Áhrif Pari-Passu í samanburði við Ragnar Hall ákvæðið – nánari skýringar

Við mat á Icesave samningum stóð InDefence hópurinn frammi fyrir því að misræmi var í upplýsingum um upphæðir innstæðna á Icesave reikningum. InDefence hópnun þykir óheppilegt að ekki hafi verið birtar nægjanlega nákvæmar upplýsingar í greinargerð með Icesave III frumvarpinu til þess að hægt sé að meta áhrif samningsdraganna, sem án vafa er einn stærsti einstaki samningur ríkisins ef af verður. Að auki er síðan ósamræmi í þeim opinberu upplýsingum sem almenningur hefur aðgang að héðan og þaðan til að fylla upp í upplýsingaholurnar í greinargerðinni. Best hefði verið ef stjórnvöld hefðu einfaldlega birt útreikninga sína í greinargerð, sérstaklega um áhrif pari-passu samningsins og hugsanlegan kostnað þess ef málaferli tapast.

Ósamræmi í upplýsingum

Opinberar upplýsingar sem hópurinn notaði eftirfarandi:

- a) Greinargerð með frumvarpi um Icesave III
Gefur upphæðir í Icesave í erlendri mynt
- b) Erindi nr. Þ137/681 til Alþingis frá 13.júlí 2009
Inniheldur sundurliðun eftir upphæð á a) heildarinnstæðum Icesave reikninga og b) þeirri upphæð sem lendir á innlánstryggingasjóði (undir €20.887 og £16.500) í erlendri mynt.
- c) Skilanevnd Landsbankans
Gefur upp verðmæti Icesave krafna á nokkrum tímupunktum í krónum og viðmiðunargengi sem skilanevndin notar til að reikna þær upphæðir

Engar upplýsingar fundust um dreifingu binditíma þeirra innlána sem voru í Icesave.

Munur á frumvarpi og erindi

Munurinn felst í því að sundurliðun samkvæmt island.is felur í sér lægri upphæðir lágmarkstryggingarinnar og munar 5-11%:

Upphæð sem fellur undir innstæðutryggingasjóð		
	£	€
Samkvæmt erindi	2.239.478.713	1.180.611.896
Samkvæmt greinargerð	2.350.000.000	1.329.242.850
Munur [mynt]	-110.521.287	-148.630.954
Munur [%]	-5%	-11%

Þetta leiðir til þess að útreikningar um áhrif þess að fella úr gildi pari-passu samninginn gætu verið rangir.

Munur á frumvarpi og Landsbanka

Síðan er munur á heildarupphæð Icesave í erlendum myntum samkvæmt frumvarpi uppreiknað í krónur samkvæmt viðmiðunargengi skilanevndar Landsbankans og þeim upphæðum sem skilanevnd Landsbankans birtir í krónum. Sambærileg skekkja fæst varðandi upphæð heildsölu-innlána hjá Landsbankanum. Hér munar á bilinu 0,4-3% eftir því hvaða viðmiðunardagsetning er valin úr tölum Landsbankans. Sem dæmi um skekkju má nefna tölur frá 22. apríl 2009:

Tölur úr frumvarpi með gengi skv. Landsbanka: £4,53b * 191,1 + €1,67b * 169,2 + ISK 8 = ISK 1.156b	Tölur skv. Landsbanka ISK 1.161b
---	-------------------------------------

Þetta leiðir til þess að skekkja getur verið í útreiknuðum heimtum eignasafnsins.

Gjaldeyrishætta Icesave

Uppsetning krafna Icesave málsins er nokkuð flóknari en margir gera sér grein fyrir. Þannig er einnig talað um tvær prósentur um heimtur og slíkt er eðlilegt.

Krafa Innlánstryggingasjóðs

Fyrst ber að nefna að Innlánstryggingasjóður (TIF) gerði kröfu á Landsbanka þann 22.04.2009 fyrir þeim innlánnum sem sjóðurinn ber ábyrgð á samkvæmt evróputilskipun. Samkvæmt íslenskum lögum var sú krafa gerði í krónum, ekki erlendri mynt. Þannig er krafa TIF föst í 1.319ma.kr. og Icesave hluti hennar fastur í 674ma.kr. Á sama tíma breytist virði eignasafnsins eftir gengi: Ef krónan styrkist lækka heimtur eignasafnsins gagnvart kröfu innlánstryggingasjóðs.

Hér má sjá mynd af stöðunni miðað við áætlun skilanevndar Landsbankans um heimtur úr eignasafni Landsbankans frá 30.09.2010 og kröfu TIF:

	TIF	----->	Landsbanki
	ISK 1.319Ma		ISK 1.138Ma
Krafa	ISK 1.319Ma		
Þar af Icesave	ISK 674Ma	51%	
Heimtur krafna	86,3%		
Kröfur umfram eignir LBI	ISK 181Ma		
- hlutfall	15,9%		

Eins og sést er Icesave um 51% af heildarkröfunum og heimtur upp í heildarkröfuna eru um 86,3%. Hér má einnig sjá að kröfurnar eru 181ma.kr. yfir mati skilanevndar í lok september.

Heimtur upp í kröfu TIF eru hins vegar ekki heimtur upp í Icesave kröfu Breta og Hollendinga.

Icesave krafan

Til þess að geta metið heimtur upp í Icesave kröfu Breta og Hollendinga upp í lágmarkstrygginguna þarf að taka tillit til þess að þessar þjóðir gera kröfu um að fá greitt í erlendri mynt. Þannig breytist krafan í krónum eftir því sem gengi krónunnar breytist.

Hér vantar því miður upplýsingar og ósamræmi virðist vera í tölum skilanevndar og útreiknuðum tölum samkvæmt frumvarpinu. Miðað við mat InDefence er staða Icesave krafna og eignasafns Landsbankans eftirfarandi:

	Icesave	TIF	Landsbanki
Áætlaðar kröfur 9.1.2011	ISK 1.231b	ISK 1.319b	ISK 1.138b
Þar af Icesave	ISK 630b	ISK 674b	
Heimtur krafna	92,4%	86,3%	
Kröfur umfram eignir LBI	ISK 93b	ISK 181b	
- hlutfall	8,2%	15,9%	
Svigrúm upp í vexti		ISK 88b	

Hér má sjá að staðan á Icesave kröfunni hefur lækkað úr 1.319ma.kr. í 1.231ma.kr. vegna gengisbreytinga og sá hluti innlána sem TIF ber ábyrgð á stendur nú í 630ma.kr. og hefur lækkað um 47ma.kr. Í heild hefur Icesave krafan lækkað um 88ma.kr.

Þessi lækkun á kröfunni í krónum þýðir hins vegar að heimtur í prósentum eru hærri en heimtur á kröfu TIF. Þannig eru áætlaðar heimtur (efnahagslegar heimtur) upp í Icesave 92,4% miðað við mat skilanevndar á eignasafni Landsbankans.

Haldist krónan sterk getur þetta leitt til þess að heimtur á kröfu TIF verði yfir 100% af Icesave kröfunni. Það gæti því endað þannig að TIF fái greiðslu upp í vexti á skuld sinni. Þetta er hins vegar háð gengisþróun krónunnar. Miðað við stöðu gjaldmiðla í dag gæti eignasafnið þannig borgað vaxtagreiðslur up að 8,2% af Icesave kröfunni.

En krafa TIF getur einnig virkað sem takmörkun á heimtur Icesave kröfunnar. Ef gengi krónunnar lækkar, hækkar verðmat eignasafnsins en krafa TIF er óbreytt. Þannig gæti komið upp sú staða að eignasafnið verður meira virði en sem nemur kröfu TIF á Landsbankann upp á 1.319ma.kr. Þá mun Landsbankinn borga umframheimtur til almennra kröfuhafa. Miðað við útreikninga InDefence gerist þetta ef krónan lækkar meira en 17%.

Þetta hefur í för með sér tvenns konar áhættu:

- Miklar sveiflur hafa verið á krónunni undanfarið og því er 17% sveiflur í raun mjög lítið. Þetta á sérstaklega við ef gjaldeyrishöftum verður aflétt.

- b) Erlendir kröfuhafar Landsbankans geta hagnast um milljarðatugi með lækkun krónunnar. Því er ákveðin hættu á því að þeir reyni að ráðast á krónuna, sérstaklega ef gjaldeyrishöftunum er aflétt.

Því miður er ekki lögð fram áætlun í frumvarpinu um það hvernig hægt verði að aflétta gjaldeyrishöftum samhliða hugsanlegu samþykki Icesave.

Jafnstöðusamningurinn og forgangur krafna

Til þess að meta áhrif pari passu samningsins þarf fyrst að gera sér grein fyrir muninum á pari-passu og því ferli sem evróputilskipunin og íslensk gjaldþrotalög gera ráð fyrir.

Í grunninn snýst málið um það hvernig kröfurnar eru meðhöndlaðar. Pari-passu samningurinn gerir ráð fyrir því að hverju innláni sé skipt upp í tvo hluta, þann hluta sem innlánstryggingasjóður ber ábyrgð á og síðan upphæð innlánsins umfram lágmarkstryggingu (þetta er sú upphæð sem Hollendingar og Bretar bera ábyrgð á). Þessir tveir hlutar eru síðan jafn rétt háir.

Hin leiðin byggir á því að sérhvert innlán sé meðhöndlað sem sér krafa og Innlánstryggingasjóður taki kröfuna yfir fyrir hönd innstæðueigandans og tryggi svo greiðslu upp á allt að €20.887 úr sjóðnum.

Munurinn felst í því hvernig háar innstæður eru meðhöndlaðar. Hér er um þrjú tilvik að ræða (án tillits til vaxta):

Innlánið eru undir €20.887

Hér ber TIF alla ábyrgð á láninu í báðum tilvikum. TIF tekur yfir lánið og fær svo heimtur Landsbankans upp í kröfu sína. Hér er miðað við heimtur TIF 92,4% í báðum tilvikum. Niðurstaðan verður því:

Jafnstöðusamningur:	92,4% heimtur hjá TIF
Evróputilskipun og íslensk lög:	92,4% heimtur hjá TIF

Innlánið er yfir €22.630 (m.v. 92,4% heimtur)

Hér kemur fram talsverður munur á heimtum. Ef íslensk lög gilda myndi TIF hér ekki þurfa að borga neitt í þessum tilvikum enda eru áætlaðar heimtur í öllum tilvikum yfir lágmarkstryggingunni €20.887. TIF myndi bíða eftir endurheimtum og greiða Bretum og Hollendingum það sem næst umfram €20.887. TIF fengi því 100% af nafnvirði kröfu sinnar. Ef jafnstöðusamningurinn gildir myndi TIF fá 92,4%.

Þetta er best útskýrt með dæmi. Innlán upp á €40.000 myndi skila heimtum upp á tæplega €37.000 miðað við mat skilaneftndar. Ef íslensk lög gilda myndi innlánstryggingasjóður ekki þurfa að borga neitt til viðkomandi, enda heimtur þegar komnar yfir €20.887. Ef jafnstöðusamningurinn gildir fengi Icesave krafan 92,4% heimtur eða sem nemur €19.300.

Niðurstaðan verður því:

Jafnstöðusamningur:	92,4% heimtur hjá TIF
Evróputískipun og íslensk lög:	100% heimtur hjá TIF

Innlánið er á bilinu €20.887 – €22.630 (m.v. 92,4% heimtur)

Hér eru heimtur upp í €21.887 samkvæmt íslenskum lögum breytilegar eftir upphæð lánsins. Eftir því sem lánið hækkar, hækka heimturnar úr 92,4% í 100%. Samkvæmt Jafnstöðusamningnum verða heimturnar óbreyttar í 92,4%. Niðurstaðan er því:

Jafnstöðusamningur:	92,4% heimtur hjá TIF
Evróputískipun og íslensk lög:	92,4%-100% heimtur hjá TIF (hækkandi með innláni)

Niðurstaða

Niðurstaðan er sú að með því að fara eftir íslenskum lögum og evróputilskipun um forgangsröðun krafna í þrotabúið nást hærri heimtur á Icesave kröfurnar þar sem allar innstæður yfir lágmarksupphæðinni €20,887 skila hærri heimtum en eignasafnið í heild. Þetta þýðir að jafnstöðusamningurinn rýrir heimtur Icesave kröfunnar.

Heimtur Landsbankans

Margt bendir til þess að heimtur Landsbankans verði yfir 100% af forgangskröfum þannig að öll krafa TIF á innlánstryggingasjóð fái greiddur.

Erlendir kröfuhafar

Þessar væntingar má einnig sjá í verði á skuldabréfum Landsbankans. Þrátt fyrir að mat skilaneftndar Landsbankans sé það að eignir dugi ekki fyrir forgangskröfum hafa almennar kröfur á Landsbankann verið að seljast á um 10% verði síðustu mánuði. Segja má að þetta gæti þýtt a) að kröfuhafar geri ráð fyrir því að neyðarlögin falli og/eða b) að gert sé ráð fyrir því að heimtur verði eitthvað yfir forgangskröfum og þannig fái almennir kröfuhafar eitthvað í sinn hlut.

Þann 15.12.2010 kom [bráðabirgðaniðurstaða](#)²⁰ frá Eftirlitsstofnun Evrópska Efnahagsvæðisins (ESA) þar sem gildi neyðarlaganna varðandi forgang innstæðna var staðfest. ESA grundvallar

²⁰ <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/4524>

Þessa niðurstöðu sína m.a. á því að íslensk stjórnvöld hafi rétt til að verja bankakerfið og almannaöryggi. Þetta minnkaði til muna líkurnar á því að neyðarlögin myndu falla fyrir dómstólum. Samt sýndi upplýsingavefurinn Keldan.is hækkun á verði skuldabréfa Landsbankans næstu vikunnar eftir að niðurstaðan kom miðað við vikunnar á undan. Því má draga þá ályktun að erlendir kröfuhafar, sem margir hafa sett sig vel inn í eignasafn Landsbankans, telji að heimtur búsin ná yfir 100% af forgangskröfum.

Hvað þýða auknar heimtur?

Í fyrsta lagi þýða þær það að útistandandi skuld TIF vegna höfuðstólsins verður engin. Þannig myndi Icesave deilan fyrst og fremst snúast um vaxtagreiðslur.

Viðauki III: Möguleg áhrif dómsmáls fyrir EFTA dómstólnum

InDefence hópurinn telur mikilvægt að áhrif dómsmáls EFTA verði metið. Það er miður að engar slíkar upplýsingar eru í greinargerð með frumvarpinu um áhrif þess að fara í dómsmál en skilst okkur að úr því sé bætt með vinnu starfshóps fjárlaganefndar. Það er mat hópsins að ef núverandi samkomulag er ekki samþykkt mun það þýða dómsmál. Íslenska þjóðin stendur því frammi fyrir tveimur valkostum og í frumvarpinu er einungis fjallað um annan kostinn en engar upplýsingar gefnar um hinn síðari. InDefence hópurinn verður því að gefa sér forsendur. Þetta er mjög miður enda nauðsynlegt að almenningur geti séð hvaða valkostir eru í boði.


InDefence hópurinn vill nota tækifærið og hvetja stjórnvöld til þess að birta opinberlega allt mat sem gert var á lagalegri stöðu Íslands á meðan á samningaviðræðunum stóð. Einungis þannig geta íslensk stjórnvöld sýnt þegnum sínum að þau hafi samið þannig að niðurstaðan sé betri en útkoman úr hugsanlegum málaferlum.

Mögulegar niðurstöður

Að mati InDefence getur niðurstaða dómsmála verið eftirfarandi:

- d) Ísland vinnur öll dómsmál og þarf ekki að borga neitt
- e) Ísland tapar dómsmáli um ríkisábyrgð á €20.887 og verður að taka ábyrgð á þeirri upphæð fyrir sérhvern innlánsreikning.
- f) Ísland tapar dómsmáli um mismunun innlánseigenda með stofnun nýju bankanna og verður að taka ábyrgð á öllum Icesave innlánnum.

Í heild eru því möguleikarnir um lyktir Icesave málsins eftirfarandi að mati InDefence:



Hér að ofan var farið yfir muninn á því ef samið er með jafnstöðusamning eins og núverandi samkomulag kveður á um eða samkvæmt íslenskum lögum og tilskipun evrópusambandsins, og jafnvel breskum lögum og Ragna Hall ákvæðið verði látið gilda. Nú verður reynt að gefa mat á fjárhagsleg áhrif dómsmála í Icesave deilunni.

Fjárhagsleg áhrif dómsmála

Ríkisstjórnin hefur ekki gefið upp neinar upplýsingar um líkur á hverju tilviki fyrir sig og því mun InDefence hópurinn einungis meta hvern kost fyrir sig út frá eigin forsendum (sem gætu verið rangar).

Málaferli vinnast

Hér þarf Ísland náttúrulega hvorki að borga upp í höfuðstól né vexti og ber enga útistandandi áhættu. Í umræðu um Icesave gleymist þessi möguleiki oft og er því settur í sér kafla hér.

Málaferli um mismunun tapast

Ef málaferli um mismunun tapast gerir hópurinn ráð fyrir eftirfarandi forsendum:

- Verulegar líkur eru á því að samt verði leyft að vera með tímabundna mismunun enda Icesave upphæðirnar þvilíkar í samanburði við efnahag Íslands að engin þjóð myndi geta ráðið við slíkt áfall. Þetta muni leiða til þess að ekki þyrfi að greiða höfuðstólinn strax.
- Vextir reiknast með sömu kjörum og sambærileg innlán í nýja Landsbankanum þ.e. vextir nýja Landsbankans á reikningum í evrum og pundum.
- Hér yrðu vextir reiknaðir frá því að Landsbankinn var tekinn yfir og innstæður innlendra útibúa færðar yfir í nýja Landsbankann (ekki frá þeim tíma sem TIF átti að borga kröfuna út)

Hér fyrir neðan má sjá tölfu með vöxtum Landsbankans, bæði núverandi vöxtum sem í boði eru og hækkun á reikningum í evrum og pundum sem ekki hafa verið hreyfðar frá hruni (hér er ekki tekið tillit til fjármagnstekjuskatta sem hefðu takmarkað hækkun).

Mynt	Binditími	Núverandi vextir	Hækkun frá hruni
GBP	Óbundinn	0,60%	2,7%
	3mán	1,10%	3,9%
	6mán	1,60%	5,0%
EUR	Óbundinn	0,57%	2,7%
	3mán	1,07%	3,9%
	6mán	1,57%	5,0%

Þessir vextir standa nú í 0,6% til 1,6% og meðalhækkun þeirra frá 08.10.2008 til 31.12.2010 er ekki nema 2,7-5% eftir binditíma. Miðað við hreina ágiskun á skipting reikninga Icesave eftir binditíma (engar upplýsingar eru til um slíkt) þá má áætla að meðal hækkun innlána er um 3% í evrum og 3,9% í pundum yfir þessa 27 mánuði sem liðnir eru frá h runi.. Með því að reikna út og breyta í krónur fæst að uppsafnaðir vextir á allri Icesave upphæðinni eru nú í kringum 45ma.kr. Hér ber að taka fram að þetta er uppsafnaðir vextir alveg frá hruni enda verið að gera upp mismun sem sambærilegt innlán, sem flutt var yfir í nýja Landsbankann hefur fengið.

Hæstu vextir sem í boði eru nú eru um 1,6% í báðum myntum. Þetta er fyrir tilviljun nákvæmlega helmingur af þeim vöxtum sem eru í samkomulaginu (3,2%) og upphæðin er nánast tvöfalt hærri. Ísland þyrfti því að borga sömu upphæð í vexti næstu árin og miðað við það samkomulag sem nú liggur fyrir.

Miðað við þessar forsendur er eini munurinn á þessum tveimur valkostum er því

- a) Vextir – hér munar 19ma.kr. í uppsöfnuðum vöxtum, sömu vextir til framtíðar
- b) Vænt skuld af höfuðstól – hækkar um 54ma.kr.
- c) Útistandandi áhætta - hækkar um 194ma.kr.

Málaferli um €20.887 tapast

Þær forsendur sem hópurinn gefur sér er að ef Ísland tapar málaferlum um €20.887 gildi eftirfarandi:

- Evróputilskipun og íslensk lög gilda um forgang í eignir Landsbankans
- Eftir á að semja um vexti

Samhliða gerð neyðarlaganna var lögum um innlánstryggingar breytt þannig að sjóðnum er heimilt að greiða út í íslenskum krónum. Standist þetta ákvæði gæti samningstaða Íslendinga verið nokkuð sterk í samningaviðræðum um vexti. Bretar og Hollendingar standa þá frammi fyrir því vali að fá greitt í krónum og vera fastir héraendis með peningana á meðan gjaldeyrishöftin eru fyrir hendi eða semja um hagstæða vexti og fá ábyrgð í erlendri mynt frá Íslandi svipað og núverandi samkomulag gerir ráð fyrir.

Miðað við ofangreindar forsendur verður staðan eftirfarandi ef Ísland verður dæmt til að ábyrgjast €20.887 fyrir hvern reikning:

Dómsmál tapast	€21.000 tapast			Vextir
	Upphæð	Heimtur	Útistandandi	2011
Þegar innheimt (með Iceland)	526	55%	284	9,1
Þegar tryggt (með LBI skuld)	833	82%	113	
Útistandandi af höfuðstól í lokin		97%	22	

Þar sem heimtur hækka vegna þess að jafstæðisreikningurinn er ekki lengur í gildi verða vaxtagreiðslur vegna lcesave lægri ef sama vaxtaþrósentu, 3,2% er notuð. Reyndar er staðan þannig að vextir þyrftu að fara upp í 4,1% til þess að vaxtagreiðslur yrðu þær sömu og samkvæmt samkomulagi. Ef innlánsvextir Landsbankans gilda einnig í þessu tilviki (þ.e. 1,6% vextir) yrðu greiddir út 4,5 ma.kr. í vexti árið 2011 í stað 9,1 ma.kr. samkvæmt samkomulaginu.

Útistandandi áhætta lækkar úr 204ma.kr í 113ma.kr. og miðað við væntar heimtur upp á 97% verður útistanandi skuld upp á 22ma.kr. í lokin í staðin fyrir 49ma.kr. samkvæmt samkomulagi.

Miðað við þessar forsendur er eini munurinn á þessum tveimur valkostum því:

- a) Vextir - Enn á eftir að semja um, en þeir gætu hækkað upp í 4,1% án tjóns
- d) Vænt skuld af höfuðstól – Lækkar um 27ma.kr.
- e) Útistandandi áhætta - Lækkar um 91ma.kr.

Því virðist að mörgu leyti vera betra að tapa slíkum málaferlum en að semja. Hér verður þó að taka tillit til þess hver áhrif slíkra málaferla og slíks dóms verða.

Niðurstaða

Hér má sjá samantekt á þeim mismunandi niðurstöðum sem geta orðið í lcesave málinu miðað við þau takmörkuðu gögn sem InDefence hópurinn hefur við hendina og þeim forsendum sem nefndar voru hér að ofan um hvað gerist ef dómsmál tapast. Þær forsendur hefur hópurinn einnig gefið sér vegna skorts á upplýsingum.

Samantekt á valkostum				
	Útstandandi	Vænt skuld	Vextir 2011	Vextir, upps.
Samningsdrög samþykkt	204	49	11,5	26
Samningsdrög samþykkt, án pari-passu	113	22	9,1	26
Öll dómsmál vinnast	0	0	0,0	0
Dómsmál um €21.000 tapast	113	22	4,1%	?
Dómsmál um mismunun tapast	398	95	11,3	45
Munur ef €21.000 tapast og núverandi	-91	-27	?	?
Munur ef mismunun tapast og núverandi	194	46	0	19
Væntur munur (- er betra, + er verra)	-34	-10	-8	-11

Útskýringr með hugtakanotkun í ofangreindri töflu:

Útistandandi: Útistandandi áhætta Íslands m.v. að Landsbanki fái 180ma.kr fyrir Iceland sem selt verður strax og skuldabréf NBI til Landsbankans sé mjög tryggt. Auk þess að greiðslur úr þrotabúinu hefjist strax.

Vænt skuld: Eftirstöðvar af höfuðstól skuldar miðað við væntar heimtur af eignasafni Landsbankans. Hér skiptir reyndar miklu máli hvert bókfært verðmat á Iceland er og heimtur gætu farið yfir 100% bara við það að Iceland sé selt (sjá kafla fyrir ofan um heimtur Landsbankans).

Vextir 2011: Þeir vextir sem þarf að greiða á þessu ári m.v. að Iceland seljist strax og Landsbankinn borgi allt lausafé út strax (ekki grf greiðslum á NBI skuldabréfi).

- **Mismunun tapast:** Hér er gert ráð fyrir því að innlánsvextir Landsbankans gildi ef dómsmál um mismunun tapast og að notaðir eru hæstu vextir sem í boði eru. Það eru 1,6% vextir á reikninga sem bundnir eru til 6 mánaða.
- **€21.000 tapast:** Hér er gert ráð fyrir því að íslensk lög og evróputilskipun gildi ef málaferli um ábyrgð á €21.000 tapast en óvissa sé um vexti.

Uppsafnaðir vextir: Hér er miðað við tölu í frumvarpinu (26ma.kr.) og fyrir tap vegna mismununar er gert ráð fyrir uppsafnaðri stöðu Icesave út frá stöðu sambærilegra € og £ reikninga hjá Landsbankanum alveg frá 08.10.2008 (ekki þeim tíma sem innlánstryggingasjóður átti að greiða). Ekki er gert ráð fyrir fjármagnstekjuskatti.

Viðauki IV: Icesave og erlend fjárfesting

Þrátt fyrir margítrekaðar fullyrðingar um annað verður ekki séð að Icesave deilan hafi með nokkrum hætti takmarkað erlenda fjárfestingu heilbrigðra fyrirtækja. Einu fyrirtækin sem virðast hafa lent í vandræðum eru þau sem annað hvort eru í slæmri stöðu og/eða hafa verið að leita til fjáramálastofnana þar sem Bretar og Hollendingar hafa ítök s.s. til Evrópska fjárfestingabankans. Íslenska ríkið mun að líkindum ekki hafa þörf á erlendri fjárfestingu næstu 3 árin.

Íslenska ríkið

Við mat á stöðu Íslands verður að taka tillit til þess að margir aðilar eru hér að spá slæmum eða versnandi hagvaxtahorfum, lýsa yfir áhyggjum um áhrif óvissu tengdri afléttingu gjaldeyrishafta og óleyst skuldavandamál heimila og fyrirtækja.

Það má t.d. lesa það úr rökstuðningi við [lækkun](#) á áhættumati Íslands niður í ruslflokk hjá matsfyrirtækinu R&I þann 19. nóvember síðastliðinn að fyrrgreindir þættir vegi þyngra en Icesave. Rökstuðningur R&I er í samræmi við [skýrslu](#) AGS eftir heimsókn þeirra á fyrri hluta nóvember mánaðar 2010 þar sem sagt er að endurskipulagning á skuldum heimila og fyrirtækja sé „critical“ fyrir efnahagslegum bata en minnst ekkert á Icesave. Það sama má einnig sjá úr [könnun](#) Samtaka Atvinnulífsins meðal aðildarfyrirtækja í lok síðasta árs þar sem þau voru beðin um að meta sex helstu vandamál fyrirtækja. Enginn valkostanna var um Icesave.

Annað sem sýnir lítil áhrif Icesave á erlenda fjárfesta og fjármögnunarmöguleika er sífellt lækkandi skuldatryggingarálag Íslands þrátt fyrir óleysta Icesave deilu. Skuldatryggingarálagið er nú komið niður í svipaða stöðu og það var fyrir hrún. Á sama tíma fer skuldatryggingarálag annarra landa sífellt hækkandi.

Það virðist því ljóst að leita verður að annarri ástæðu en Icesave þegar kjör íslenska ríkisins eru metin.

Erlend fyrirtæki

Öll helstu fyrirtæki á Íslandi sem fjármagna sig á alþjóðamörkuðum hafa fengið fjármögnun:

- a. Landsvirkjun fékk [lán](#) með milligöngu Deutsche Bank um mitt ár 2010. Þrátt fyrir að kjörin séu ekki mjög góð var [umfram eftirspurn](#) eftir því að lána fyrirtækinu. Landsvirkjun sjálf áætla að [klára](#) fjármögnun Búðarhálsvirkjunar á næstu mánuðum.
- b. Tæknifyrirtækið Marel endurfjármagnaði öll sín lán upp á 53ma.kr. (€350m) og [keypti](#) m.a. til baka eigin skuldabréf í krónum með nýju erlendu láni frá erlendum bönkum. Meðal þeirra sem lánuðu voru þrír hollenskir bankar! Álagið á þessi lán er um 320bp sem er helmingurinn af því sem Landsvirkjun þarf að borga, sem þó er með ríkisábyrgð. Hér eru helstu atriði um Marel [fjármögnunina](#):
 - Íslenskt fyrirtæki sem er með framleiðslu og höfuðstöðvar á Íslandi og íslenska eigendur (80% í eigu íslendinga) hefur endurfjármagnað öll lán til ársins 2015 í erlendri mynt, mest frá erlendum bönkum.

- Upphæðin er upp á 350 milljónir evra eða sem nemur 53mö.kr. Þetta er mjög há upphæð
 - Áhuginn var það mikill að það var umfram eftirspurn í þessu útboði þ.e. Marel neitaði fjármögnun frá erlendum bönkum.
 - Kjörin eru 320bp á Libor sem fara svo lækkandi.
 - Til samanburðar er Landsvirkjun með [6,5%](#) fasta vexti. Þriggja mánaða USD Libor eru í dag [0,29%](#). Þetta jafngildir því 6,2% breytilegum vöxtum. Marel er því að fá helming af álagi Landsvirkjunar, sem þó er með ríkisábyrgð!!!
 - Norðurlöndin eru að lána Íslandi á EURIBOR vöxtum með 2,75% álagi. Marel er því að ná svipuðum vöxtum og íslenska ríkið í niðurgreiddum hjálparpakka!!
 - Meðal sex fjármögnunarbanka voru a.m.k. þrjú HOLLENSKIR bankar.
 - Þeir þurfa m.a. að treysta dómskerfinu hérlandis.
 - Sumir þeirra færðu lán af Stork (sem er hollenskt) yfir á Marel (sem er íslenskt)
- c. Icelandic group [endurfjármagnaði](#) €125m á 300bp.
- Þetta jafnast á við kjör sem Íslenska ríkinu bjóðast í aðstoð Norðurlandanna í samhengi við samstarf IMF og helmingurinn af því sem Írar þurfa að borga fyrir sín lán.
- d. Stoðtækjafyrirtækið Össur [endurfjármagnaði](#) allar sínu erlendar skuldir árið 2010 eftir að hafa [selt](#) nýja hluti fyrir 150 milljónir danskar krónur erlendis í október 2009.

Ekki verður heldur séð að Icesave deilan hafi komið í veg fyrir áhuga erlendra fjárfesta að öðrum fjárfestingum hérlandis. Þannig hafa mörg fyrirtæki lýst yfir áhuga á því að fjárfesta hérlandis s,s, Magma, Alcoa, Verne Holding, Alcan, ECA Program.

Íslensk fyrirtæki eru því að ná að fjármagna sig til langs tíma á frábærum kjörum m.a. frá hollenskum bönkum og erlendir fjárfestar hafa sýnt mikinn áhuga á því að fjárfesta á Íslandi þrátt fyrir Icesave deiluna. Þau fyrirtæki sem ekki fá fjármögnun verða því að leita ástæðunnar í eigin rekstri/efnahag eða umhverfinu hérlandis, t.d. því pólitíska. Ekki verður séð að nokkur fótur sé fyrir því að Icesave stoppi fjármögnun íslenskra fyrirtækja.

Viðauki V: Greinar sem birtust í blöðum sumarið 2009 um forgangsrétt í eignir LÍ við gjaldþrotameðferð hans.

Afrit af eftirtöldum blaðgreinum fylgja hér á eftir:

Grein Ragnars Hall og Harðar Felix Harðarsonar, hæstaréttarlögmannna, Morgunblaðið 22.júlí 2009, bls. 17.

Grein Eiríks Tómassonar, lagaprófessors, Morgunblaðið 22. júlí 2009, bls. 19.

Viðtal við Ragnar Hall, hæstarréttarlögmann og Eirík Tómasson, lagaprófessor, Morgunblaðið 20. júlí 2009, bls. 11.

Grein Ragnars Hall, hæstarréttarlögmanns „Réttarreglur hér og erlendis- álitamál sem tengjast Icesavesamningnum, Morgunblaðið, júlí 2009.

Grein Eiríks Tómassonar, lagaprófessors, Fréttablaðið 22. júlí 2009.

Grein Stefáns M. Stefánssonar, lagaprófessors og Lárusar Blöndals, hæstaréttarlögmanns, Morgunblaðið, 6.7.2009.

Grein Stefáns M. Stefánssonar, lagaprófessors og Lárusar Blöndals, hæstaréttarlögmanns, „Icesave-samningarnir“, Morgunblaðið, júlí 2009.

SÚ EINKENNILEGA niðurstaða hefur orðið í samningnum Íslands við Breta og Hollendinga að greiðslu-ábyrgð Íslandinga verður ekki úr sögnum þótt protabúi Landsbankans nái að greiða 20.887 evrum upp í innsteðu hvers reikningseiganda. Þótt eingengi hafi haldið því fram að Ísland eða tryggingasjóður innsteðueigenda hafi ábyrgt innsteðueigendum í Landsbankanum hærrí fjárhæð varð þetta niðurstaða samninga.

Hvernig getur þetta gengið?

Með lögun um tryggingsgjafið innsteðueigenda og fjárfesta nr. 98 frá 1999 (tryggingsgjafið) var innsteðueigendum veitt takmörkuð vernd gegn greiðslufjöleikum íslensks banka. Veitur sjóðnum tryggingu fyrir fullri útborgun innsteðueigenda allt að fjárfvör rúmlega 20.000 evra. Í Breitlandi er kerfi sem veitur breksku sparifjárreigendum viðbót-árværdni („top up“) allt að 50.000 breksku pundum. Í Leesave-samningnum við umboðsmenn brekska fjárfélagaröðuneytisins, sem nú eru til umfjöllunar á Alþingi, er m.a. samið um lan Breta til Íslandinga til þess að mæta ætlaðri ábyrgð Íslands og skilmála þess láns. Í sérstökum uppgjörsamningi, sem ekki hefur verið birtur almenningi, mun vera ákræði um hvernig greiðslur sem koma frá protabúi Landsbankans upp í förgangskröfur innsteðueigendanna, skuli skipfast millt aðla. Í greinargerð með Leesave-frumvarpinum er sagt að tryggingsgjafið Íslands og Bretlands munu þar ríða á jafnræðis og það sagt vera „í samræmi við þá tilkynningu á gjaldþrotalögunum sem almennt hefur verið uppi“.

Í læssamningi milli Íslands og Hollands er berrum orðum kveðið á um það í grein 3.1.2 b að sé hluti kröfu innsteðueigenda sem framseklur er tryggingsgjafiðnum (20.887 evrum) sé í öllu tilfelli meitin jafngildir og þær kröfur sem Seðlabanki Hollands heklar eftir. Þá er enn fremur kveðið á um það að hvorum aðila, þ.e. tryggingsgjafi og Seðlabanka Hollands, sé skyld að endurgreiða hinnum fjárf svó að annar aðflinn endurheimti hærra hlutfall kröfunnar en hinn.



Höður Felix Hardarson



Ragnar H. Hall

Við undirritaðir erum ósammála því að umsamni aðferð við skipþingunum í Breitlandi og Íslandi sé í samræmi við almenna tilkynningu á gjaldþrotaskiptalögunum. Þvert á móti feljum við umsamnda aðferð vera andstæða réttari tilkynningu laganna og felja í sér vilnum til Breta og Hollendinga á kostnað Íslandinga sem nemur gróðarlögum fjárhæðum.

Samkvæmt lögunum sem sett voru í ljófar bankahrunisins eru allar kröfur sem tryggt eru í tryggingsgjafiðnum förgangskröfur við sliðameferð fjárfélagaröðuneytisins. Samkvæmt 115. gr. gjaldþrotalaganna fylgja réttindi á hendur protabúi kröfu sem framseld er. Í 2. mgr. 10. gr. laganna um tryggingsgjafið segir að sjóðnum „yfirtaki“ kröfu kröfuhafans við útborgun úr sjóðnum til innsteðueigendans.

Til þess að komast að réttari niðurstöðu í þessu efnu er ljúklatrúi að hafa hugfast að förgangskrafa hvers innsteðueiganda er ein krafa. Þótt nýr aðli eignast hluta hennar vegna innlausnar eða framsals verða ekki til margar hlífðar förgangskröfur heldur eru það margar aðilar sem eiga sömu förgangskröfuna. Þegar íslenskt tryggingarsjóðurinn greiðir út fyrsta 20.000 evrunum af innsteðumni til reikningseigendans innleyst (yfirtakar) hann jafnframt samvarandi hluta kröfunnar, þ.e. réttinn til fyrsta 20.000 evrana sem úthlutað verður upp í kröfuna. Sama glíðir um brekska kerfið. Að því marki sem það greiðir viðbót við íslensku trygginguna til innsteðueigendans eignast það samvarandi hluta kröfunnar. Innsteðueigandinn heklar eftir þeim hluta förgangskröfunnar sem er um-

arablaðir hafa greitt honum út og á rétt til úthlutanar úr protabúinu ef fé til úthlutanar verður umfram þá fjárhæð sem Íslandingar og Breklar tryggðu.

Hér á eftir fylgja þrjú dæmi. Í öllum tilvikum er til einföldumar miðað við að protabúi Landsbankans úthluti 50% upp í förgangskröfur.

I. Miðað er við að allar fjárhæðir séu í evrum og ábyrgð Íslands nái til 20.000 evra og ábyrgð Breta til þess sem umfram er allt að 50.000 evrum. Engin ábyrgð sé á innsteðum umfram 50.000 evrum. Tekin eru dæmi um þrjá reikninga þar sem innsteðað er 20.000, 50.000 og 100.000 evrum.

Í fyrsta dæminu er við það miðað að fyrst sé úthlutað frá protabúinu en greitt sé frá ábyrgðaröðlunum þegar úthlutan úr protabúinu er lokið. Í öðru tilvikinu er miðað við að ábyrgðaröðlunum hafi greitt út ábyrgðaröðlunum ábyrgðaröðlunna sen hafi innleyst fyrstu 50.000 evrunum í kröfnum. Þetta leiðir til sömu niðurstöðu og í dæmi 1A, þ.e. innsteðueigandinn fær 50.000 evrum frá bankanum og enginn kostnaður lendir á ábyrgðaröðlunum þar sem ekki reyndust vera fyrir hendi þær aðstæður sem ábyrgðin tekur til.

II. Ábyrgð greidd út. Úthlutað úr protabúinu síðar. Brekskur innsteðueigandi á 100.000 evra reikning. Hann fær 20.000 evra reikning. Hann fær 20.000 evra frá Íslandi sem tekur yfir þann hluta kröfu innsteðueigendans. Hann fær 30.000 evra frá Breiðunum sem taka yfir þann hluta kröfunnar. Kráfan er förgangskrafa að upphæð 50.000 evru og fær sem sílf. 25.000 evrum í úthlutan. 20.000 evrum ganga til Íslands en 5.000 evrum ganga til Bretlands. Innsteðueigandinn fær í sinn hluti 50.000 evrum eins og tryggt er af Íslandi og Breiðlandi. Ísland greiðir ekkert enda var úthlutan af eignum bankans umfram ábyrgð Íslands. Breklar síða uppi með 25.000 evrum í kostnað vegna ábyrgðarinnar. Niðurstæðan er sú sama og í tilviki 1B að Framan. Brekskur innsteðueigandi á 20.000 evra reikning. Hann fær 20.000 evrum reikning. Hann fær 20.000 evrum

arablaðir hafa greitt honum út og á rétt til úthlutanar úr protabúinu ef fé til úthlutanar verður umfram þá fjárhæð sem Íslandingar og Breklar tryggðu.

Höður Felix Hardarson

Hér á eftir fylgja þrjú dæmi. Í öllum tilvikum er til einföldumar miðað við að protabúi Landsbankans úthluti 50% upp í förgangskröfur.

I. Miðað er við að allar fjárhæðir séu í evrum og ábyrgð Íslands nái til 20.000 evra og ábyrgð Breta til þess sem umfram er allt að 50.000 evrum. Engin ábyrgð sé á innsteðum umfram 50.000 evrum. Tekin eru dæmi um þrjá reikninga þar sem innsteðað er 20.000, 50.000 og 100.000 evrum.

II. Ábyrgð greidd út. Úthlutað úr protabúinu síðar. Brekskur innsteðueigandi á 100.000 evra reikning. Hann fær 20.000 evra reikning. Hann fær 20.000 evra frá Íslandi sem tekur yfir þann hluta kröfu innsteðueigendans. Hann fær 30.000 evra frá Breiðunum sem taka yfir þann hluta kröfunnar. Kráfan er förgangskrafa að upphæð 100.000 evrum og fær sem sílf. 50.000 evrum í úthlutan. Þær ganga til ábyrgðaröðlunna sen hafi innleyst fyrstu 50.000 evrunum í kröfnum. Þetta leiðir til sömu niðurstöðu og í dæmi 1A, þ.e. innsteðueigandinn fær 50.000 evrum frá bankanum og enginn kostnaður lendir á ábyrgðaröðlunum þar sem ekki reyndust vera fyrir hendi þær aðstæður sem ábyrgðin tekur til.

III. Niðurstaða samkvæmt samningi við Breta og Hollendinga. Brekskur innsteðueigandi á 100.000 evra reikning. Hann fær greiddar 20.000 evrum frá Íslandi. Hann fær greiddar 30.000 evrum frá Breiðlandi. Úr protabúi Landsbankans greiðast 50.000 evrum sem skipast þannig að Ísland fær 10.000 evrum og Breklar 15.000 evrum. Breiðland 15.000 evrum og reikningseigandinn 25.000 evrum. Þrjár sjálfstæðar og jafnréttákr kröfur sem fá 50% úthlutan hver. Innsteðueigandinn hefur þannig fengið 75.000 evrum þótt ekki hafi verið úthlutað nema 50.000 úr protabúinu og engin trygging tæki til þess að hann fái neitt greitt umfram 50.000 evrum.

10.000 evrum sem ganga til Íslands. Ekki reynir á breksku ábyrgðina þar sem innsteðan var innan þeirra marka sem Ísland ábyrgist. Innsteðueigandinn er skaðlaus en Ísland situr uppi með 10.000 evra kostnað vegna ábyrgðarinnar. Sama niðurstaða og í lið 1C að ofan.

III. Niðurstaða samkvæmt samningi við Breta og Hollendinga. Brekskur innsteðueigandi á 100.000 evra reikning. Hann fær greiddar 20.000 evrum frá Íslandi. Hann fær greiddar 30.000 evrum frá Breiðlandi. Úr protabúi Landsbankans greiðast 50.000 evrum sem skipast þannig að Ísland fær 10.000 evrum og Breiðland 15.000 evrum og reikningseigandinn 25.000 evrum. Þrjár sjálfstæðar og jafnréttákr kröfur sem fá 50% úthlutan hver. Innsteðueigandinn hefur þannig fengið 75.000 evrum þótt ekki hafi verið úthlutað nema 50.000 úr protabúinu og engin trygging tæki til þess að hann fái neitt greitt umfram 50.000 evrum.

Brekskur innsteðueigandi á 50.000 evra reikning. Hann fær greiddar 20.000 evrum frá Íslandi og 30.000 evrum frá Breiðlandi. Úr protabúi Landsbankans er úthlutað 25.000 evrum sem skipast þannig að Ísland fær 10.000 evrum en Breklar 15.000 evrum. Ísland situr uppi með kostnað þótt úthlutan úr protabúi Landsbankans hafi verið umfram það sem Ísland ábyrgist.

Brekskur innsteðueigandi á 20.000 evra reikning. Hann fær greiddar 20.000 evrum frá Íslandi. Ekki reynir á breksku ábyrgðina þar sem innsteðueigandinn hefur fengið allt sitt greitt. Ísland fær 10.000 evrum upp í ábyrgðina frá protabúinu.

Aðferðin sem samið var um felur í sér vilnum til Breta og Hollendinga á kostnað Íslandinga og er að dómi undirritaðra ekki í samræmi við þá aðferð sem beita ber við úthlutan eigna Landsbankans. Gróðarlög hagsmunir eru hér í hálf fyrir íslensku þjóðina. Við hljóttum að spyrja – kemur til álita að Alþingi samþykki samninginn sem liggur fyrir?

Réttarreglur hér og erlendis – Álitamál sem tengjast Icesave-samningum

Eftir Ragnar Halldór Hall

Í UMRÆÐUM um Icesave-samninga undanfarið hefur Indriði Þorláksson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra og nefndarmaður í íslensku samninganefndinni, haldið því fram að engin haldbær rök hafi komið fram fyrir þeirri gagnrýni sem ég hef haldið uppi á efni samningsins. Hann hefur reyndar lítið gert af því að fjalla um einstakar röksemdir sem fram hafa verið bornar, en þetta hefur orðið mér til-



Ragnar Halldór Hall

efni til að kanna nokkur atriði í löggjöf annarra ríkja til að varpa frekara ljósi á málið. Þar sem hvorki fjármálaráðuneytið né aðrir hafa sýnt neina tilbúðri í þá átt að bera ákvæði Icesave-samninganna saman við regluverk annarra ríkja um réttindi tryggingarsjóða til endurgreiðslu mun ég hér leitast við að létta þeim þetta verkefni aðeins.

Til upprifjunar skal á það minnt, að gagnrýni mín beinist að því að ekki er í samningunum gert ráð fyrir að íslenski tryggingarsjóðurinn fái greiðslu á undan hinum erlendu tryggingarsjóðum þegar kemur að uppgjöri hverrar innstæðu úr búi Landsbankans, heldur er gert ráð fyrir að allir sjóðirnir fái hlutfallslega jafnt, enda þótt íslenski tryggingarsjóðurinn eigi alltaf að greiða fyrstu 20.887 evrunar upp í hverja innstæðu. Málið snýst því um það, hvort gera eigi hverja innstæðu upp sem eina, sjálfstæða kröfu, við uppgjör Landsbankans, eða hvort innstæðukrafan breytist í fleiri en eina kröfu þegar tryggingarsjóðirnir leysa til sín hluta af henni. Uppgjörsaðferðirnar leiða til gjörólíkrar niðurstöðu og hef ég áætlað að þarna sé um að ræða hagsmuni upp á á bilinu 100 til 250 milljarða íslenskra króna, hvorki meira né minna. Það ræðst þó eðli máls samkvæmt af vörðmæti eigna Landsbankans, sem skilanefnd bankans fer nú með forræði yfir.

Ég hef haldið því fram að það ráðist af réttarsambandinu milli eigenda hverrar innstæðu hvað hver og einn eigi að fá greitt, þegar þannig stendur á að tryggingarsjóður hefur leyst til sín kröfuna að hluta. Ég tel einsýnt að þegar þannig stendur á, að tiltekinn tryggingarsjóður hefur skyldu til að greiða fyrstur upp í hverja innstæðu, þá eigi hann líka að fá fyrstur greiðslu upp í kröfuna þegar þrotabúi Landsbankans verður gert upp. Þessa niðurstöðu leiði ég af

meginreglum kröfuréttar um innlausn kröfu (e. subrogation) og um endurkröfurétt. Um þetta efni segir í riti Þorgeirs Örlygssonar, þáverandi lagaprófessors, „Kaflar úr kröfurétti II“: „Ef framsal er án nokkurra takmarkana, verður almennt að leggja til grundvallar, að framsalshafi óðlist öll þau réttindi, sem framseljandi átti, þ.m.t. viðbótarréttindi eins og veð og ábyrgð, ef á annað borð er um framseljanleg réttindi að ræða.“ Í 10. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta er ákvæði sem lýtur að þessu. Orðrétt segir:

Komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann kröfu kröfuhafa á hendur hlutaðeigandi aðildarfyrtæki eða þrotabúi. Krafa sjóðsins nýtur réttthæðar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldprotaskipti o.fl. við gjaldprotaskipti, en ella er hún aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

Þessi lagaregla er í samræmi við meginregluna, sem Þorgeir hefur lýst. Greiði íslenski tryggingarsjóðurinn innstæðueiganda 20.887 evrur upp í kröfu hans á hendur Landsbankanum, þá yfirtekur sjóðurinn samsvarandi kröfurétt hans á hendur bankanum, þ.e. réttinn til úthlutunar upp í kröfuna allt frá 1 upp í 20.887 evrur, svo langt sem fjármunir bús Landsbankans hrökkva til er þar að kemur. Það er alvarleg hugsanavilla, sem birtist í fyrirbyggjandi drögum að Icesave-samningunum svonefndu, að við framsal til tryggingarsjóðsins verði til tvær hliðsettar kröfur, sem úthluta skuli upp í að jafnri tiltölu.

Máli mínu til stuðnings hef ég einnig bent á orðalag Evróputilskipunarinnar, sem áður nefnd lög eru byggð á. Þar segir í 11. gr. að tryggingarsjóður skuli, með bótageiðslu til innstæðueiganda, eiga rétt til að leysa til sín kröfu innstæðueigandans að því marki sem hann hefur greitt kröfuna.

Lítum aðeins á það hvornig þetta er gert í nokkrum nágrannalöndum.

Reglur um danska tryggingarsjóðinn

Í Danmörku gilda lög nr. 1009/2007 um tryggingarsjóð fyrir innstæðueigendur og fjárfesta. Í 17. gr. þeirra laga er ákvæði þess efnis að sjóðurinn fái réttarstöðu innstæðueigandans að því marki sem hann leysir hana til sín. Í danska lagasafninu (Karnovs lovsamling, bls.

» Það er alvarleg hugsanavilla ... að við framsal til tryggingarsjóðsins verði til tvær hliðsettar kröfur, sem úthluta skuli upp í að jafnri tiltölu.

6.531) segir efnislega um þessa reglu (í lauslegri þýðingu minni):

Í lögfræðilegu tilliti verður réttarstaða sjóðsins hin sama og ábyrgðarmanns fyrir tilteknum hluta af kröfu viðskiptamanns [lánastofnunarinnar]. Við innlausn eignast sjóðurinn kröfu um fulla endurgreiðslu, enda er lítið svo á að krafa sjóðsins hafi stofnast á sama tíma og krafa innstæðueigandans.

Ljóst er að hér líta Danir svo á að innstæðukrafan haldi áfram að vera ein krafa þótt sjóðurinn leysi til sín hluta hennar á grundvelli lagaskyldu. Sjóðurinn hefur stöðu ábyrgðarmanns, sem á rétt á fullri endurgreiðslu á því sem hann hefur lagt út ef eignir skuldarans hrökkva til.

Írsk löggjöf

Á vefsíðu samtaka sem mér sýnist gegna svipuðu hlutverki og Alþýðusamband Íslands er að finna rækilega útlistun á þarendum reglum um sjóð sem hefur sama hlutverk og Ábyrgðasjóður launa hér á landi. Tilskipun Evrópusambandsins er grundvöllur regluverksins þar, rétt eins og hér á landi. Vefsíðan sem hér um ræðir er www.siptu.ie.

Í umfjöllun um réttarstöðu launþega sem fær greiðslu úr ábyrgðasjóðnum er eftirfarandi klausa:

Are The Employees' Rights Transferred To The Minister After Payment?

Yes. The rights and remedies of employees who are paid from the Social Insurance Fund under these Acts, transfer to the Minister. In the final winding-up proceedings in liquidations, receiverships, bankruptcies, etc., the Minister becomes a preferential creditor against the assets of the employer in respect of the amount paid. A claim by the Minister ranks as priority over any other preferential claim of the employees concerned.

Ég tel að þessar reglur leiði til nákvæmlega sömu niðurstöðu og ég hef haldið fram varðandi Icesave-samningana, þ.e. að íslenski tryggingarsjóðurinn, sem fyrstur á að greiða 20.887 evr-

ur upp í hverja innstæðu, eigi á sama hátt for-
gang að því að fá þá upphæð upp í sinn hluta
hverrar kröfu við uppgjör Landsbankans.

Reglur breska tryggingarsjóðsins

Ég fór inn á heimasíðu breska innstæðu-
tryggingarsjóðsins til að kanna, hvort þar
mætti fræðast um lagaframkvæmdina í Bret-
landi. Þar er tengill inn á sérstakan bækling um
það, hvernig innstæðueigendur skuli bera sig
að við að lýsa kröfum til sjóðsins og hvernig
sjóðurinn meðhöndlar þær. Vefsíðan er
www.fscs.org.uk. Ég hvet alla sem vilja kynna
sér þetta mál til fulls til að skoða það sem þarna
kemur fram, en þar á meðal eru eftirfarandi
leiðbeiningar:

„Compensation payments.

When we have looked at your claim we will
write and tell you if you are entitled to comp-
ensation and, if so, how much we can pay.
There are limits to the amounts we can pay. To
receive compensation you will first need to sign
an 'assignment of rights'. This is usually done
when you complete your application form, and
gives us the right to try to recover from the in-
solvent firm (and third parties) compensation
paid by the Scheme. We will also try to recover
any losses you have incurred that were not
covered by our scheme, and, if we do, will pass
them on to you.“

Hér þarf ekki frekar vitnanna við: Sjóðurinn
greiðir innstæðueigandanum ekki út nema því
aðeins að hann framselji sjóðnum alla sína
kröfu, og sjóðurinn gerir síðan ráðstafanir til að
ná til baka því sem hægt er. Ef sjóðnum tekst
að fá meira upp í kröfuna en hann sjálfur hefur
greitt, þá fær innstæðueigandinn afganginn,
annars fær hann ekkert meira en það sem sjóð-
urinn hefur greitt honum. Þetta regluverk
Bretanna er að sjálfsögðu í fullu samræmi við
Evrópudirektívið sem þeir eru að herma upp á
slenska ríkið.

Í frumvarpinu um ríkisábyrgð á Icesave-
ánunum sem liggur fyrir Alþingi segir m.a.:

„Íslenski tryggingarsjóðurinn fær framselda
kröfu breska tryggingarsjóðsins og hollenska
seðlabankans í bú Landsbankans. Erlendu að-
larnir munu síðan sjálfir gera kröfu í búið
vegna þess sem umfram er og þeir hafa fjár-
nagnað. Í samningnum er sérstakt ákvæði sem
tréttar að sjóðirnir muni njóta jafnræðis þegar
kemur að úthlutun úr bú Landsbankans, þ.e. fá
upp í kröfur sínar í jöfnum hlutföllum, en það er
samræmi við þá túlkun á gjaldþrotalögnum
em almennt hefur verið uppi (leturbreyt.
HH).“

Ég tel að dæmin sem ég hef rakið hér að
raman sýni ótvírætt að þessi fullyrðing er
einlínis röng. Þess vegna þarf að stöðva fram-
ang málsins á Alþingi og knýja á um breyt-
ingar á lánasamningunum.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður.

● Eiríkur Tómasson lagaprófessor og Ragnar Hall hæstaréttarlögmaður telja Íslendinga g Icesave-samningnum ● Íslendingum beri ekki að greiða umfram lágmarkstryggingu samkv

„Slíkt má Alþingi ekki láta yfir sig ganga“

Fær m mótí st



Eftir Pétur Blöndal
pebl@mbl.is

„MÉR finnst öll rök standa til þess að þegar úthlutað er úr Landsbankanum, þá verði fyrst greitt upp í lágmarksábyrgð íslenska tryggingasjóðsins og svo koll af kalli,“ segir



Eiríkur Tómasson

Eiríkur Tómasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. „Þessu sé ekki dreift jafnt á tryggingasjóðinn hér, tryggingasjóðina ytra og svo á kröfuhafana.“

Um þetta snýst deilan, að sögn Eiríks. „Það er von að það standi í fólki að skilja þetta. Sá allsherjar misskilningur er uppi, að þegar neyðarlög in voru sett, þá hafi um leið verið leyst úr þessu álítaefni. En það er ekki rétt, vegna þess að með þeim var aðeins verið að jafnsetja innstæðueigendur gagnvart greiðslum úr þrotabúi bankans.“

Úthlutuninni lagskipt

Hann skýrir mál sitt frekar: „Ef það koma 75% upp í forgangskröfur úr búi Landsbankans, gefum okkur að forgangskröfurnar haldi, sem er eitt álítaefnið enn. Þá fá allir 75% upp í sína innstæðu, óháð því hvort hún er lág eða há. Síðan er það allt annað álítaefni hvað á að gera við þá peninga sem greiddir eru upp í kröfurnar. Þar finnst mér öll rök standa til þess, að fyrstu greiðslurnar renni til íslenska tryggingasjóðsins, sem samkvæmt samkomulaginu greiðir lágmarkstrygginguna, 20.887 evrur. Síðan gangi greiðslurnar til breska og hollenska innstæðutryggingasjóðsins og síðan ef eitthvað er eftir, þá gangi það til kröfuhafanna.“

Ef þessi leið verður farin, þá fá kröfuhafarnir, sem eru upphaflegu innstæðueigendurnir, hugsanlega eitthvað í sinn hlut, að sögn Eiríks.



Morgunblaðið/Eggert

Á Austurvelli Fjöldi fólks hefur tekið þátt í mótmælum gegn Icesave. Skuldír Íslands vegna Icesave nema um 575 milljörðum króna.

Í HNOTSKURN

» Í Icesave-samningnum fylgir úthlutun úr búi Landsbankans helmingaskiptareglu, en sú lágmarkstrygging sem Íslendingar taka á sig hefur ekki forgang umfram það.

» Enn hvílir leynd yfir breska uppgjörssamningnum.

» Gagnrýnt er að úthlutunin fari ekki eftir íslenskum lögum, því þá hefðu Íslendingar fengið úthlutað fyrst.

„Annaðhvort verða allir að vera jafnsettir eða þetta fer eftir forgangsröð. Um það eru skiptar skoðanir, en eftir að hafa lagst yfir þetta, með hliðsjón af tilskipun Evrópusambandsins, þá finnst mér einsýnt að úthlutuninni verði svoína lagskipt. Þetta þýðir að ef við gefum okkur að 75% komi upp í kröfurnar, þá fær íslenski tryggingasjóðurinn ekki allt upp í sína kröfu ef innstæðan er lág, til dæmis 20 þúsund evrur. 75% af því eru 15 þúsund evrur og við verðum þá að taka á okkur það sem út af stendur til að ná lágmarkinu, 20.887 evrum.“

En ef innstæðan er há, til dæmis 100 þúsund evrur, þá koma 75 þúsund evrur upp í það. Þá tel ég að tryggingasjóðurinn eigi að fá sitt til baka að fullu, síðan breski og hollenski

tryggingasjóðurinn og kröfuhafarnir síðast. Annars erum við í raun að taka á okkur meiri ábyrgð en sem nemur lágmarkstryggingunni.“

Þetta er mergur málsins, að sögn Eiríks. „Í samningnum eru íslenskir skattgreiðendur að taka á sig meira en lágmarkstrygginguna samkvæmt Evrópureglum. Það finnst mér ekki ganga upp. Ég hef sagt það við þingmenn að það séu slíkt reginmistök af okkar hálfu, að slíkt megi Alþingi ekki láta yfir sig ganga. Mér finnst að Evrópuþjóðir, að minnsta kosti aðrir en Hollendingar og Bretar, geti ekki stutt að við séum þvinguð til að axla meiri ábyrgð en sem nemur lágmarksábyrgð samkvæmt Evrópureglum. Ég bara trúir því ekki fyrr en ég tek á að íslenskir ráðamenn séu tilbúnir að taka því. Ég held hreint út sagt að menn hafi ekki áttað sig á þessu. Þarna skiptir engu máli hverjar íslensku reglurnar eru. Mér finnst að það eigi að vera tryggt í samningnum að við greiðum ekki meira en lágmarkið.“

Nógu slæmt er að við kyngjum því að ríkið taki á sig lágmarksábyrgð innstæðutryggingasjóðsins, sem deilt er um hvort stafur sé fyrir í lögum. Ég hefði eins og aðrir viljað sjá úr því skorið fyrir evrópskum dómstólum, en það er ekki inni í myndinni og þá verður maður að sætta sig við það. En mér finnst ekki koma til mála að við tökum á okkur meiri skuldbindingar vegna ákvörðunar Breta og Hollendinga um að greiða umfram skyldu í sínu heimalandi.“

RAGNAR Hall hæstaréttarlögmaður gagnrýnir harðlega að túl eigi úthlutunarreglur úr þrotabú Landsbankans þannig að greiðsl lágmarkstryggingu íslenska tryggingasjóðsins verði hliðsett því se



Ragnar Hall

Hollendingar Bretar greiða umfram hann „Þetta tel ég rangt. Íslenski tryggingasjóinn borgar fy 20 þúsund evrurnar og það ir að ábyrgð Breta og Hollinga verður e

virkt nema að innstæðan sé hærri því nemur. Ef það sem við borgum dekkar ekki kröfuna, þá bæta Br og Hollendingar við á eftir. Þetta því ekki hliðsettar kröfur. En þá gengið út frá því í samningsgerð að þegar Bretar og Hollendingar úthlutað úr þrotabúinu, þá fái þeir jafnmikið og greitt er til íslenska sjóðsins. Það fær með engu móti staðist.“

Opinbera á samninginn

Ragnar Hall, sem sérhæfir sig viðskiptarétti, skipta- og gjaldþrætti, skýrir mál sitt: „Ef innstæð eigandinn á aðeins 15 þúsund evr inni á reikningi í Icesave, þá borg íslenski tryggingasjóðurinn það, Bretar og Hollendingar ekki neit. Það er vegna þess að ábyrgð þeir kemur á eftir okkar ábyrgð.“

Síðan virðist samninganeftindin hafa gengið út frá því að þegar íslenski sjóðurinn sé búinn að borg sínar 20 þúsund evrur, þá séu kröfuhafarnir orðnir tveir í stað eins. Ef það er hugsanavilla, því auðvitað bara einn innstæðueigandi og það hann sem á kröfu í búið. Þetta er krafa, alveg sama hvað hún er bú marga hluta. Þeir sem eignast hl kröfunni fá framseldan hluta af þari einu kröfu. Ef úthlutun úr búi Landsbankans er bara 15 þúsund evrur, þá ber að borga þeim kröfu hafa sem fyrstur stóð í ábyrgð. Þer ein krafa og það á að reikna ha einu lagi.“

– Og við eigum að endurgreiða Bretum og Hollendingum?

r telja Íslendinga gera „reginmistök“ með
kstryggingu samkvæmt Evrópureglum

Fær með engu móti staðist

RAGNAR Hall hæstaréttarlög-
maður gagnrýnir harðlega að túlka
eigi úthlutunarreglur úr þrotabúi
Landsbankans þannig að greiðsla á
lágmarkstryggingu íslenska trygg-
ingasjóðsins verði hliðsett því sem

Hollendingar eða
Bretar greiða
umfram hana.
„Petta tel ég að sé
rangt. Íslenski
tryggingasjóður-
inn borgar fyrstu
20 þúsund evr-
urnar og það þýð-
ir að ábyrgð
Breta og Hollend-
inga verður ekki

virk nema að innstæðan sé hærri en
því nemur. Ef það sem við borgum
dekkar ekki kröfuna, þá bæta Bretar
og Hollendingar við á eftir. Petta eru
því ekki hliðsettar kröfur. En það er
gengið út frá því í samningsgerðinni
að þegar Bretar og Hollendingar fá
úthlutað úr þrotabúinu, þá fái þeir
jafnmikið og greitt er til íslenska
sjóðsins. Það fær með engu móti
staðist.“

Opinbera á samninginn

Ragnar Hall, sem sérhæfir sig í
viðskiptarétti, skipta- og gjaldþrota-
rétti, skýrir mál sitt: „Ef innstæðu-
eigandinn á aðeins 15 þúsund evrur
inni á reikningi í Icesave, þá borgar
íslenski tryggingasjóðurinn það, en
Bretar og Hollendingar ekki neitt.
Það er vegna þess að ábyrgð þeirra
kemur á eftir okkar ábyrgð.“

Síðan virðist samninganefndin
hafa gengið út frá því að þegar ís-
lenski sjóðurinn sé búinn að borga
sínar 20 þúsund evrur, þá séu kröfu-
hafarnir orðnir tveir í stað eins. En
það er hugsanavilla, því auðvitað er
bara einn innstæðueigandi og það er
hann sem á kröfu í búð. Petta er ein
krafa, alveg sama hvað hún er bútuð í
marga hluta. Þeir sem eignast hlut í
kröfunni fá framseldan hluta af þess-
ari einu kröfu. Ef úthlutun úr búi
Landsbankans er bara 15 þúsund
evrur, þá ber að borga þeim kröfu-
hafa sem fyrstur stóð í ábyrgð. Petta
er ein krafa og það á að reikna hana í
einu lagi.“

– Og við eigum að endurgreiða
Bretum og Hollendingum?

„Petta er útfært með mismunandi
hætti í þessum lánasamningum. Það
er útlitað í samningnum við Hollend-
inga að ef svo færi að þrotabúi Lands-
bankans myndi úthluta hlutfallslega
meiru til íslenska innstæðutrygg-
ingasjóðsins heldur en þess hollen-
ska, þá á íslenski sjóðurinn að fara til
Hollendinga og skila því sem fékkst.
Hvað varðar samninginn við Breta,
þá hefur uppgjörssamningurinn ekki
allur verið birtur, en mér skilst hann
sé á sömu lund. Eg spurði þegar ég
kom fyrir þingnefndina og mér var
sagt að sá samningur væri bundinn
trúnaðarskyldu. En það fóru ein-
hverjir þingmenn fram á það að hann
væri birtur.“

– Hvað finnst þér um að hann sé
ekki gerður opinber?

„Ég skil það ekki! Ef Ísland tekur
á sig skuldbindingu sem nemur mörg
hundruð milljörðum, þá finnst mér
ótækt að ekki séu öll gögn birt um
þann samning. Það er fátænlegt að
menn eigi að geta tekið þátt í opin-
berri umræðu um skuldbindingu af
þessu tagi án þess að fá öll gögnin.
Því er lýst í frumvarpinu hvað felst í
samningnum, en mér finnst maður
eigi að geta lesið það sjálfur.“

– Hvað um gagnrýni fjármála-
ráðherra?

„Ég veit ekki hvort á að taka því
sem gagnrýni. Hann svarar því al-
mennt, að hann telji að ég hafi ekki
tekið nægilegt tillit til breytinga sem
verði með neyðarlögunum. Ég tel það
rangt. Ég veit alveg hvað felst í neyð-
arlögunum og tel þetta snúist ekki
um efni þeirra. Það er rétt að þar er
kveðið á um forgangskröfur, en neyð-
arlögin snúast ekki um hvernig á að
fara með úthlutun úr þrotabúi Lands-
bankans upp í kröfurnar. Þar eru
menn að gera vitleysu. Ég tel að það
sé röng lagatúlkun sem leiðir til þess
að samningurinn verður óhagstæðari
okkur en ætti að vera. Við viðurkenn-
um skuldbindinguna upp á 20.887
evrur í samningunum við Breta og
Hollendinga, þrátt fyrir að deilt sé
um það hvort okkur beri að borga
nokkuð. En ég fjalla ekki um það,
heldur aðeins hvað við fáum til baka
út úr þrotabúi Landsbankans þegar
úthlutað er upp í forgangskröfurnar.
Og það er ekki efni neyðarlaganna –
það er alrangt.“

Samningar breyta ekki stöðu

● Indriði H. Þorláksson segir að kröfur öð innlánstryggingasjóða ráðist af lögum en ekki Icesave-samningunum ● Finnst vanta rökstuðning með harðri gagnrýni Eiríks Tómassonar og Ragnars H. Hall



Eftir Rinar Pálmarsson
rinnarp@mbi.is

ICESAVE-samningarnir breyta í engu stöðu íslenska innlánstryggingasjóðsins gegnvarðbreska sjóðnum eða hollenska sedlabankanum, að sögn Indriða H. Þorlákssonar, aðstoðarmanns fjármálaráðherra en hann var í samningameðli Íslands í Icesave-málinu. Staða

kröfnahafta ráðist af lögum og ákvræðum laga sé ekki breytt með samningum. Í Morgunblaðinu í gær gagnrýna Ragnar H. Hall og Eiríkur Tómasson Icesave-samningana harðlega og mæla gegn því að Alþingi samþykki hann.

Indriði sagði að vel kunnir að vera að Breitar og Hollendingar séu jafnsettir varðandi kröfur í Þrotabú Landspbanka og íslenski tryggingasjóðurinn sem ábyrgist aðeins lágmarksmi-stæðutryggingu, þ.e. 20.887 evrur. „Það er ekki strakt orð í samningunum og samningarnir hafa engin áhrif á það. Sé það svo að þeir séu jafnsettir, sem vel má vera, er það ekki vegna samninganna heldur samkvæmt gjaldprotaskiptalögum. Enda breyta menn ekki lögum með svona samningsákvæðum,“ sagði Indriði. Allan rökstudding og tilvísanir í lög og greinar samninganna vantaði hjá þeim Eiríki og Ragnari sem væri sérlega þagalegt þar sem

fullyrðingar þeirra væru akvarlegar.

Indriði sagði að í samningnum væri svokallað jafnéttsákvæði sem fjalli eingöngu um að ef íslenski tryggingasjóðurinn ákveði að greiða innlánstæðueigendum hærri fjárhæð en 20.887 evrur þá skyldi það ganga jafnt yfir alla. „Það hefur ekkert að gera með ákvarðanir Hollendinga eða Breita um að greiða hærri fjárhæð hjá sér. Þannig að mér er algjörlega óskiljanlegt hvernig þeir komast að þessari niðurstöðu.“

„Þarft ymi að ætlast til þess“

Hvort íslenski tryggingasjóðurinn myndi standa þreska tryggingasjóðnum og hollenska sedlabankanum framur í kröfnróðinni, enda greiðir íslenski sjóðurinn aðeins lágmarkstrygginguna, sagðist Indriði ekki geta sagt um það. „Það væri hið besta mál ef svo væri, en samningurinn breytir engu.“

Indriði var spurður hvort ekki hefði mátt senja um að egnar bústus myndu fyrst ganga upp í lágmarkstrygginguna sem íslenski sjóðurinn ber ábyrgð á. Indriði sagði að í sjálft sé væri lánaasamningarnir og kröfturnar á þrotabútt óskilyld mál. „Ég set allavega spurningamerki við það að Breitar eða Hollendingar eða hvaða aðili sem er hefði verið tilbúinn að afsala sér hagsmunum eða rétti í gegnum svona samning, hafi þeir átt hann fyrir. Ég held að það sé dálítið mikil hjartsvýni að ætlast til þess.“

Uppgjörssamkomulag milli íslenska innlánstryggingasjóðsins og þess þreska hefur ekki verið gert opinbert. Indriði sagði að efnislega væri samkomulagið nákvæmlega það sama og væri í samningnum við Hollendinga og er birt í frumvarpi um ríkisábyrgð á Icesave-greiðslum. Þingmenn hefðu haft aðgang að þreska samkomulaginu og verið væri að reyna að fá takmörkunum á dreifingu aflið.

Ætti að vera lítið mál fyrir Alþingi að setja fyrirvara

Eiríkur Tómasson, prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands, segir það koma sér mjög á óvart að Indriði H. Þorláksson skuli halda því fram að Icesave-samningarnir hafi engin áhrif á hvernig fjármunum verði úthlutað úr þrotabú Landspbankans. Eiríkur bendir á að í samningnum við hollenska ríkið sé að finna ákvæði um að hin íslenski tryggingasjóður og hollenski sedlabankinn séu jafnsettir gagnvart kröfum í þrotabú Landspbankans. Með réttu ættu kröfur íslenska sjóðsins að ganga fyrir þegar að úthlutan kemur enda sé honum ætíð að tryggja hverjum innlánstæðueigenda greiðslu á tífteklinni fjárhæð samkvæmt reglum ESB meðan hollenski sedlabankinn og um leið þreski tryggingasjóðurinn hafi bætt eiginðunum fjórum umfram þá tryggingu.



Eiríkur Tómasson

Orðalagið í samningnum sé reyndar fjöldi og tyrfið en sé það rétt sem Indriði haldi fram, að ekkert sé í samningnum um að hollenski sedlabankinn og þreski tryggingasjóðurinn, samkvæmt þreska samningnum, sé jafnsettur íslenska sjóðnum, þá sé lítið mál fyrir Alþingi að gera fyrirvara við ríkisábyrgðina þessa efnis.

Í grein 3.1.2 í samkomulaginu við Hollendinga segir m.a. að „ef annaðvirt Tryggingarsjóður innstæðueigenda eða Sedlabanki

Hollands endurheimtir, hver sem ástæðan kann að vera (þ.m.t., án takmarkana, ef Tryggingarsjóði innstæðueigenda er veitt hvers konar forgangsstaða samkvæmt íslenskum lögum), í kjölfar framsals á hluta tíftekinnar kröfu til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda, hærri hlutfall vegna þeirrar kröfu en hinn aðilinn skal Tryggingarsjóður innstæðueigenda eða Sedlabanki Hollands (eftir því sem við á) greiða Sedlabanka Hollands eða Tryggingarsjóði innstæðueigenda, eftir því sem við á, jöfnunargreiðslur eins fljótt og því verður við komið og eftir því sem þörf er á til að tryggja að hvor aðili um sig, Tryggingarsjóður innstæðueigenda og Sedlabanki Hollands, endurheimti sama hlutfall vegna þessarar kröfu og hinn aðilinn“.

Ábyrgð umfram skyldur

Eiríkur segir að ekki verði þetta séð en að með þessum ákvæðum séu Hollendingar að tryggja að sedlabanki þeirra verði jafnsettur íslenska sjóðnum þegar úthlutað verður úr þrotabú Landspbankans þannig að í reynd sé íslenska ríkið með þessu að taka á sig ábyrgð umfram þá reglur ESB gæri ráð fyrir samkvæmt þeim skilningi sem Breitar og Hollendingar hafi viljað leggja til grundvallar við samningsgerðina. Samsvarandi ákvæði sé ekki að finna í samkomulaginu við Breita, heldur sé þar í grein 3.1. vísad til sérstaks uppgjörssamnings sem ekki hefur verið birtur opinberlega.

Deilt um lögræðilega túlkun á forgangskröfum íslenska tryggingasjóðsins og erlendra vegna Icesave

Á íslenski sjóðurinn forgang?

Eftir Sigrúnu Rosu Björnsdóttur
sigrunrosa@mbi.is

„Ég tel að þessi regla um einhvers konar aukinn forgang eigi ekki við að íslenskum réttu og engar þær rök- sendir sem Ragnar hafi fært hér fram breyt þvi,“ segir Ástráður Haraldsson hæstaréttarlagmaður.

Hér vísar Ástráður til greinar sem birtist í Morgunblaðinu í gær, þar sem Ragnar Halldór Hall hæstaréttarlögmaður gagnrýndi að ekki sé gert ráð fyrir að íslenski tryggingasjóðurinn eigi forgang umfram erlenda tryggingasjóði í samningum um Icesave. Gert sé ráð fyrir að allir sjóðurnir fái greitt hlutfallslega jafnt úr þvi Landsbankans þó íslenski sjóðurinn greiði alltaf fyrstu 20.887 evrunnar sem er lagmarkið samkvæmt Evróputilskipun um innstæðutryggingar.

S&S

Hvað er forgangskrafa?

Með forgangskröfu er átt við þær kröfur sem ganga framur almennum kröfum. T.d. í þvi sem verið er að gera upp vegna þess að þvi er slitið eða það er gladd- þrota.

Samkvæmt íslenskum rétti flokkast laun og lífeyrissjóðs- greiðslur til forgangskrafa. Inni- stæður voru gerðar forgangs- kröfur með gliddistöku neyðarlaga.

Þvi telur Ragnar að það skipi máli hvort hver innstæða yrdi gerð upp sem ein sjálfstæð krafa við upp- gjör bankans eða hvort henni yrði



Ástráður Haraldsson



Ragnar Halldór Hall

skipt upp í fleiri kröfur, þegar tryggingasjóðir Breta og Hollendinga leysa til sín hluta hennar. Mannurinn á því hvor aðferðin sé notuð geti nummið 100-250 milljörðum króna.

Meginregla í kröfurétti

Máli sínu til stuðnings vísar Ragnar til þeirrar meginreglu í kröfurétti, sem sett er fram í Kröfurétti II, riti Þorgeirs Örlygssonar, um að

við framsal kröfu fái nýi kröfuhafinn sama rétt og sá fyrir.

„Ég skil ekki þessa vísan Ragnars til reglunnar sem hann hefur eftir Þorgeiri Örlygssyni eins og hann gerir,“ segir Ástráður. „Ég skil hana þvert á móti þannig að sá sem eignast kröfu, á grundvelli þess að hann hafi leyst hana til sín á grundvelli t.d. kröfukappa, eignast sama rétt og sá hafði sem hann leysti hana til sín frá. Hvorki meiri né minni rétt.“

Til þess að það breyttist þvfti að breyta lögum til samræmis.

Reglur Evrópuéttar fjalla ekki um aukinn forgang

Þá segir Ástráður að þó að slík regla um forgang kunnist að gilda í öðrum löndum hafi það ekki þýðingu í þessu sambandi. Reglur Evrópu- réttarins hvorki heimli né þanni aukinn forgang, þær fjalli einfald-

lega ekki um það.

Er Ástráður þar að vísa til þess að í grein sinni bendir Ragnar á, að í II. gr. Evróputilskipunar um inn- stæðutryggingar sé tryggingasjóði sem greiði innstæðueiganda bætur, heimilt að taka yfir þá kröfu og reyna að innheimta jafnvirði hennar. Þar er hins vegar hvorki komið inn á rök kröfuhafa né hvort einhver hópur kröfuhafa eigi forgang umfram aðra.

Erlendur samamburður

Ragnar vísar síðan í lög um inn- stæðutryggingasjóði í Danmörku og réttarsjóðu launþega sem fá úthlutað úr nokkurs konar ábyrgðarsjóði launa í Írlandi.

Segir Ástráður að röksemdir um það hverjig þessu sé komið fyrir samkvæmt lögum Íra, hafi ekki þýðingu fyrir þá niðurstöðu.

Óásættanleg niðurstaða

UMRÆÐAN

Eiríkur Tómasson svarar grein Ásu Ólafsdóttur og Ástráðs Haraldssonar.

Rök mín fyrir þeirri afstöðu að við úthlutun úr þrotabúi Landsbankans upp í kröfur innstæðueigenda skuli Tryggingarsjóður innstæðueigenda njóta forgangs umfram aðra eru í stuttu máli þessi:

Krafa hvers innstæðueiganda á hendur þrotabúi Landsbankans er ein krafa, eins og hún horfir við búinu. Þótt annar aðili en upphaflegur innstæðueigandi komi í hans stað, að hluta, er krafan á hendur búinu eftir sem áður ein. Rangt er því að tala um tvær kröfur sem séu jafnrétttháar gagnvart búinu.

Við gerð Icesave-samninganna var á því byggt að íslenska ríkinu bæri að ábyrgjast að hverjum innstæðueiganda hjá Landsbankanum yrði greiddar allt að 20.887 evrum. Samkvæmt viðeigandi tilskipun Evrópusambandsins skyldu samanlagðar innstæður hvers innstæðueiganda „be covered up to ECU [20.887] in the event of deposits' being unavailable“.

Þegar kveðið er á um að aðili skuli ábyrgjast greiðslu á allt að tiltekinni upphæð finnst mér rökrétt að sá aðili, sem gengist hefur í slíka ábyrgð, skuli ganga fyrir við úthlutun upp í hina upp-



EIRÍKUR
TÓMASSON

haflegu kröfu. Þetta verður best skýrt með dæmi. Segjum svo að greiðsluskylda ábyrgðaraðilans stofnist fyrst eftir að úthlutað hefur verið úr þrotabúinu til upphaflega kröfueigandans. Þá myndi enginn efast um það að eigandinn ætti því aðeins rétt á greiðslu úr hendi ábyrgðaraðilans að hann hefði fengið lægri fjárhæð úthlutað en næmi ábyrgðarskuldbindingunni. Með öðrum orðum tel ég að þeir innstæðueigendur Landsbankans, sem hefðu fengið úthlutað 20.887 evrum eða meira úr þrotabúi bankans, ættu enga lögvarða kröfu á hendur íslenska tryggingarsjóðnum á grundvelli fyrrgreindrar tilskipunar ESB. Það að tryggingarsjóðurinn innir af hendi greiðslu til innstæðueigendanna áður en úthlutað verður úr þrotabúi bankans á ekki að breyta þessari niðurstöðu.

Þar með liggur það ljóst fyrir að verði krafa hins íslenska tryggingarsjóðs hliðsett kröfum breska tryggingarsjóðsins, hollenska seðlabankans og hinna upphaflegu innstæðueigenda við úthlutun úr þrotabúi Landsbankans er íslenska ríkið og þar með íslenskir skattgreiðendur að taka á sig meiri skuldbindingar en samkvæmt viðeigandi tilskipun ESB. Sú niðurstaða er að mínum dómi með öllu óásættanleg.

Höfundur er prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands. Lengri útgáfa birtist á vísir.is.

irsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is
arkadurinn.is HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is og Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is
henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

22.7.09

Óásættanleg niðurstaða

Eftir Eirík Tómasson

Í GREIN þeirra Ásu Ólafsdóttur og Ástráðs Haraldssonar, sem birtist í blaðinu í gær, er því haldið fram að takmarkaður rökstuðningur hafi fylgt því álitu okkar Ragnars H. Hall hæstaréttarlögmans að við úthlutun úr þrotabúi Landsbankans upp í kröfur innstæðueigenda skuli Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta njóta forgangs á innstæðueigendurna sjálfa og þar með einnig hinn breska tryggingarsjóð og hollenska seðlabankann. Hér á eftir fylgja í stuttu máli rök mín fyrir þessu álitu.

Í upphafi er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að krafa hvers innstæðueiganda á hendur þrotabúi Landsbankans er ein krafa, eins og hún horfir við búinu. Þegar annar aðili en upphaflegur innstæðueigandi kemur í hans stað, hvort sem er að öllu leyti eða hluta, öðlast hann sama rétt og upphaflegi eigandinn gagnvart búinu. Komi þessi aðili einungis að hluta í stað upphaflega innstæðueigandans er krafa á hendur búinu eftir sem áður ein, enda þótt kröfuhafarnir séu orðnir fleiri. Rangt er að tala um tvær kröfur í þessu sambandi, sem séu jafnréttáar gagnvart búinu, heldur ræðst það af réttarsambandinu milli þessara tveggja aðila hvort þeir eiga að vera jafnsettir við úthlutun úr því.

Við gerð Icesave-samninganna svonefndu var á því byggt, þvert



Eiríkur Tómasson

gegn lögfræðialiti þeirra Stefáns Más Stefánssonar prófessors og Lárusar Blöndal hæstaréttarlögmans að íslenska ríkinu bæri að ábyrgjast að hverjum innstæðueiganda hjá Landsbankanum yrði greidd fjárhæð sem næmi allt að 20.887 evrum. Samkvæmt viðeigandi tilskipun Evrópusambandsins

skyldu samanlagðar innstæður hvers innstæðueiganda „be covered up to ECU [20.887] in the event of deposits' being unavailable“. Samkvæmt þeim skilningi, sem liggur til grundvallar Icesave-samningunum, er ábyrgð íslenska ríkisins ein-skorðuð við þetta.

Þegar kveðið er á um það að aðili skuli ábyrgjast greiðslu á allt að tiltekinni upphæð í því tilviki að tilgjaldþrots komi hjá þeim, sem standa á skil á fjárskuldbindingunni, þá finnst mér það rökrétt að sá aðili, sem gengist hefur í slíka ábyrgð, skuli ganga fyrir við úthlutun upp í hina upphaflegu kröfu. Af því leiðir að upphaflegi kröfueigandinn skuli því aðeins fá greitt upp í sinn hlut af kröfunni að ábyrgðaraðilinn hafi fengið sinn hluta hennar greiddan að fullu.

Þetta verður best skýrt með dæmi. Segjum svo að greiðsluskylda ábyrgðaraðilans stofnist fyrst eftir að úthlutað hefur verið úr þrotabúinu til upphaflega kröfueigandans. Þá hygg ég að enginn myndi velkjast í vafa um það að eigandinn ætti því aðeins rétt á greiðslu úr hendi ábyrgðaraðilans

» Verði krafa hins íslenska tryggingarsjóðs hliðsett kröfum breska tryggingarsjóðsins, hollenska seðlabankans og hinna upphaflegu innstæðu eigenda ... eru íslenskir skattgreiðendur að taka á sig meiri fjárhagslegar skuldbindingar en gert er ráð fyrir ...

að hann hefði fengið lægri fjárhæð úthlutað en næmi ábyrgðarskuldbindingunni. Með öðrum orðum þá tel ég að þeir innstæðueigendur Landsbankans, sem hefðu fengið úthlutað jafnvirði 20.887 evra eða meira úr þrotabúi bankans, ættu enga lögvarða kröfu á hendur íslenska tryggingarsjóðnum eða íslenska ríkinu á grundvelli fyrrgreindrar tilskipunar Evrópusambandsins, jafnvel þótt skilningur breskra og hollenskra stjórnvalda á henni yrði lagður til grundvallar. Sú staðreynd ein, að hinn íslenski tryggingarsjóður mun inna af hendi greiðslu til innstæðueigendanna áður en úthlutað verður úr þrotabúi bankans, á að sjálf-sögðu ekki að breyta þessari niðurstöðu.

Áþekkt álitaeftir hefur risið við úthlutun úr þrotabúinu til Ábyrgðarsjóðs launa. Eftir því sem mér er tjáð hefur tilhögun á þeirri úthlutun verið mismunandi og eins og fram kemur í grein þeirra Ásu og Ástráðs virðist ekki hafa verið leyst úr því álitaeftir fyrir héraendum dómstólum.

Eins og að framan greinir liggur ljóst fyrir, án tillits til íslenskrar lagaframkvæmdar, að verði krafa hins íslenska tryggingarsjóðs hliðsett kröfum breska tryggingarsjóðsins, hollenska seðlabankans og hinna upphaflegu innstæðueigenda við úthlutun úr þrotabúi Landsbankans er íslenska ríkið og þar með íslenskir skattgreiðendur að taka á sig meiri fjárhagslegar skuldbindingar en gert er ráð fyrir í viðeigandi tilskipun Evrópusambandsins, jafnvel þótt skilningur viðsejenda okkar sé lagður til grundvallar. Sú niðurstaða er að mínun dómi með öllu óásættanleg.

Höfundur er prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands.

Þessi kreppa

Frá Stefaníu Veigu Sigurjónsdóttur

ÞESSI kreppa segja menn, þess kreppa segi ég. Ég er 10 að ver ára stelpa. Stefánía heiti ég og til að segja mínar skoðanir óhra og það ætla ég að gera. Hann frá minn horfir á fréttir á Stöð 2 og hann les Morgunblaðið og stund Fréttablaðið og talar um þetta mig og mömmu en við nenum ekki að hlusta því okkur finnst heyrna nóg af þessu, nóg af þess meina ég frá ríkisstjórninni og Geir og öllu þessu fólki.

Hér vil ég segja stopp, hinga ekki lengra. Þetta er okkar lan ég orðin stórskuldu, en ég spyr hef ég gert? Hvernig dettur fól hug að setja skuldarnar á okku lausa krakka sem ekkert hafa g sér? Sama með ykkur fullorðna id, hvernig er það hægt að nokk ósanngjarnir menn vaði yfir ok skítugum skónum?

Hér er komið nóg, það megi bóka.

Einu sinni spurði ég mömmu hvað Hitler hefði gert og hún s Hann drap guðstríað fólk, en bara pínulítil og spurði: Var þa

Er hægt að leigubílstj

Frá Ragnhildi Steínu Aradóttur

SEINT að kvöldi 25. júní panta leigubíl fyrir dóttur mína sem fara í flug til Kaupmannahafna snemma morguninn eftir. Hún ekki íslensku, er fædd og uppal þjóð og þekkir ekki til á hófuðb arsvæðinu, hún er sem sagt ver ur ferðamaður/túristi á Íslandi.

Bíllinn kom á tilsettum tíma, 04.45, 26. júní. Ég fór út og tala bílstjóran, sagði honum að stú væri að fara í veg fyrir flugrútu Keflavíkur og ætti að skilja har á stoppistöðinni við AktuTaktu Garðabænum. Svo fór ég aftur Þegar ég vaknaði hafði ég feng frá stúlkunni þar sem stóð að h hefði verið skilin eftir vitlausun við Hafnarfjarðarveginn. Hún þá ekki fyrr en of seint og þá v til að það stóð leigubíll, frá Hre þarna hjá sem hún tók út á flug fyrir það borgaði hún 8.000 kr., voru allir peningar sem hún ha sér. Flugrútan kostar 1.700 kr. talsverður munur er á verðinu, var þegar búin að borga 2.000 l leigubíl til að komast í veg fyrir una.

Tímabær opnun Dyrhólaeyjar

Eftir Njörd Helgason

ÉG SÁ fyrir skömmu þá ánægjulegu frétt að búin væri að opna Dyrhólaey fyrir aðgangi fólks. Þetta er gert rúmri viku áður en opnun svæðisins átti að verða samkvæmt venju undanfarinna ára og lögum um friðun svæðisins



Njördur Helgason

gefnasta svæðið í Mýrdalnum hefur sokkið í breiðu sinnar. Togstreitan um eyna hefur orðið til þess að þar er ekkert gert til að bæta möguleika fólks til að fara um gangandi. Hægt væri að gera gönguleiðir eins og var búin að gera tillögu um, sem mundu gera allt aðgengi um hana alla prýðisgott. Með göngu-

» Dyrhólaey hefur verið lokað yfir varptímamann undanfarin 30

Nánast því ósýnileg

Mismunur og Icesave

Eftir Stefán M. Stefánsson og Lárus L. Blöndal

Í GREINUM sem við undirteigðir höfum ritað um ábyrgð Íslands á innstæðna íslensku bankanna höfum við m.a. komist að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið sé ekki greiðsluskilyrt samkvæmt tilskipunum ESB um innstæðuþyggingar. Þau rök hafa komið fram gegn þessari niðurstöðu okkar að innstæðueigendur í erlendum útbúnum íslenskra banka hafi verið beittar mismunur sem elgi að leiða til greiðsluskilylda. Þetta teljum við ekki rétt og setjum því hér fram nokkur atriði sem felja í sér rökstudding fyrir þeirri niðurstöðu.

Forgangsréttur innstæðueigenda innan „gömlu“ bankanna.


Með 6. gr. laga nr. 125/2008 (neyðarlögin) var kveðið á um að við skipti á þá fjármálafrirtækis skyldu kröfur vegna innstæðna samkvæmt lögum um innstæðuþyggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta njóta rétt hæðar samkvæmt 1. mgr. 112. gr. gjaldþrotalaga.

Þetta þýðir að kröfur innstæðueigenda í fjármálafrirtækjum fá forgang og verða greiddar áður en kemur til greiðslu á kröfum almennra lánaðrotta úr þutum þeirra. Umræddar reglur um forgang hafa almenn tilhlíf þannig að þær gilda jafnt fyrir innstæðueigendur hér á landi og í útbúnum erlendis. Ákvæðið telur því ekki í sér mismunur gegnvarð erlendur innstæðueigendur því að þeir sjá við sama borti og þeir íslensku sé tekið mið af réttarstöðunni innan „gömlu bankanna“.

Fólist mismunurinn um yfirteki banka?

Með 3. mgr. 1. gr. neyðarlögunum var gert ráð fyrir því að ríkið geti stofnað „hlutafélag“ til að taka við rekstri fjármálafrirtækis. Samkvæmt þessari heimild tók íslenska ríkið yfir Glitni banka hf., Kaupbing banka hf. og Landsbanka Íslands hf. að öllu leyti á haustdögum 2008, samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

Með stjórnsýsluákvörðun Fjármálaeftirlitsins var „innlend bankastarfsemi“ tekin út úr gömlu bönkunum og stofnað um þau hlutafélag í opinberri eigu. Þar með fygðu innstæður í bönkum hér á landi hvort sem þær tilheyrtu innlendum eða erlendum aðilum. Hér er um að ræða hlutafélag sem njóta ekki rík-



Stefán M. Stefánsson



Lárus L. Blöndal

greitt fyrir þann hluta, sem tekin var, þannig að nettoandvirði rennur inn í þú gömlu bankanna og kemur þar til úthlutunar með venjulegum hætti.

Geira verður ráð fyrir því að innstæðueigendurinn í „nýju bönkunum“ séu einkum persónur eða fyrirtæki sem eiga heimili og stunda vinnu eða hafa starfsemi hér á landi. Það er forsenda fyrir tilvist hvers hlutvalda ríkis að til seinka bankastofnanir sem eru tengdar ríkinu transum bóttum og hafa það hlutverk að geyma, ávaxta og miðla peningum til verkefna innanlands. Fullvalda ríki verður teppast byggt og rekið á annarri forsendu.

Spyrja má hvort innstæðueigendur íslenskra bankathlúa erlendis hafi með umræddri aðgerð verið beittar mismunur miðað við eigendur innstæðna sömu banka hér á landi.

Þess er þá fyrst að geta að ríki eru sjálfstæðir aðilar bæði að EES- og ESB-rétti og myndna rannar grundvöll eða stöðir samninganna um þau. Þannig er réttur og tilvist þjóðríkja sérstaklega varin í samningunum um ESB og EES-samningurinn telst samningur milli sjálfstæðra ríkja og ESB. Sú grundvallarregla gildir að þær stofnanir sem starfa eftir samningunum um ESB eða EES geta ekki tekið sér neitt vald sem ekki er veitt þeim í samningunum.

Samkvæmt Maastrihtsamningnum þer ESB að virða einkenni og stjórnhætti aðildarríkjanna enda er þar gert ráð fyrir tilvist aðildarríkjanna með margvíslegum hætti. Þessi sjónarmið eiga auðvitað einn frekar við um EFTA/EES-ríki sem hafa ekkert tekið þátt í þeim samruna sem ESB stefnir að. Af því leiðir svo aftur að heimilt er og lögmætt að taka

lega hagsmunir eins aðildarríkis án þess að taka tillit til efnahags annars aðildarríkis þar sem slík sjónarmið eiga ekki við að sama skipi. Það er því ljóst að hvert ríki hefur viðtækan rétt til að venja tilveruett sinn hvort sem miðað er við samningana um ESB eða EES.

Niðurstöðan af þessum hugleiðingum er sú að fyrirgreindar aðgerðir stjórnsýslu voru taldar nauðsynlegar til að venja og viðhalda bankakerfi innanlands. Slíkt hefði ekki verið unnt að gera með því að tryggja innstæðueigendurinn í erlendum útbúnum sömu meðferð. Þeir sem þar áttu innstæður eru ekki í neinum sambærilegum hagsmunatengslum við Ísland og þeir sem eiga innstæður hér á landi. Verulegar líkur eru á því að innstæðueigendur erlendis hefðu einfaldlega tekið út allar innstæður sínar ef reglurnar hefðu verið látnar ná til þeirra og þar með gert innlenda banka-starfsemi að engu. Auðvitað er ekki hægt að eðlast til þess að eigendur innstæðna erlendis hefðu leyrt út íslenskar krónur og notað hér á landi með sama hætti og þeir sem áttu innstæður hérlandis.

Megnartríðið er að innstæðueigendur útlönda, t.d. í Bretlandi og Hollandi, eru ekki tengdir íslenskum hagsmunum með sama hætti og menn og fyrirtæki með heimili hér á landi. t.d. með hlífðunni af fjárfestingum, félagslegri aðsóð, sköttum og fleiri atriðum. Af þessu má ræða að innstæðueigendur í erlendum útbúnum íslenskra banka voru í annarri stöðu heldur en þeir sem áttu innstæður í sömu bönkum hér á landi. Réttarstaða þeirra var með öðrum orðum ekki sambærileg. Af því leiðir að ekki var um mismunur að ræða við fyrirgreinda aðgerð.

Þessu til viðbótar er rétt að koma því á framfæri að það er vel þekkt í Evrópuþreiti að ráðstafanir sem kanna að felja í sér mismunur en eru engu að síður óhákvæmlig vegna ljúðfélagsþarfa í almennþægu fá staðist. Má nefna margar dóna dómstófs ESB því til sönnunar. Enginn vafi er á því að verið talið að efnahagslegt hrún hafi blásið við hér á landi nægri það til að réttlæta frávik frá umræddri meginreglu.

Skiðlyðin fyrir frávikunum eru þó ávallt þau að gæti sé meðalhófs. Er erfitt að sjá að vægari kostur hafi verið í stöðunni. Þess ber einnig að gæta að samkvæmt dómforðæmum dómstófs EB hafa aðildarríkin sjálf talsvert mat

... þau sjónarmið, sem fram hafa komið, um að „mismunur“ íslenskra stjórnsýslu gagnvart eigendum innstæðna í útbúnum íslensku bankanna erlendis hafi skapað greiðsluskilylda, fá ekki staðist.

Verið fullnæggt enda teppast á færri dómstófs að meta aðgerðir til að koma í veg fyrir efnahagshrún hellar þjóðar.

Yfirlýsing stjórnsýslu um ábyrgð ríkisins á greiðslu til innstæðueigenda

Forseti ríðherra gaf þá yfirlýsingu seint á síðastliðnu ári að íslenska ríkið myndi tryggja innlansvegum hér á landi fjárhæðir þeirra á innstæðueinkningum. Yfirlýsingin mun hafa verið sett fram umframt skyldur íslenskra ríkisins og vrentanlega í þeim tilgangi að tryggja að unnt væri að starfræka innlenda innlansstarfsemi í Framföðmni, reyna að viðhalda sparnaðarvilja almennings, tryggja efnahagslegan stöðugleika og koma í veg fyrir efnahagslegt hrún.

Þrátt fyrir þetta er hér aðalatriðið að yfirlýsing ríðherra af þessu tagi er óskuldbindandi því henni var aldrei fylgt eftir með löngum (hún kreist samþykktis í fjárlögum, fjárfundalögum eða venjulegum lögum), né kom hún til framkvæmda á einn eða neim hátt. Þvert á móti verða innstæðueigendur í „nýju bönkunum“ að setta sig við að bankkerfi eru rekin í forni hlutafélaga og ábyrgðin í aðalatriðum takmarkað við gjaldþö þeirra félaga. Af þessum sökum fellur umrædd yfirlýsing stjórnsýslu hvernig undir 4. gr. EES-samningssins né önnur ákvæði hans um fjórfélislið. Í fyrri skrifum okkar höfum við einnig talið að yfirlýsingar af þessu tagi felldu ekki undir ghlissvið neifdrar 4. gr. Verður sú umræða ekki endurtekin.

Niunstaða

Af framangreindu má vera ljóst að þau sjónarmið, sem fram hafa komið, um að „mismunur“ íslenskra stjórnsýslu gagnvart eigendum innstæðna í útbúnum íslensku bankanna erlendis hafi skapað greiðsluskilylda, fá ekki staðist. Gildir þetta hvort sem horft er til neyðarlögunna, stjórnsýsluákvæðna í tengslum við endurreisn bankakerfisins eða yfirlýsingar ráðherra um ríkisábyrgð á innstæðum.

Icesave-samningarnir

Eftir Lárus L. Blöndal og Stefán M. Stefánsson

Í UMRÆÐUNNI undanfarnar vikur hefur athygli manna beinst að lánasamningunum sem liggja fyrir Alþingi. Stefnt er að því að Alþingi taki fljótlega endanlega afstöðu til samninganna. Því eru hér dregnar fram nokkrar stað-



Lárus L. Blöndal



Stefán M. Stefánsson

reynindir og sjónarmið sem máli skipta um leið og við vitnum til fyrri skrifa.

Við teljum nauðsynlegt að greina lögfræðilega stöðu Íslands áður en gengið er frá samningunum af hálfu íslenska ríkisins. Jafnvel þótt sú afstaða sé tekin að ganga til samninga um að greiða, þá hefur það augljóslega úrslitaáhrif á samningsstöðu okkar hvort íslenska ríkið telur sig vera að taka á sig ábyrgð umfram skyldu eða ekki. Því verður þessi lögfræðilegi grundvöllur ávallt að vera í forgrunni í umræðunni. Jafnframt verður að gæta þess að samningsniðurstaðan sé hófleg og sanngjörn miðað við þennan grundvöll.

Engin ríkisábyrgð

Afstaða okkar í Icesave-málunum er og hefur verið að engin ríkisábyrgð hvíli á innistæðu-tryggingarsjóðnum. Veigalítil lögfræðileg rök hafa komið fram gegn sjónarmiðum okkar. Rökin hafa hins vegar einkum verið af öðrum toga en lögfræðilegum, m.a. af hálfu samninganefndarinnar. Hafi tryggingarkerfinu verið ætlað verja innistæðueigendur gegn öllum mögulegum áföllum, að lágmarki að fjárhæð rúmlega 20.000 evrur, þá er ljóst að kerfið hefur reynst meingallað. Það er að tæpast á ábyrgð Íslands heldur fremur Evrópusambandsins sem samdi reglurnar og setti þær í umferð.

Vinnubrögð Íslands

Það vandamál sem við blasir nú má m.a. rekja til þess að ekki var leitað eftir viðeigandi ráðgjöf, innlendri sem erlendri, áður en yf-

irlýsingar voru gefnar og samningar undirritaðir. Þegar bresk lögfræðistofa sem ráðin var af íslenska ríkinu til ráðgjafar gefur með skýrum hætti til kynna að hún telji að við höfum lögin okkar megin þá virðast ábendingar hennar um frekari skoðun málsins ekki teknar til greina. Hvers vegna var þessa álits og annarra lögfræðilegra álita ekki aflað til stuðnings málstað Íslands?

Að standa við skuldbindingar

Íslandi ber að standa við allar alþjóðlegar skuldbindingar. Í því felst hins vegar ekki að falla frá rétti til að hafa skoðun á því hverjar skuldbindingar Íslands eru, berjast fyrir þeim og að fá ágreining leystan fyrir erlendum úrskurðaraðilum. Samningarnir sem Alþingi fjallar nú um bera þess tæpast merki að lögfræðileg sjónarmið til hagsbóta fyrir Ísland hafi náð fram að ganga. Sú staðreynd bendir til þess að þeim hafi ekki verið nægjanlega haldið fram.

Samningarnir og lágmarkstryggingin

Fyrir liggur að ríkisstjórnin hefur ákveðið að semja umfram skyldu um að Ísland ábyrgist lágmarkstrygginguna svokölluðu, að fjárhæð rúmlega 20.000 evrur fyrir hvern innistæðueiganda sem tryggingarsjóðurinn tryggir.

Í umræðunni hefur komið fram að lánaþyrirgreiðsla frá ýmsum ríkjum og sjóðum fái ekki nema gengið sé frá umræddum samningum á þennan hátt. Hefur þetta verið formlega staðfest og skiptir ekki máli hvers efnis samningarnir eru? Er eðlilegt að þessu skilyrði

sé fullnægt með því að rita samningana nánast á forsendum gagn aðila? Ef einhvers konar óeðlilegri nauðung hefur verið beitt gegn Íslandi skiptir líka máli að opnuð sé leið þannig að Ísland geti sótt rétt sinn í framtíðinni.

Íslenskur gjaldþrotaréttur

Samkvæmt samningunum er niðurstaðan sú að þrátt fyrir að við greiðum innistæðueigendum fyrstu evrurnar, þ.e. rúmlega 20.000 evrur, þá hafa innistæðueigendurnir jafnan rétt á við íslenska tryggingasjóðinn til greiðslna úr þrotabúum bankanna vegna viðbótarinnistæðna sem þeir kunna að hafa átt. Hollenska og breska ríkið munu einnig eiga jafnan rétt við íslenska tryggingasjóðinn vegna þess sem þeir hafa greitt innistæðueigendum umfram greiðslur sjóðsins.

Eins og þeir Hörður Felix Harðarson og Ragnar H. Hall hestaréttarlögmenn og Eiríkur Tómasson prófessor hafa gert grein fyrir m.a. í Morgunblaðinu hinn 20. júlí sl. teljum við þá niðurstöðu samninganefndarinnar í ósamræmi við íslensk gjaldþrotalög sem óumdeilanlega gilda við þessi skipti. Forgangskrafa hvers innistæðueiganda telst ein krafa. Sú staðreynd breytist ekki við innlausn eins eða fleiri aðila og henni eða hlutum hennar fylgja við innlausn réttindi á hendur þrotabúi samkvæmt 115 gr. gjaldþrotalaga. Engin atvik hafa komið fram sem gefa til kynna að um tvær eða fleiri kröfur væri að ræða við innlausn fleiri en eins aðila. Af þessu leiðir að þegar íslenski tryggingasjóðurinn greiðir fyrstu rúmlega 20.000 evrurnar þá öðlast hann jafnframt réttinn til að fá fyrst þá fjárhæð greidda áður en sá eða þeir sem eiga þann hluta kröfunnar sem eftir stendur fá greiðslu til sín.

Í andsvörum fulltrúa samninganefndarinnar hefur sú skoðun annars vegar verið sett fram að greiðslufyrirkomulagið sé í samræmi við íslenskan gjaldþrotarétt og hins vegar að önnur aðferð færi í bága við EES-samninginn. Að því er fyrra atriðið varðar þá fær sú skoðun ekki staðist eins og fyrr

bankans gamla á inn-
að við getum með e
hverjum hætti

» Við teljum nauðsyn- legt að greina lög- fræðilega stöðu Íslands áður en gengið er frá samningunum af hálfu Íslenska ríkisins.

hefur verið rökstutt. Frekar er ástæða til að spyrja hvers vegna samninganefndin hélt ekki þessum reglum gjaldþrotaréttarins til streitu í stað þess að fallast á sjónarmið gagnaðila. Um síðara atriðið er það að segja að skipti í búi Landsbankans (þ.m.t. útibú erlendis) fara fram samkvæmt Íslenskum lögum og er það í samræmi við tilskipun ESB.

Fyrrgreind regla um rétt til greiðslu við úthlutun úr þrotabúi, sem við teljum að gildi hér á landi, tekur með engum hætti mið af þjóðerni kröfuhafa en mismun á grundvelli þjóðernis er bönnuð í EES-rétti. Þar eru allt önnur sjónarmið sem liggja til grundvallar. EES-samningurinn kemur því ekki frekar til álita við úrlausn þessa álitaefnis.

Önnur atriði varðandi samningana

Við teljum að samningarnir séu að öðru leyti gallaðir í mörgum atriðum. Hér skulu nokkur atriði nefnd:

Samningarnir eru nefndir lána-samningar en ekki milliríkjasamningar og fjalla ekki um lausn á deiluefni milli ríkja eins og rétt væri heldur uppgjör á skuldum. Þetta hefur margvísleg áhrif, m.a. að ekkert er fjallað um deiluefnið sjálft á milli viðkomandi ríkja og að verið sé að ná niðurstöðu sem ætlast er til að báðir aðilar geti sætt sig við og eft. Í samningunum er ekkert fjallað um forsendur fyrir uppgjörinu og þá ekki hvaða áhrif breytingar á þessum forsendum hefðu á efndir þeirra. Áberandi er að ákvæði um varnarþing eru algerlega einhliða í þágu gagnaðila. Í grein í Morgunblaðinu gerðum við grein fyrir því að Evrópubandalagið sjálft kynni að vera bótaskýlt vegna óljósrar og ófullkominnar lög-

gjafar um innistæðutryggingar. Samkvæmt samningunum virðist ekkert tillit hafa verið tekið til þessa sjónarmiðs eða haldið opinni leið fyrir Ísland til að láta á slíkt reyna. Ekki er óhugsandi að bresk stjórnvöld kunni að hafa farið of-fari þegar þau beittu hryðjuverkalögum gegn Íslenskum bönkum og valdið þar með tjóni. Eðlilegt hefði verið að þetta álitaefni hefði verið leyst í umræddum samningum. Ekki er gerð nein grein fyrir því hvernig með skuli fara ef neyðarlögin um forgang innistæðueigenda reynast ekki standast Íslenska stjórnarskrá. Í samningunum er aðeins að finna endurskoðunar-ákvæði sem veitir Íslandi engan sjálfstæðan rétt í tilvikum sem þessum. Í samninginn skortir ákvæði sem veitir færi á endurskoðun komist alþjóðlegir dómstólar síðar meir að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið um greiðsluskyldu Íslenska ríkisins að ræða eða að hún hafi verið mun takmarkaðri en samningurinn gerir ráð fyrir. Engin ákvæði eru í samningunum sem tryggja stöðu Íslands ef til þess kæmi að ekki reyndist unnt að standa undir greiðslum samkvæmt samningunum. Samningur sem getur fyrir-sjáanlega leitt til slíkrar niðurstöðu varðar fullveldi þjóðarinnar og vekur stjórnarskrárlegar spurningar.

Þáttur Alþingis

Alþingismenn eiga nú leikinn. Engin ríkisábyrgð er fyrir hendi fyrir en Alþingi hefur samþykkt slíka ábyrgð. Að okkar mati eiga alþingismenn tvo kosti í þessu máli. Ef þeir taka eingöngu mið af lagalegri stöðu okkar þá segja þeir nei við Icesave-samningunum. Ef það er pólitískt mat þeirra að við verðum að semja verður að koma fram skýr rökstuðningur fyrir því og síðan verður að vísa málinu aftur í sammingsferli. Alla vega er ljóst að samningarnir geta ekki staðið eins og þeir eru lagðir fyrir Alþingi.

Lárus er hæstaréttarlögmaður og Stefán er prófessor og höfundur kennslubóka í Evrópu- og gjaldþrotarétti.